

REGLUGERÐ

um vernd skipa og hafnaraðstöðu.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu. Jafnframt að hrinda í framkvæmd samræmdum ráðstöfunum á EES-svæðinu til verndar skipum og hafnaraðstöðu gegn þeirri ógn sem stafar af vísvitandi ólögætum aðgerðum þ.m.t hryðjuverka-starfsemi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alþjóðasjóflutninga og sjóflutninga innanlands. Hún gildir þó ekki um herskip og liðsflutningaskip, flutningaskip undir 500 brúttótonnum, skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, fiskiskip eða skip sem eru ekki notuð í atvinnuskyni.

3. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um siglingavernd nr. 50/2004 með síðari breytingum og VII. kafla laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

4. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu, sem vísað er til í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005, sem birtist í EES-viðauka 32 bls. 19, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 með síðari breytingum og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 25. apríl 2007.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUBINGSINS OG RÁÐSINS (EB) NR. 725/2004**

frá 31. mars 2004

um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUBINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Vísitandi ólögmetar aðgerðir, einkum hryðjuverkastarfsemi, eru ein mesta ógn sem steðjar að hugsjónum lýðræðis og frelsis og þeim friðargildum sem liggja til grundvallar Evrópusambandinu.
- 2) Ávallt skal tryggja vernd sjóflutninga innan Evrópubandalagsins og borgaranna sem nýta sér þá, sem og umhverfisins, gegn þeirri ógn sem stafar af vísitandi ólögmetum aðgerðum, s.s. hryðjuverkum, sjóránum og þess háttar aðgerðum.
- 3) Hugsanlegar afleiðingar ógnar, sem borgurum Sambandsins og umhverfinu stafar af vísitandi ólögmetum aðgerðum í tengslum við vöruflytninga, einkum hættulegra efna, s.s. íðefna og geislavirkra efna, eru mjög alvarlegar.
- 4) Hinn 12. desember 2002 samþykkti ráðstefna stjórnar-erindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) breytingar á alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktinni) og alþjóðakóðanum um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðanum). Þessum gerningum er ætlað að efla vernd skipa sem notuð eru í alþjóðaviðskiptum og tengdrar hafnaraðstöðu. Í þeim er að finna lögboðin ákvæði sem skal skýra með tilliti til gildissviðs innan Bandalagsins og tilmæli, sem sum hver skal lögboðað innan Bandalagsins.

- 5) Með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis og ráðstafanir, sem væri hægt að gera á grundvelli VI. bálks sáttmálans um Evrópusambandið, skal ná verndarmarkmiðinu, sem lýst er í 2. forsendu, með því að samþykka viðeigandi ráðstafanir á sviði stefnu um sjóflutninga, þar sem settir eru sameiginlegir staðlar um túlkun og framkvæmd á og eftirlit innan Bandalagsins, með ákvæðunum sem samþykkt voru á ráðstefnu stjórnar-erindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 12. desember 2002. Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdavald til að taka upp ítarleg framkvæmda-ákvæði.
- 6) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 7) Ekki skal einungis auka vernd skipa sem notuð eru í alþjóðasjóflutningum og hafnaraðstöðu sem þjónar þeim heldur einnig skipa sem veita þjónustu innanlands í Bandalaginu og hafnaraðstöðu þeirra, einkum farþega-skipa, vegna þess fjölda mannlífa sem slíkir flutningar stofna í hættu.
- 8) Í B-hluta ISPS-kóðans er að finna fjölda tilmæla sem skal lögboðað innan Bandalagsins í því skyni að vinna á samstilltan hátt að því að ná fram þeim verndarmarkmiðum sem lýst er í 2. forsendu.
- 9) Í því skyni að stuðla að því að hið viðurkennda og nauðsynlega markmið að efla skipasiglingar á stuttum leiðum innan Bandalagsins náist skal fara þess á leit við aðildarríkin, í ljósi 11. reglu sérráðstafa SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd, að þau geri samninga um verndarráðstafanir fyrir áætlunarsiglingar skipa á föstum siglingaleiðum innan Bandalagsins sem nota tiltekna hafnaraðstöðu, án þess að slíkt stofni almennum verndarviðmiðunum í hættu.
- 10) Það kann að vera óhóflegt að beita til frambúðar öllum verndarreglum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gagnvart hafnaraðstöðu í höfnum sem þjóna aðeins öðru hverju skipum í alþjóðasjóflutningum. Aðildarríkin skulu ákveða, á grundvelli áhættumats sem þau skulu láta fara fram, hvaða hafnir eiga í hlut og hvaða ráðstafanir aðrar veita fullnægjandi vernd.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB C 32, 5.2.2004, bls. 21.⁽²⁾ Álit Evrópubingsins frá 19. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. mars 2004.

- 11) Aðildarríkin skulu hafa náð eftirlit með því hvort skip, á leið til hafnar í Bandalaginu, hvaðan svo sem þau eru, hlíti verndarreglunum. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu fela „lögbæru yfirvaldi siglingaverndar“ ábyrgð á að samræma, hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með beitingu verndarráðstafanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gagnvart skipum og hafnaraðstöðu. Yfirvaldið skal krefjast þess að sérhvert skip, sem hyggst koma til hafnarinnar, leggi fram upplýsingar fyrir fram um alþjóðlegt siglingaverndarskírteini þess, það verndarstig sem gildir um borð og hefur áður gilt og hvers kyns aðrar hagnýtar upplýsingar um vernd.
- 12) Aðildarríkjum skal vera heimilt að veita undanþágur frá kerfisbundinni kröfu um að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 11. forsendu ef um er að ræða þjónustustarfsemi á sviði sjóflutninga innan Bandalagsins eða innanlands, að því tilskildu að félög sem veita slíka þjónustu geti hvenær sem er lagt slíkar upplýsingar fram að ósk lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.
- 13) Lögbær yfirvöld siglingaverndar í aðildarríkjunum mega sjá um verndarskoðanir en einnig, að því er varðar alþjóðlega siglingaverndarskírteinið, skoðunarmenn sem starfa innan ramma hafnarrikisefirlits eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarrikisefirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽¹⁾. Ef fleiri en eitt yfirvald á í hlut skal kveðið á um að þau bæti hvert annað upp.
- 14) Í ljósi þess fjölda aðila sem taka þátt í framkvæmd verndarráðstafana skal hvert aðildarríki útnefna eitt lögbært yfirvald sem sér um að samræma og hafa eftirlit með beitingu verndarráðstafana á landsvísi. Aðildarríkin skulu leggja til nauðsynlega fjármuni og gera innanlandsáætlun um að hrinda þessari reglugerð í framkvæmd í því skyni að ná því verndarmarkmiði sem lýst er í 2. forsendu, einkum með því að gera tímaáætlun um skjóta framkvæmd tiltekinna ráðstafana í samræmi við skilmálana í 6. ályktuninni sem samþykkt var á ráðstefnu stjórnarerindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 12. desember 2002. Gera skal kannanir undir umsjón framkvæmdastjórnarinnar á skilvirkni athugana á framkvæmd sérhvers innanlandskerfis.
- 15) Skilvirk og stöðluð beiting ráðstafana samkvæmt þessari stefnu vekur áleitnar spurningar í tengslum við fjármögnun. Fjármögnun á tilteknum auknum verndarráðstöfunum ætti ekki að valda röskun á samkeppni. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust láta fara fram rannsókn í þessu skyni (sem beinist einkum að því að

skoða hvernig fjármögnun skiptist milli opinberra yfirvalda og rekstraraðila, með fyrirvara um skiptingu valdsviðs milli aðildarríkjanna og Evrópubandalagsins) og leggja fram niðurstöðurnar og, ef við á, tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins.

- 16) Samþykking skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾. Ákvarða skal málsmeðferð fyrir breytingu á þessari reglugerð í ljósi fenginnar reynslu, í því skyni að lögbjóða fleiri ákvæði í B-hluta ISPS-kóðans en þau sem eru þegar lögbodin með þessari reglugerð.
- 17) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar reglugerðar nægilega vel, þ.e. að innleiða og framkvæma viðeigandi ráðstafanir varðandi stefnumótun í sjóflutningum, og auðveldara er að ná þessum markmiðum á vettvangi Bandalagsins þar eð þessi reglugerð nær til allrar Evrópu, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Meginmarkmið þessarar reglugerðar er að innleiða og hrinda í framkvæmd ráðstöfunum Bandalagsins til að efla vernd skipa sem notuð eru í alþjóðavíðskiptum og sjóflutningum innanlands og tengdrar hafnaraðstöðu gegn ógn þeirri sem stafar af visvitandi ólögætum aðgerðum.

2. Reglugerðinni er einnig ætlað að vera grunnur til að samræma túlkun og framkvæmd á og eftirlit Bandalagsins með sérráðstöfunum um að efla siglingavernd, sem samþykktar voru á ráðstefnu stjórnarerindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) 12. desember 2002, sem breyttu alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktinni) og komu á fót alþjóðakóða um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðanum).

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 157, 7.7.1995, bls.1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjótið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

⁽²⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „sérráðstafanir SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd“: breytingarnar, sem fylgja þessari reglugerð sem I. viðauki, þar sem nýr kafli, kafli XI-2, er felldur inn í viðaukann við uppfærða útgáfu SOLAS-samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
2. „ISPS-kóði“: alþjóðakóði IMO um vernd skipa og hafnaraðstöðu í uppfærðri útgáfu,
3. „A-HLUTI ISPS-kóðans“: inngangsorð og lögboðnar kröfur, sem mynda A-hluta ISPS-kóðans og fylgja sem II. viðauki við þessa reglugerð, um ákvæði kafa XI-2 í viðaukanum við uppfærða útgáfu SOLAS-samþykktarinnar,
4. „B-hluti ISPS-kóðans“: leiðbeiningarnar, sem mynda B-hluta ISPS-kóðans og fylgja sem III. viðauki við þessa reglugerð, varðandi ákvæði kafa XI-2 í viðaukanum við uppfærða útgáfu SOLAS-samþykktarinnar, með áorðnum breytingum, og A-hluta ISPS-kóðans í uppfærðri útgáfu,
5. „siglingavernd“: allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem ætlaðar eru til að vernda sjóflutninga og hafnaraðstöðu gegn ógn sem stafar af vísitandi ólögmetum aðgerðum,
6. „tengiliður fyrir siglingavernd“: aðili sem sérhvert aðildarríki tilnefnir sem tengilið framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja og til að greiða fyrir, fylgja eftir og upplýsa um beitingu ráðstafana um siglingavernd sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
7. „lögbaert yfirvald siglingaverndar“: yfirvald sem aðildarríki felur að samhæfa, hringa í framkvæmd og hafa eftirlit með beitingu verndarráðstafana sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við skip og/eða hafnaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum. Valdsvið þessa yfirvalds getur verið mismunandi eftir því hvaða verkefni því eru falin,
8. „alþjóðasjóflutningar“: sjóflutningar skipa frá hafnaraðstöðu aðildarríkis til hafnaraðstöðu utan þess aðildarríkis eða öfugt,
9. „sjóflutningar innanlands“: sjóflutningar skipa á hafsvæðum frá hafnaraðstöðu aðildarríkis til sömu hafnaraðstöðu eða annarrar hafnaraðstöðu innan þess aðildarríkis,

10. „ætunarsiglingar“: röð siglinga sem eru skipulagðar á þann hátt að þær veiti þjónustu sem tengir tvær eða fleiri hafnir:

- a) annaðhvort á grundvelli birtrar tímaætunar,
- b) eða með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um kerfisbundna þjónustu sé að ræða,

11. „hafnaraðstaða“: staður þar sem tengsl skipa og hafnar eiga sér stað, þar á meðal svæði á borð við akkerislægi, biðsvæði skipa við bryggju og aðkomuleiðir frá sjó, eftir því sem við á,

12. „tengsl skipa og hafnar“: tengsl sem eiga sér stað þegar skip verður beint og tafarlaust fyrir áhrifum af aðgerðum sem tengjast flutningi fólks eða vöru eða við það að skipinu er veitt hafnarþjónusta eða hún er veitt af hálfu skipsins,

13. „vísitandi ólögmetar aðgerðir“: aðgerð sem, vegna eðlis síns eða aðstæðna, gæti skaðað skip sem notuð eru til alþjóða- eða innanlandssiglinga, farþega þeirra, farm eða hafnaraðstöðu sem tengist þeim.

3. gr.

Sameiginlegar ráðstafanir og gildissvið

1. Að því er varðar alþjóðasjóflutninga skulu aðildarríki, eigi síðar en 1. júlí 2004, beita að fullu sérráðstöfunum SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd og A-hluta ISPS-kóðans í samræmi við þau skilyrði og að því er varðar þau skip, félög og hafnaraðstöðu sem getur um í þeim.

2. Að því er varðar sjóflutninga innanlands skulu aðildarríkin, eigi síðar en 1. júlí 2005, beita að fullu sérráðstöfunum SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd og A-hluta ISPS-kóðans gagnvart farþegaskipum í flokki A, í skilningi 4. gr. tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip⁽¹⁾, sem veita þjónustu innanlands og útgerðarfélögum þeirra, eins og skilgreint er í reglu IX-1 í SOLAS-samþykktinni, sem og gagnvart hafnaraðstöðu sem þjónar þeim.

3. Að loknu lögboðnu verndaráhættumati skulu aðildarríkin ákveða að hvaða marki þau munu beita, eigi síðar en 1. júlí 2007, ákvæðum þessarar reglugerðar gagnvart hinum ýmsu flokkum skipa sem veita þjónustu innanlands, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr., útgerðarfélögum þeirra og hafnaraðstöðu sem þjónar þeim. Almennt verndarstig ætti ekki að lækka í kjölfar slíkrar ákvörðunar.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar teknar eru slíkar ákvarðanir og um reglubundna endurskoðun, sem skal fara fram á fimm ára fresti hið minnsta.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB (Stjótið. ESB L 190, 30.7.2003, bls. 6).

4. Við framkvæmd ákvæðanna, sem krafist er skv. 1., 2. og 3. mgr., skulu aðildarríkin taka í einu og öllu mið af leiðbeiningunum sem er að finna í B-hluta ISPS-kóðans.

5. Aðildarríki skulu uppfylla ákvæði eftirtalinnna málsgreina í B-hluta ISPS-kóðans sem væru þau lögboðin:

- 1.12 (endurskoðun verndaráætlauna fyrir skip),
- 1.16 (áhættumat fyrir hafnaraðstöðu),
- 4.1 (gagnaleynd verndaráætlauna og áhættumats)
- 4.4 (viðurkenndir verndaraðilar),
- 4.5 (lágmarksvaldsvið viðurkenndra verndaraðila),
- 4.8 (vástig ákveðið),
- 4.14, 4.15, 4.16 (tengiliðir og upplýsingar um verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu),
- 4.18 (auðkennisskírteini),
- 4.24 (verndarráðstafanir sem skip grípa til samkvæmt tilmælum ríkisins sem ræður yfir þeirri landhelgi sem skipið siglir í),
- 4.28 (mönnum),
- 4.41 (miðlun upplýsinga ef skipi er meinaður aðgangur að höfn eða ef skipi er vísað úr höfn),
- 4.45 (skip frá ríki sem er ekki aðili að samningnum),
- 6.1 (skylda útgerðarfélags til að sjá skipstjóra fyrir upplýsingum um rekstraraðila skipsins),
- 8.3 til 8.10 (lágmarksviðmiðanir fyrir áhættumat skipsins),
- 9.2 to 8.10 (lágmarksviðmiðanir um verndaráætlun skipsins),
- 9.4 (sjálfstæði viðurkenndra verndaraðila),
- 13.6 og 13.7 (tíðni verndaræfinga og þjálfunar fyrir áhafnir skipa og fyrir verndarfulltrúa útgerðarfélaga og skipa),
- 15.3 til 15.4 (lágmarksviðmiðanir fyrir áhættumat hafnaraðstöðu),
- 16.3 til 16.8 (lágmarksviðmiðanir fyrir verndaráætlun hafnaraðstöðu),
- 18.5 og 18.6 (tíðni verndaræfinga og þjálfunar í hafnaraðstöðu og fyrir verndarfulltrúa hafnar).

6. Þrátt fyrir ákvæðin í málsgrein 15.4 í A-hluta ISPS-kóðans skal reglubundin endurskoðun á áhættumati hafnaraðstöðu, sem kveðið er á um í málsgrein 1.16 í B-hluta ISPS-kóðans, fara fram í síðasta lagi fimm árum eftir að matið fór fram eða var síðast endurskoðað.

7. Þessi reglugerð gildir ekki um herskip og liðsflutningaskip, flutningaskip undir 500 brúttótonnum, skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, fiskiskip eða skip sem eru ekki notuð í atvinnuskyni.

8. Þrátt fyrir ákvæðin í 2. og 3. mgr. skulu aðildarríki tryggja, þegar verndaráætlanir fyrir skip og verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu eru samþykktar, að þær innihaldi viðeigandi ákvæði til að tryggja að vernd skipa, sem falla undir þessa reglugerð, sé ekki skert af hálfu skipa eða vegna tengsla skipa og hafnar eða innbyrðis starfsemi milli skipa þar sem annað skipið fellur ekki undir þessa reglugerð.

4. gr.

Miðlun upplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO), framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum upplýsingarnar sem krafist er skv. 13. reglu (miðlun upplýsinga) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd.

2. Hvert aðildarríki skal miðla til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja upplýsingum um hvernig unnt er að ná sambandi við opinberu tengiliðina sem um getur í málsgrein 4.16 í B-hluta ISPS-kóðans og upplýsingum sem kveðið er á um í málsgrein 4.41 í B-hluta ISPS-kóðans þegar skipi er vísað úr höfn eða er meinaður aðgangur að höfn innan Bandalagsins.

3. Hvert aðildarríki skal útbúa skrá yfir viðkomandi hafnaraðstöðu á grundvelli áhættumats fyrir hafnaraðstöðu og skilgreina umfang þeirra ráðstafana sem gerðar eru til beitingar ákvæðum 2. málsgreinar 2. reglu (umfang beitingar gagnvart hafnaraðstöðu sem veitir skipum í millilandasiglingum öðru hverju þjónustu) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd.

Hvert aðildarríki skal miðla fyrirnefndri skrá til hinna aðildarríkjanna og til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 1. júlí 2004. Framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki skulu einnig fá fullnægjandi upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar eru.

5. gr.

Aðrir verndarsamningar eða jafngildar verndarráðstafanir

1. Að því er þessa reglugerð varðar kann 11. regla (Aðrir verndarsamningar) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd einnig að gilda um rekstur skipa í áætlunarsiglingum á föstum leiðum innan Bandalagsins sem nota tengda hafnaraðstöðu.

2. Aðildarríki mega, í þessu skyni, hvert fyrir sína hönd, gera með sér tvíhliða eða marghliða samninga svo sem kveðið er á um í umræddri SOLAS-reglu. Aðildarríki mega, einkum og sér í lagi, íhuga slíka samninga í því skyni að efla flutninga innan Bandalagsins á stuttum sjóleiðum.

Aðildarríki sem í hlut eiga skulu tilkynna um slíka samninga til framkvæmdastjórnarinnar og veita fullnægjandi upplýsingar um ráðstafanir til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta hvort samningarnir lækki verndarstig annarra skipa eða hafnaraðstöðu sem samningarnir ná ekki til. Ekki þarf að tiltaka í tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir sem tengjast beint þjóðaröryggi.

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort samningarnir tryggji fullnægjandi vernd, einkum hvað varðar kröfur 2. málsgreinar framangreindrar 11. reglu SOLAS-samþykktarinnar og hvort þeir samrýmist lögum Bandalagsins og séu í fullu samræmi við starfsemi innri markaðarins. Ef samningarnir eru ekki í samræmi við þessar viðmiðanir skal framkvæmdastjórnin, innan fjögurra mánaða, taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. og þegar svo háttar til skulu aðildarríkin sem í hlut eiga afturkalla samningana eða aðlaga þá.

3. Reglubundin endurskoðun slíkra samninga, sem kveðið er á um í 4. málsgrein 11. reglu sérráðstafananna um að efla siglingavernd, skal fara fram á a.m.k. fimm ára fresti.

4. Aðildarríki mega samþykkja, fyrir sjóflutninga innanlands og hafnaraðstöðu, eins um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, jafngildar verndarráðstafanir, eins og kveðið er á um í 12. reglu (jafngildar verndarráðstafanir) sérráðstafana SOLAS-samningsins um að efla siglingavernd, að því tilskildu að slíkar verndarráðstafanir séu a.m.k. jafnáhrifaríkar og þær sem mælt er fyrir um í kafla XI-2 í SOLAS-samþykktinni og videigandi lögboðnum ákvæðum í ISPS-kóðanum.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni fullnægjandi upplýsingar um slíka tilhögun þegar hún er samþykkt og um niðurstöður reglubundinnar endurskoðunar hennar eigi síðar en fimm árum eftir að hún var samþykkt eða síðast endurskoðuð.

Skilyrði fyrir beitingu slíkrar tilhögunar skulu vera háð skoðunum framkvæmdastjórnarinnar sem kveðið er á um í 4., 5. og 6. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar samkvæmt málsmeðferðinni sem þar er skilgreind.

6. gr.

Veiting upplýsinga um siglingavernd áður en haldið er til hafnar í aðildarríki

4. Aðildarríki skulu útbúa skrá yfir útgerðarfélög og skip sem fengið hafa undanþágu samkvæmt þessari grein og sjá um uppfærslu á þeirri skrá. Þau skulu senda umrædda skrá og

1. Þegar skip, sem heyrir undir sérráðstafanir SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd og ISPS-kóðann eða 3. gr. þessarar reglugerðar, boðar komu sína til hafnar í aðildarríki skal lögbært yfirvald siglingaverndar í því aðildarríki krefjast þess að veittar séu upplýsingar sem um getur í málsgrein 2.1 í 9. reglu (Skip sem hyggjast halda til hafnar annarrar samningsríkisstjórnar) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd. Fyrrgreint yfirvald skal greina, eftir því sem nauðsyn krefur, upplýsingar sem látnar eru í té og, ef nauðsyn krefur, beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. málsgrein þeirrar SOLAS-reglu.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. skulu veittar:

- a) með a.m.k. tuttugu og fjögurra klukkustunda fyrirvara eða
- b) eigi síðar en þegar skip heldur frá fyrri höfn ef siglingartíminn er undir tuttugu og fjórum klukkustundum eða
- c) ef ekki er vitað hver viðkomuhöfnin er eða ef henni er breytt meðan á siglingu stendur, eins fljótt og upplýsingar þess efnis liggja fyrir.

3. Halda skal skýrslu um ferlið sem fylgt er hvað varðar sérhvert skip þar sem váatvik á sér stað samkvæmt skilgreiningu í málsgrein 1.13 í 1. reglu (skilgreiningar) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd.

7. gr.

Undanþágur frá veitingu upplýsinga um siglingavernd áður en komið er til hafnar

1. Aðildarríki mega veita þeim sem stunda áætlunarsiglingar innanlands milli hafna á þeirra yfirráðsvæði undanþágu frá kröfunum, sem kveðið er á um í 6. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) að félagið sem sinnir áætlunarsiglingunum, sem um getur hér að framan, haldi og uppfæri skrá yfir þau skip sem um ræðir og sendi hana til lögbærs yfirvalds siglingaverndar fyrir hlutaðeigandi höfn,
- b) fyrir hverja sjóferð sem farin er séu upplýsingarnar, sem um getur í málsgrein 2.1 í 9. reglu sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd, til reiðu fyrir lögbært yfirvald siglingaverndar sé þeirra óskað. Félagið skal koma upp innra kerfi til að tryggja að unnt sé, ef þess er óskað, að senda umræddar upplýsingar til lögbærs yfirvalds siglingaverndar með rafrænum hætti, allan sólarhringinn og án tafar.

2. Ef áætlunarsiglingar eru stundaðar milli tveggja eða fleiri aðildarríkja getur hvert aðildarríkjanna, sem í hlut á, farið fram á að undanþága verði veitt fyrir þessa þjónustu af hálfu hinna aðildarríkjanna í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu reglulega ganga úr skugga um að skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., séu uppfyllt. Ef einu af þessum skilyrðum er ekki lengur fullnægt skulu aðildarríkin tafarlaust fella úr gildi sérréttindi þau sem felast í undanþágu hlutaðeigandi félags.

5. Þrátt fyrir ákvæðin í 1. og 2. mgr. getur aðildarríki, á grunni siglingaverndar og í hverju tilviki fyrir sig, farið fram á að upplýsingarnar, sem um getur í málsgrein 2.1 í 9. reglu sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd, verði lagðar fram áður en komið er til hafnar.

8. gr.

Verndarskoðanir í höfnum aðildarríkja

1. Sannprófun skírteina, samkvæmt skilgreiningu í málsgrein 1.1 í 9. reglu (Eftirlit með skipum í höfn) sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd, skal fara fram í höfninni, annaðhvort af hálfu lögbærra yfirvalda siglingaverndar, sem skilgreind eru í 7. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eða af hálfu skoðunarmannanna sem skilgreindir eru í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 95/21/EB.

2. Hafí sá fulltrúi sem sér um sannprófun skírteina, sem um getur í 1. mgr., gilda ástæðu til að ætla að skip uppfylli ekki sérráðstafanir SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd og ISPS-kóðann en tilheyrir ekki yfirvaldinu sem í því aðildarríki sér um að gera þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í málsgreinum 1.2 og 1.3 í 9. reglu sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd, skal hann tafarlaust vísa málinu til fyrrgreinds yfirvalds.

9. gr.

Framkvæmd og samræmisathugun

1. Aðildarríkin skulu leysa af hendi stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnið sem krafist er í ákvæðum sérráðstafana SOLAS-samþykktarinnar um að efla siglingavernd og ISPS-kóðans. Þau skulu tryggja að séð sé fyrir öllum nauðsynlegum úrræðum til framkvæmdar ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríki skulu tilnefna tengilið fyrir siglingavernd eigi síðar en 1. júlí 2004.

3. Hvert aðildarríki skal setja á laggirnar innanlandsáætlun um framkvæmd þessarar reglugerðar.

4. Sex mánuðum eftir gildistöku dag viðeigandi ráðstafana, sem um getur í 3. gr., skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við tengiliðinn sem um getur í 2. mgr., hefja röð skoðana, þ.m.t. skoðanir á hæfilegu úrtaki hafna og tengdra útgerðarfélaga, til að hafa eftirlit með beitingu aðildarríkja á þessari reglugerð. Við þessar skoðanir skal taka mið af upplýsingunum sem tengiliðurinn, sem um getur í 2. mgr.,

leggur fram, þ.m.t. eftirlitsskýrslur. Aðferðir við framkvæmd slíkra skoðana skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

5. Þeir opinberu fulltrúar, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að annast slíkar skoðanir í samræmi við 4. mgr., skulu, þegar þeir gegna skyldustörfum sínum, geta framvísað skriflegri heimild, útgefinni af framkvæmdastjórninni, þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur skoðunarinnar, svo og hvaða dag skoðun mun hefjast. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi aðildarríki um skoðun með góðum fyrirvara.

Viðkomandi aðildarríki skal sæta slíkum skoðunum og sjá til þess að viðkomandi aðilar eða einstaklingar geri það einnig.

6. Framkvæmdastjórnin skal senda skoðunarskýrslur til hlutaðeigandi aðildarríkis sem skal, innan þriggja mánaða frá móttöku skýrslunnar, veita fullnægjandi upplýsingar um hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að ráða bót á annmörkum. Skýrsluna og skrá yfir þær ráðstafanir sem gripið er til skal senda til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

10. gr.

Breytingar felldar inn í alþjóðlega gerninga

1. Gildandi alþjóðlegir gerningar, sem um getur í 2. gr. og beitt er í samræmi við 1. mgr. 3. gr., skulu vera þeir sem hafa öðlast gildi, þ.m.t. nýjustu breytingar á þeim, að frátöldum breytingum sem eru undanskildar gildissviði þessarar reglugerðar vegna málsmeðferðarinnar fyrir samræmisathugun sem kveðið er á um í 5. mgr.

2. Innfelling breytinga í alþjóðlegu gerningana, sem um getur í 2. gr., skal ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr. að því er varðar skip sem veita þjónustu innanlands og hafnaraðstöðu þeirra sem þessi reglugerð gildir um, að svo miklu leyti sem þeir innihalda tæknilega uppfærslu á ákvæðum SOLAS-samþykktarinnar og ISPS-kóðans. Málsmeðferðin við samræmisathugun, sem kveðið er á um í 5. mgr., gildir ekki um þessi tilvik.

3. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., er heimilt að samþykkja ákvæði til að skilgreina samræmda málsmeðferð við að beita lögbodnum ákvæðum ISPS-kóðans án þessa að vikka gildissvið þessarar reglugerðar.

4. Að því er varðar þessa reglugerð, og með það fyrir augum að draga úr þeirri hættu að árekstrar verði á milli siglingalöggjafar Bandalagsins og alþjóðlegra gerninga, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman, með samræmingarfundum og/eða öðrum viðeigandi aðferðum, að því að skilgreina, eftir því sem við á, sameiginlega afstöðu eða nálgun á lögmætum alþjóðavettvangi.

5. Málsmeðferð fyrir samræmisathugun er hér með komið á fót í því skyni að undanskilja hvers kyns breytingar á alþjóðagerningi gildissviði þessarar reglugerðar ef umtalsverð hættu er, á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, á því að breytingin dragi úr siglingavernd eða samrýmist ekki löggjöf Bandalagsins.

Eingöngu má nota málsmeðferðina fyrir samræmisathugun til að breyta þessari reglugerð á sviðum sem málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., kveður sérstaklega á um og eru í þengsta skilningi innan ramma framkvæmdaavalds sem framkvæmdastjórninni er falið.

6. Við aðstæður, sem um getur í 5. mgr., skal framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferð fyrir samræmisathugun, að beiðni aðildarríkis ef við á.

Framkvæmdastjórnin skal, jafnskjött og hún hefur samþykkt breytingu á alþjóðlegum gerningi, senda nefndinni, sem komið er á fót skv. 1. mgr. 11. gr., tillögu um ráðstafanir sem miða að því að undanskilja viðkomandi breytingu frá þessari reglugerð.

Ljúka skal málsmeðferðinni fyrir samræmisathugun, þ.m.t., ef við á, málsmeðferðinni sem komið er á með 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, a.m.k. einum mánuði áður en tímabilið, sem ákveðið var á alþjóðavettvangi fyrir þegjandi samþykki á viðkomandi breytingu, rennur út eða fyrir þann dag sem fyrirhugað er að fyrnefnd breyting öðlist gildi.

7. Sé um að ræða áhættu, eins og um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr., skulu aðildarríkin, á þeim tíma sem málsmeðferð fyrir samræmisathugun stendur yfir, ekki hefja neinar aðgerðir sem miða að því að fella breytinguna inn í innlenda löggjöf eða beita breytingunni gagnvart viðkomandi alþjóðlegum gerningi.

8. Allar viðeigandi breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem eru felldar inn í siglingalöggjöf Bandalagsins í samræmi við 5. og 6. mgr., skulu birtar í upplýsingarskyni í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 6. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 6. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

Trúnaður

Við beitingu þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, Kola- og stálbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu 2001/844/EB frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum⁽¹⁾, til að vernda trúnaðarupplýsingar sem hún hefur aðgang að eða aðildarríkin senda henni.

Aðildarríkin skulu gripa til jafngildra ráðstafana í samræmi við viðeigandi innlenda löggjöf.

Allt starfsfólk sem sér um skoðanir vegna siglingaverndar eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum, sem varða þessa reglugerð, skulu hafa viðeigandi öryggisvottun þess aðildarríkis þar sem viðkomandi starfsmenn eru ríkisborgarar.

13. gr.

Miðlun upplýsinga

1. Með fyrirvara um rétt almennings til aðgangs að skjölum, svo sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽²⁾, skulu skoðunarskýrslur og svör aðildarríkjanna, sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 5. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (6. mgr.), vera leynileg og skulu ekki birt. Þessi gögn skulu einungis vera aðgengileg viðeigandi yfirvöldum, sem skulu aðeins afhenda þær aðilum sem málið varðar og þurfa að fá vitneskju um þau, í samræmi við gildandi innlendar reglur um miðlun viðkvæma upplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er og í samræmi við gildandi landslög, fara með upplýsingar úr skoðunarskýrslum og svör aðildarríkjanna sem trúnaðarmál þegar þau varða önnur aðildarríki.

3. Ef ekki liggur ljóst fyrir hvort afhenda skuli skoðunarskýrslu og svör eða ekki skulu aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkið sem á í hlut.

14. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu tryggja að refsingar, sem teknar eru upp við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar, séu skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

15. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. júlí 2004, að undanskildum ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 9. gr. sem öðlast gildi og skal beitt frá og með þeim dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKANUM VIÐ ALÞJÓÐASAMNINGINN UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU FRÁ 1974, MEÐ
ÁORÐNUM BREYTINGUM

„KAFLI XI-2

SÉRRÁÐSTAFANIR UM AÐ EFLA SIGLINGAVERND

1. regla:

Skilgreiningar

1 Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir nema annað sé skýrt tekið fram:

- 1 Búlkaskip: búlkaskip samkvæmt skilgreiningu í reglu IX/1.6.
- 2 Efnaflutningaskip: efnaflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í reglu VII/8.2.
- 3 Gasflutningaskip: gasflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í reglu VII/11.2.
- 4 Háhraðafar: far samkvæmt skilgreiningu í reglu X/1.2.
- 5 Færanlegur borpallur á sjó: vélknúinn, færanlegur borpallur á sjó, samkvæmt skilgreiningu í reglu IX./1, ekki á staðnum.
- 6 Oluflutningaskip: oluflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í reglu II-1/2.12.
- 7 Útgerðarfélag: útgerðarfélag samkvæmt skilgreiningu í reglu IX/1.
- 8 Tengsl skips og hafnar: tengsl sem eiga sér stað þegar skip verður beint og tafarlaust fyrir áhrifum af aðgerðum sem tengjast flutningi fólks eða vöru eða við það að skipinu er veitt hafnarþjónusta eða hún er veitt af hálfu skipsins.
- 9 Hafnaraðstaða: staður, samkvæmt ákvörðun samningsríkisstjórnar eða tilnefnds yfirvalds, þar sem tengsl skips og hafnar eiga sér stað. Þar á meðal eru svæði á borð við akkerislægi, biðsvæði skipa við bryggju og aðkomuleiðir frá sjó, eftir því sem við á.
- 10 Innbyrðis starfsemi milli skipa: starfsemi sem tengist ekki hafnaraðstöðu og felur í sér flutninga á vörum eða fólki frá einu skipi til annars.
- 11 Tilnefnt yfirvald: sú stofnun/stofnanir eða stjórnvald/stjórnvöld sem samningsríkisstjórn hefur útnefnt til að tryggja framkvæmd ákvæða þessa kafla sem lúta að vernd hafnaraðstöðu og/eða tengslum skips og hafnar, frá sjónarhóli hafnaraðstöðunnar.
- 12 Alþjóðakóði um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðinn): alþjóðakóði um vernd skipa og hafnaraðstöðu sem samanstendur af A-hluta (ákvæði hans skulu teljast lögboðin) og B-hluta (ákvæði hans skulu hafa stöðu tilmæla), sem samþykktur var 12. desember 2002 með 2. ályktun ráðstefnu samningsríkisstjórnar alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, eins og honum kann að verða breytt af hálfu stofnunarinnar, að því tilskildu að:
 1. breytingar á A-hluta kóðans séu samþykktar, þeim hrint í framkvæmd og þær hafi öðlast gildi í samræmi við VIII. gr. þessa samnings að því er varðar málsmeðferð vegna breytinga sem á við um viðaukann, að undanskildum I. kafla, og
 2. breytingar á B-hluta kóðans séu samþykktar af siglingaöryggisnefnd (MSC) í samræmi við starfsreglur hennar.
- 13 Váatvik: hvers kyns grunsamleg aðgerð eða aðstæður sem stofna vernd skips í hættu, þ.m.t. færanlegum borpalli og háhraðafari, eða hafnaraðstöðu eða hvers kyns tengslum skips og hafnar eða innbyrðis starfsemi milli skipa.
- 14 Vástig: ákvörðun á hættnni á því að váatvik verði reynt eða eigi sé stað.

- .15 Yfirlýsing um siglingavernd: samkomulag sem næst milli skips og annaðhvort hafnaraðstöðu eða annars skips sem það er í tengslum við þar sem fram koma þær verndarráðstafanir sem hvor aðili um sig mun gera.
- .16 Viðurkenndur verndaraðili: aðili sem býr yfir nægilegri sérfræðipækkingu á sviði verndarmála og með nægilega þekkingu á starfsemi skipa og hafna og sem hefur heimild til að inna af hendi mat, sannpröfun, veita samþykki eða vottun, eins og krafist er í þessum kafla eða í A-hluta ISPS-kóðans.
- 2 Hugtakið „skip“ eins og það er notað í 3. til 13. reglu á einnig við um færanlega borpalla á sjó og háhraðaför.
- 3 Hugtakið „öll skip“ eins og það er notað í þessum kafla merkir hvers kyns skip samkvæmt þessum kafla.
- 4 Hugtakið „samningsríkisstjórn“ eins og það er notað í 3., 4., 7., 10., 11., 12. og 13. reglu felur í sér vísun til „tilnefnds yfirvalds“.

2. regla:

Beiting

1 Þessi kafli gildir um:

- .1 eftirtaldir tegundir skipa í millilandasiglingum:
- .1.1. farþegaskip, þ.m.t. háhraðafarþegaför,
- .1.2. flutningaskip, þ.m.t. háhraðaför, 500 brúttótonn að stærð og stærri og
- .1.3. færanlega borpalla á sjó og
- .2 hafnaraðstöðu, sem þjónar framangreindum skipum í millilandasiglingum.
- 2 Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar 1.2 skulu samningsríkisstjórnir ákveða að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla og viðeigandi liðir í A-hluta ISPS-kóðans gilda um hafnaraðstöðu á yfirráðasvæði þeirra sem einkum þjónar skipum sem ekki eru í millilandasiglingum, en þjóna þó stöku sinnum skipum sem taka þar höfn eða láta úr höfn í millilandasiglingar.
- 2.1 Samningsríkisstjórnir skulu byggja ákvarðanir sínar skv. 2. málsgrein á áhættumati fyrir hafnaraðstöðu sem gert er í samræmi við ákvæðin í A-hluta ISPS-kóðans.
- 2.2 Ákvarðanir sem samningsríkisstjórn tekur skv. 2. málsgrein skulu ekki stofna í hættu því verndarstigi sem leitast er við að ná með þessum kafla eða A-hluta ISPS-kóðans.
- 3 Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip, hjálparskip flotans eða önnur skip í eigu eða útgerð samningsríkisstjórnar sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni.
- 4 Ákvæði þessa kafla gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur ríkja samkvæmt þjóðarétti.

3. regla:

Skyldur samningsríkisstjórna að því er varðar vernd

- 1 Stjórnvöld skulu ákveða vástig og tryggja að upplýsingar um það berist til skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána þeirra. Verði breytingar á vástigi skal uppfæra upplýsingar um vástig eftir því sem aðstæður krefjast.
- 2 Samningsríkisstjórnir skulu ákveða vástig og tryggja að upplýsingar um það berist til allrar hafnaraðstöðu á yfirráðasvæði þeirra og til skipa áður en þau halda til hafnar eða á meðan þau liggja í höfn á yfirráðasvæði þeirra. Verði breytingar á vástigi skal uppfæra upplýsingar um vástig eftir því sem aðstæður krefjast.

4. regla:

Kröfur sem gerðar eru til útgerðarfélaga og skipa

- 1 Útgerðarfélög skulu uppfylla viðkomandi kröfur þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans, að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans.
- 2 Skip skulu uppfylla viðkomandi kröfur þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans, að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans, og skal slík uppfylling krafna sannprófuð og gefið út skirteini því til sönnunar eins og kveðið er á um í A-hluta ISPS-kóðans.
- 3 Áður en haldið er til hafnar eða á meðan legið er í höfn á yfirráðasvæði samningsríkisstjórnar skal skip uppfylla kröfur um vástig sem sú samningsríkisstjórn ákveður ef það er hærra en vástigið sem stjórnvald hefur ákveðið að gildi fyrir umrætt skip
- 4 Skip skulu bregðast við öllum breytingum í átt til hærra vástigs án ótilhlýðilegrar tafar.
- 5 Ef skip uppfyllir ekki kröfur þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans eða nær ekki að uppfylla ákvæðin um vástig sem stjórnvöld ákveða eða önnur samningsríkisstjórn og gilda um umrætt skip þá skal það skip tilkynna það viðeigandi lögbæru yfirvaldi áður en nokkur tengsl eiga sér stað milli skips og hafnaraðstöðu eða áður en haldið er inn í höfn, hvort sem á sér stað fyrir.

5. regla:

Sérstök ábyrgð útgerðarfélaga

Útgerðarfélag skal tryggja að skipstjóri hafi ætíð tiltækar um borð upplýsingar sem gera tilnefndum fulltrúum stjórnvalds samningsríkisstjórnar kleift að ganga úr skugga um:

1. hver beri ábyrgð á að skipa skipverja eða aðra einstaklinga sem starfa um borð eða eru ráðnir hverju sinni á skipið til hvers konar starfa í þágu þess,
2. hver beri ábyrgð á að ráðstafa skipinu í einstök verkefni og
3. í þeim tilvikum að skip starfar samkvæmt skilmálum leigusamnings (-samninga), hverjir séu aðilar að slíkum samningi (samningum).

6. regla:

Vákallsbúnaður skips

- 1 Öll skip skulu búin vákallsbúnaði fyrir skip sem hér segir:
 1. skip smíðuð 1. júlí 2004 eða síðar,
 2. farþegaskip, þ.m.t. háhraðafarþegaför, smíðuð fyrir 1. júlí 2004, eigi síðar en við fyrstu skoðun fjarskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2004,
 3. oliuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, búlkaskip og háhraðaflutningaför, 500 brúttótonn og stærri smíðuð fyrir 1. júlí 2004, eigi síðar en við fyrstu skoðun fjarskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2004 og
 4. önnur flutningaskip 500 brúttótonn og stærri og færánlegir borpallar á sjó, smíðuð fyrir 1. júlí 2004, eigi síðar en við fyrstu skoðun fjarskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2006.
2. Þegar vákallsbúnaður skips er ræstur skal hann:
 1. hefja sendingu vákalls frá skipi til lögbærs yfirvalds í landi, sem stjórnvald tilnefni og kann við þessar aðstæður að vera útgerðarfélagið, þar sem skipið og staðsetning þess eru tilgreind og greina frá því að vernd þess sé ógnað eða henni hafi verið stefnt í hættu,
 2. ekki senda vákallið til annarra skipa,
 3. ekki senda út viðvörðun um borð í skipinu og
 4. halda áfram að senda út vákall þar til slökkt hefur verið á honum og/eða hann endurstilltur.

- .3 Vákallsbúnaður skips skal:
 - .1 vera ræsanlegur á stjórnfalli og á a.m.k. einum öðrum stað og
 - .2 uppfylla afkastaviðmiðanir sem eru ekki lakari en þær sem stofnunin hefur sett.
- 4 Rofar til að ræsa vákallsbúnað skips skulu hannaðir með það í huga að ekki sé óviljandi unnt að setja í gang vákall.
- 5 Uppfylla má kröfur um vákallsbúnað skips með því að nota fjarskiptabúnaðinn sem komið er fyrir til að uppfylla kröfur IV. kafla, að því tilskildu að farið sé að öllum kröfum þessarar reglu.
- 6 Þegar stjórnvöld fá tilkynningu um vákall frá skipi skulu stjórnvöldin þegar í stað tilkynna það til þess ríkis eða þeirra ríkja sem eru í næsta nágrenni við farsvið skipanna á þeirri stundu.
- 7 Þegar sammingsríkisstjórn fær tilkynningu um vákall frá skipi sem hefur ekki heimild til að sigla undir fána hennar skal hún þegar í stað tilkynna það til viðkomandi stjórnvalds og, ef við á, ríkisins eða ríkjanna sem eru í næsta nágrenni við farsvið skipsins á þeirri stundu.

7. regla:

Ógn sem steðjar að skipum

- 1 Samningsríkisstjórnir skulu ákveða vástig og tryggja að upplýsingar um það berist til skipa sem sigla í landhelgi þeirra, eða hafa tilkynnt um að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra.
- 2 Samningsríkisstjórnir skulu tilgreina tengilið til ráðgjafar eða aðstoðar slíkum skipum sem þau geta tilkynnt um hvers kyns áhyggjuefni sem varða siglingavernd í tengslum við önnur skip, ferðir eða boðskipti.
- 3 Ef vart hefur orðið við hættu á árás skal sammingsríkisstjórnin, sem í hlut á, greina viðkomandi skipum og stjórnvöldum þeirra frá:
 - .1 því vástigi sem er í gildi á þeirri stundu,
 - .2 hvers kyns verndarráðstöfunum sem viðkomandi skip ættu að gera sér til verndar gegn árás í samræmi við ákvæðin í A-hluta ISPS-kódans og
 - .3 þeim verndarráðstöfunum sem strandríkið hefur ákveðið að grípa til, eftir því sem við á.

8. regla:

Ákvæðunarvald skipstjóra í tengslum við öryggi og vernd skips

- 1 Skipstjóri skal ekki sæta takmörkunum af hálfu útgerðarfélags, skipaleigutaka eða annars aðila að því er varðar ákvarðanir sem eru, samkvæmt faglegu mati skipstjóra, nauðsynlegar til að viðhalda öryggi og vernd skipsins. Í því felst að meina einstaklingum aðgang (nema tilnefndum fulltrúum stjórnvalda sammingsríkisstjórnar) eða eigum þeirra og bann við lestun farms, þ.m.t. gáma eða annarra lokaðra farmflutningseininga.
- 2 Ef misræmi kemur upp milli öryggiskrafna og verndarkrafna, sem gilda um skipið, í rekstri þess, samkvæmt faglegu mati skipstjóra, skal skipstjóri fara að þeim kröfum sem eru nauðsynlegar til að viðhalda öryggi skipsins. Í slíkum tilvikum má skipstjórinn hrinda í framkvæmd tímabundnum verndarráðstöfunum og skal þegar í stað upplýsa stjórnvald um það og, ef við á, sammingsríkisstjórn hafnarinnar þar sem skipið er starfrækt eða sem það hyggst sigla til. Allar slíkar tímabundnar verndarráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð skulu, að því marki sem hægt er, vera í réttu hlutfalli við það vástig sem er í gildi hverju sinni. Þegar bent er á slík tilvik skulu stjórnvöld tryggja að slíkt misræmi sé leiðrétt og að dregið sé eins og hægt er úr líkum á að það endurtaki sig.

9. regla:

Ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar

1 Eftirlit með skipum í höfn

- 1.1 Að því er varðar þennan kafla getur sérhvert skip, sem þessi kafla tekur til, sætt eftirliti, á meðan það er í höfn annarrar sammingsríkisstjórnar, af hálfu tilnefndra fulltrúa stjórnvalds þeirrar ríkisstjórnar og geta þeir verið þeir sömu og inna af hendi störfin sem um getur í reglu 1/19. Slíkt eftirlit skal takmarkast við það að sannprófa að um borð sé gilt alþjóðlegt siglingaverndarskírteini eða gilt alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum A-hluta ISPS-kóðans (skírteini), sem skal samþykkt, sé það í gildi, nema gildar ástæður séu til að ætla að skipið uppfylli ekki kröfur þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans.
- 1.2 Þegar slíkar gildar ástæður eru fyrir hendi eða ef gildu skírteini er ekki framvísað þegar þess er krafist skulu tilnefndir fulltrúar stjórnvalds sammingsríkisstjórnar, grípa til einnar eða fleiri eftirlitsráðstöfunar gegn skipinu eins og kveðið er á um í málsgrein 1.3. Þegar gripið er til slíkra ráðstafana skal gæta meðalhófs, að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans.
- 1.3 Slíkar eftirlitsráðstafanir eru sem hér segir: skoðun á skipinu, seinkun ferðar skipsins, farbann lagt á skipið, takmörkun á starfsemi, þ.m.t. færslur innan hafnar, eða brottvísun skipsins úr höfn. Slíkar eftirlitsráðstafanir kunna, auk þess eða að öðrum kosti, að fela í sér aðrar léttvægari stjórnáætlanir ráðstafanir eða ráðstafanir til úrbóta.

2 Skip sem hyggjast halda til hafnar annarrar sammingsríkisstjórnar

- 2.1 Að því er varðar þennan kafla getur sammingsríkisstjórn krafist þess að skip, sem hyggjast halda til hafna hennar, veiti fulltrúum stjórnvalds þessarar ríkisstjórnar, sem eru tilnefndir til að tryggja að farið sé að kröfum þessa kafla, eftirfarandi upplýsingar áður en haldið er til hafnar, til að unnt sé að koma í veg fyrir að þau þurfi að sæta eftirlitsráðstöfunum eða öðrum aðgerðum:
 - .1 að skipið sé með gilt skírteini og nafn á þeim aðila sem gefur út skírteinið,
 - .2 hvaða vástig gildi um borð í skipinu á þeirri stundu,
 - .3 hvaða vástig gilti um borð í skipinu þegar það lá í fyrri höfn þar sem tengsl áttu sér stað milli skips og hafnar innan tímarammans sem tilgreindur er í málsgrein 2.3,
 - .4 hvers kyns sérstakar eða auknar verndaráætlanir sem gripið var til af hálfu skipsins í fyrri höfn þar sem tengsl áttu sér stað milli skips og hafnar innan tímarammans sem tilgreindur er í málsgrein 2.3,
 - .5 að viðeigandi verklagsreglur skips um siglingavernd hafi verið viðhafðar á meðan hvers kyns innbyrðis starfsemi milli skipa stóð innan tímarammans sem tilgreindur er í málsgrein 2.3 eða
 - .6 aðrar hagnýtar upplýsingar sem tengjast vernd (þó ekki nákvæmar upplýsingar um verndaráætlun skips), að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans.
- Óski sammingsríkisstjórn eftir því skal skipið eða útgerðarfélag þess leggja fram staðfestingu á framangreindum upplýsingum sem sammingsríkisstjórn telur fullnægjandi.
- 2.2 Öll skip, sem þessi kafla gildir um, sem hyggjast halda til hafnar annarrar sammingsríkisstjórnar skulu leggja fram upplýsingarnar sem lýst er í málsgrein 2.1 að beiðni tilnefndra fulltrúa stjórnvalds ríkisstjórnarinnar. Skipstjórninn má neita að leggja fram slíkar upplýsingar en það kann að leiða til þess að skipinu verði meinaður aðgangur að höfn.
 - 2.3 Skipið skal halda skrá yfir upplýsingarnar, sem um getur í málsgrein 2.1, fyrir síðustu tíu skipti sem skipið kom til hafnar.

- 2.4 Hafi tilnefndir fulltrúar stjórnvalds sammingsríkisstjórnar hafnarinnar, sem skipið hyggst halda til, gíldar ástæður til að ætla að skipið uppfylli ekki kröfur þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans, eftir að hafa fengið í hendur upplýsingarnar sem lýst er í málsgrein 2.1, skulu þeir leitast við að ná sambandi við skipið og koma á sambandi milli skipsins og stjórnvaldsins í því skyni að ráða bót á vanefndunum. Verði þetta samband ekki til þess að ráða bót á vanefndunum eða ef fulltrúarnir hafa að öðru leyti gílda ástæðu til að ætla að skipið uppfylli ekki kröfur þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans geta þeir gripið til aðgerða í tengslum við skipið samkvæmt ákvæðunum í málsgrein 2.5. Þegar gripið er til slíkra aðgerða skal gæta meðalhófs, að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans.
- 2.5 Slíkar aðgerðir eru sem hér segir:
- .1 krafa um að ráðin sé bót á vanefndunum,
 - .2 krafa um að skipið haldi til staðar í landhelgi eða á innsævi sammingsríkisstjórnarinnar,
 - .3 skoðun á skipinu ef það er stöð í landhelgi sammingsríkisstjórnar og hyggst leita hafnar þar eða
 - .4 skipinu meinaður aðgangur að höfn.

Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal sammingsríkisstjórn tilkynna skipinu um fyrirætlanir sínar. Þegar skipstjóri fær slíkar upplýsingar í hendur má hann hætta við að halda til hafnarinnar. Þessi reglugerð gildir ekki í slíkum tilvikum.

3. Viðbótarákvæði

3.1 Í því tilviki:

- .1 að gripið sé til eftirlitsráðstöfunar, annarrar en léttvægrar stjórnsýsluráðstöfunar eða ráðstöfunar til úrbóta sem um getur í málsgrein 1.3 eða
- .2 að gripið sé til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í málsgrein 2.5 skal tilnefndur fulltrúi stjórnvalds sammingsríkisstjórnar þegar í stað tilkynna skriflega til stjórnvalds um þær eftirlitsráðstafanir eða aðgerðir sem gripið hefur verið til og ástæður þeirra. Sammingsríkisstjórn, sem gripur til eftirlitsráðstafana eða aðgerða, skal einnig tilkynna viðurkenndum vermdaraðila, sem gaf út skirteinið sem tengist viðkomandi skipi, og stofnuninni um það hvenær gripið hefur verið til slíkra eftirlitsráðstafana eða aðgerða.

3.2 Ef skipi er meinaður aðgangur að höfn eða því visað frá höfn ættu yfirvöld hafnarrikisins að senda viðeigandi upplýsingar til yfirvalda þess ríkis þar sem skipið hyggst hafa viðkomu í höfnun næst, sé það vitað, og annarra viðeigandi strandríkja, að teknu tilliti til leiðbeininga sem kunna að verða samdar á vegum stofnunarinnar. Tryggja skal leynd og öryggi slíkra tilkynninga.

3.3 Aðeins skal gripið til þeirrar ráðstöfunar að meina skipi aðgang að höfn skv. málsgrein 2.4 og 2.5 eða vísa því úr höfn skv. málsgrein 1.1 til 1.3 ef tilnefndir fulltrúar stjórnvalds sammingsríkisstjórnar hafa gíldar ástæður til að ætla að skipið skapi bráða ógn við vernd eða öryggi einstaklinga, skip eða aðrar eignir og ef ekki er önnur viðeigandi leið að stemma stigu við ógninni.

3.4 Aðeins skal gripið til eftirlitsráðstafananna sem um getur í málsgrein 1.3 og aðgerðanna sem um getur í málsgrein 2.5, samkvæmt þessari reglugerð, uns ráðin hefur verið bót á vanefndunum sem gáfu tilefni til eftirlitsráðstafananna eða aðgerðanna þannig að fullnægjandi sé að mati sammingsríkisstjórnar, að teknu tilliti til aðgerða sem skipið eða stjórnvald leggja til, ef við á.

3.5 Þegar sammingsríkisstjórnir beita eftirliti skv. 1. málsgrein eða gripa til aðgerða skv. 2. málsgrein:

- .1 skal gera allt sem hægt er til að forðast að skip verði kyrrsett eða það tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er kyrrsett eða tafið á ótilhlýðilegan hátt skal það eiga rétt á bótum fyrir tap eða tjón sem það verður fyrir og
- .2 skal ekki hindra nauðsynlegan aðgang að skipinu í neyðartilvikum eða í nafni mannúðar og af siglingaverndarástæðum.

10. regla:

Kröfur að því er varðar hafnaraðstöðu

- 1 Hafnaraðstaða skal uppfylla viðeigandi kröfur þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans, að teknu tilliti til leiðbeininganna í B-hluta ISPS-kóðans.
- 2 Samningsríkisstjórnir með eina eða fleiri hafnaraðstöðu innan yfirráðsvæðis síns sem heyrir undir þessa reglugerð skulu tryggja að:
 - 1 áhættumat fyrir hafnaraðstöðu sé framkvæmt, endurskoðað og samþykkt í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans og
 - 2 verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu séu samdar, endurskoðaðar, samþykktar og framkvæmdar í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans.
- 3 Samningsríkisstjórnir skulu benda á og miðla upplýsingum um ráðstafanir, sem krafist er að komi fram í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu fyrir hin ýmsu vástig, þ.m.t. hvenær krafist er að yfirlýsing um siglingavernd sé lögð fram.

11. regla:

Aðrir verndarsamningar

- 1 Samningsríkisstjórnir mega, þegar þær hrinda í framkvæmd þessum kafla og A-hluta ISPS-kóðans, gera skriflega tvíhliða eða marghliða samninga við aðrar samningsríkisstjórnir um aðrar verndarráðstafanir sem gilda um stuttar millilandasiglingar á föstum siglingaleiðum milli hafna innan yfirráðsvæða þeirra.
- 2 Slíkir samningar skulu ekki veikja verndarstig annarra skipa eða hafnaraðstöðu sem fellur ekki undir samninginn.
- 3 Skip sem falla undir slíkan samning skulu ekki taka þátt í neinni innbyrðis starfsemi milli skipa þar sem skip, sem ekki heyrir undir þennan samning, eiga í hlut.
- 4 Slíka samninga skal endurskoða reglulega, að teknu tilliti til fenginnar reynslu sem og hvers kyns breytinga sem kunna að verða á aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig eða á mati á ögninni sem stoðjar að skipunum, hafnaraðstöðunni eða siglingaleiðunum sem heyrir undir samninginn.

12. regla:

Jafngildar verndarráðstafanir

- 1 Stjórnvald getur heimilað tilteknu skipi eða hópi skipa, sem hafa rétt til að sigla undir fána þess, að hrinda í framkvæmd öðrum verndarráðstöfunum sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða í A-hluta ISPS-kóðans, að því tilskildu að slíkar verndarráðstafanir séu a.m.k. jafnáhrifaríkar og þær sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða A-hluta ISPS-kóðans. Stjórnvald sem heimilar slíkar verndarráðstafanir skal senda stofnuninni upplýsingar um það.
- 2 Þegar ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans er hrint í framkvæmd má samningsríkisstjórn heimila tiltekinni hafnaraðstöðu eða hópi hafna innan yfirráðsvæðis síns, öðrum en þeim sem heyrir undir samning sem gerður er skv. 11. reglu, að hrinda í framkvæmd verndarráðstöfunum sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða í A-hluta ISPS-kóðans, að því tilskildu að slíkar verndarráðstafanir séu a.m.k. jafnáhrifaríkar og þær sem mælt er fyrir um í þessum kafla eða A-hluta ISPS-kóðans. Samningsríkisstjórn sem heimilar slíkar verndarráðstafanir skal senda stofnuninni upplýsingar um það.

13. regla:

Miðlun upplýsinga

- 1 Samningsríkisstjórnir skulu, eigi síðar en 1. júlí 2004, senda eftirfarandi upplýsingar til stofnunarinnar og jafnframt koma þeim á framfæri við útgerðarfélög og skip:
 - .1 heiti og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við innlent yfirvald þess eða yfirvöld sem bera ábyrgð á vernd skipa og hafnaraðstöðu,
 - .2 til hvaða svæða innan yfirráðasvæðis þeirra samþykktar verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu ná,
 - .3 nöfn og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við þá sem hafa verið tilnefndir til að vera til reiðu öllum stundum til að taka á móti og bregðast við váköllum frá skipum til lands, sem um getur í reglu 6.2.1,
 - .4 nöfn og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við þá sem hafa verið tilnefndir til að vera til reiðu öllum stundum til að taka á móti og bregðast við hvers kyns tilkynningum frá samningsríkisstjórnunum sem annast ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar, sem um getur í reglu 9.3.1, og
 - .5 nöfn og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við þá sem hafa verið tilnefndir til að vera til reiðu öllum stundum til ráðgjafar eða aðstoðar skipum og sem skip geta tilkynnt til hvers kyns áhyggjuefni sem varða siglingavernd, sem um getur í reglu 7.2, og uppfæra síðan slíkar upplýsingar jafnharðan og breytingar verða á þeim. Stofnunin skal dreifa slíkum upplýsingum til annarra samningsríkisstjórna til upplýsingar fyrir fulltrúa þeirra.
- 2 Samningsríkisstjórnir skulu, eigi síðar en 1. júlí 2004, senda upplýsingar til stofnunarinnar um nöfn og upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við hverja þá viðurkennda verndaraðila sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd þeirra ásamt upplýsingum um það hvaða tiltekna ábyrgð og vald þeim hefur verið falið. Uppfæra skal slíkar upplýsingar jafnharðan og breytingar verða á þeim. Stofnunin skal dreifa slíkum upplýsingum til annarra samningsríkisstjórna til upplýsingar fyrir fulltrúa þeirra.
- 3 Samningsríkisstjórnir skulu, eigi síðar en 1. júlí 2004, senda stofnunin ní skrá sem sýnir samþykktar verndaráætlanir fyrir alla hafnaraðstöðu innan yfirráðasvæðis þeirra, það svæði eða þau svæði sem hver samþykkt verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu tekur til auk dagsetningarinnar þegar hún var samþykkt og skulu síðan tilkynna þegar einhver eftirtalinnar breytinga á sér stað:
 - .1 ef breytingar eru fyrirhugaðar eða hafa verið gerðar á því svæði eða þeim svæðum sem samþykkt verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu tekur til. Í slíkum tilvikum skal koma fram í upplýsingunum, sem tilkynna á, breytingarnar sem verða á því svæði eða þeim svæðum sem áætlunin tekur til og dagsetningin þegar breytingarnar verða gerðar eða voru framkvæmdar,
 - .2 ef samþykkt verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, sem var áður að finna á skránni sem send var til stofnunarinnar, verður afturkölluð eða hefur verið afturkölluð. Í slíkum tilvikum skal koma fram í upplýsingunum, sem tilkynna á, dagsetningin þegar afturköllunin tekur gildi eða var framkvæmd. Í þessum tilvikum skal stofnuninni tilkynnt um þetta eins fljótt og gerlegt er og
 - .3 ef bæta á við skrána yfir samþykktar verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu. Í slíkum tilvikum skal koma fram í upplýsingunum, sem tilkynna á, það svæði eða þau svæði sem áætlunin tekur til og dagsetning samþykktar hennar.
- 4 Samningsríkisstjórnir skulu á fimm ára fresti eftir 1. júlí 2004 senda til stofnunarinnar endurskoðaða og uppfærða skrá yfir samþykktar verndaráætlanir fyrir alla hafnaraðstöðu sem er að finna innan yfirráðasvæða þeirra, ásamt því svæði eða þeim svæðum sem hver samþykkt verndaráætlun tekur til og samsvarandi dagsetningu samþykktar (ásamt dagsetningu samþykktar allra breytinga á þeim) sem leysir af hólmi og kemur í stað allra upplýsinga sem sendar eru stofnuninni skv. 3. málsgrein á undanfönum fimm árum.

- 5 Samningsríkisstjórnir skulu senda stofnuninni upplýsingar um að gerður hafi verið samningur skv. 11. reglu. Í upplýsingunum sem sendar eru skal tilgreina:
 - .1 heiti samningsríkisstjórna sem hafa gert samninginn,
 - .2 alla hafnaraðstöðu og fastar siglingaleiðir sem samningurinn tekur til,
 - .3 hversu oft samningurinn skal endurskoðaður
 - .4 gildistöku dag samningsins og
 - .5 upplýsingar um hvers kyns samráð sem hefur átt sér stað við aðrar samningsríkisstjórnir,og síðan skal senda til stofnunarinnar, eins fljótt og auðið er, upplýsingar um það þegar samningnum er breytt eða honum rift.
- 6 Sérhver samningsríkisstjórn sem heimilar, samkvæmt ákvæðum 12. reglu, hvers kyns jafngildar verndarráðstafanir með tilliti til skips sem hefur rétt til að sigla undir fána hennar eða með tilliti til hafnaraðstöðu sem er að finna innan yfirráðasvæðis hennar skal senda upplýsingar þar að lútandi til stofnunarinnar.
- 7 Stofnunin skal koma á framfæri upplýsingunum sem sendar eru skv. 3. málsgrein til annarra samningsríkisstjórna sé þess óskað.“

—

II. VIÐAUKI

„ALPJÓÐAKÓÐI UM VERND SKIPA OG HAFNARÁSTÖÐU

INNGANGSORÐ

1. Á ráðstefnu stjórnarereindreka um siglingavernd sem haldin var í Lundúnum í desember 2002 var samþykkt að taka upp ný ákvæði í alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 og þennan kóða um aukna siglingavernd. Þessar nýju kröfur mynda nýjan alþjóðlegan grundvöll sem gerir skipum og höfnum kleift að vinna saman með það að leiðarljósi að greina og hindra aðgerðir sem ógna vernd á sviði sjóflutninga.
2. Í kjölfar hinna hörmulegu atburða 11. september 2001 var ákveðið samhljóða á tuttugasta og öðru þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar („stofnunin“) í nóvember 2001 að þróa nýjar ráðstafanir tengdar vernd skipa og hafnaraðstöðu, til samþykktar á ráðstefnu samningsríkisstjórna að alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (þekkt sem ráðstefna stjórnarereindreka um siglingavernd) í desember 2002. Siglingaöryggisnefnd stofnunarinnar (MSC) var falinn undirbúningur ráðstefnu stjórnarereindreka á grundvelli skjala sem lögð voru fram af aðildarríkjum, milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum með stöðu ráðgjafa gagnvart stofnuninni.
3. Á fyrsta aukafundi siglingaöryggisnefndar, sem var einnig haldinn í nóvember 2001, var settur á laggirnar vinnuhópur milli funda um siglingavernd í því skyni að hraða þróun og samþykki viðeigandi verndarráðstafana. Fyrsti fundur vinnuhópsins milli funda var haldinn í febrúar 2002 og afrakstri viðræðnanna var komið á framfæri við siglingaöryggisnefnd til afgreiðslu á sjötugasta og fimmta fundi nefndarinnar í maí 2002 þegar sérstakur vinnuhópur var stofnaður til að vinna frekar að þeim tillögum sem voru lagðar fram. Á sjötugasta og fimmta fundi siglingaöryggisnefndar var fjallað um skýrslu þessa vinnuhóps og mælt með því að frekari vinna yrði innt af hendi í öðrum vinnuhópi milli funda á vegum nefndarinnar sem kom saman í september 2002. Á sjötugasta og sjötta fundi siglingaöryggisnefndar var niðurstaða fundar vinnuhóps nefndarinnar milli funda í september 2002 tekin til umfjöllunar, auk áframhaldandi starfa vinnuhóps nefndarinnar, sem haldinn var í tengslum við sjötugasta og sjötta fund nefndarinnar í desember 2002, strax á undan ráðstefnu stjórnarereindreka, og lokaútgáfa framlagðra texta, sem ráðstefna stjórnarereindreka tekur til skoðunar, samþykkt.
4. Á ráðstefnu stjórnarereindreka (9.-13. desember 2002) voru einnig samþykktar breytingar á núgildandi ákvæðum alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin) til að hraða innleiðingu krafanna um að setja upp sjálfvirk auðkenningarkerfi (AIS) auk þess sem samþykktar voru nýjar reglur í kafla XI-1 í SOLAS-samþykktinni sem fjallar um að setja upp kenninúmer skipa og að hafa ferilskrá (Continuous Synopsis Record) tilteka. Á ráðstefnu stjórnarereindreka voru einnig samþykktar fjölmargar ályktanir ráðstefnunnar, þ.m.t. þær sem fjalla um innleiðingu og endurskoðun þessa kóða, tæknisamstarf og samstarf við Alþjóðavinnumálastofnunina og Alþjóðatollastofnunina. Viðurkennt var að nauðsynlegt kynni að vera að endurskoða og breyta sumum hinna nýju ákvæða um siglingavernd þegar störfum þessara tveggja stofnana lyki.
5. Ákvæði kafla XI-2 í SOLAS-samþykktinni og þessa kóða gilda um skip og hafnaraðstöðu. Samþykkt var að vikka út gildissvið SOLAS-samþykktarinnar þannig að samþykktin næði til hafnaraðstöðu á grundvelli þess að SOLAS-samþykktin væri fljótlegasta leiðin til að tryggja að nauðsynlegar verndarráðstafanir öðluðust sem fyrst gildi og yrði þegar hrint í framkvæmd. Þó var enn fremur samþykkt að ákvæði sem tengjast hafnaraðstöðu ættu einungis að taka til tengsla skips og hafnar. Frekari vinna á sviði verndar hafnarsvæða verður innt af hendi sameiginlega á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Einnig var samþykkt að ákvæðin ættu ekki að ná til hinna eiginlegu viðbragða við árásum eða hvers kyns hreinsunaraðgerða eftir slíka árás.
6. Þegar ákvæðin voru samin varð að gæta samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og hjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, með áorðnum breytingum, alþjóðlegan kóða um öryggisstjórnun (ISM-kóðann) og samræmda skoðunar- og vottunarkerfið.
7. Ákvæðin endurspeгла verulega breytingu á því hvernig alþjóðasiglingageirinn tekur á siglingavernd á sviði sjóflutninga. Það er ljóst að þau geta íþyngt tilteknum samningsríkisstjórnunum til muna. Mikilvægi tæknisamvinnu í því skyni að aðstoða samningsríkisstjórnir við að innleiða ákvæðin er fyllilega viðurkennt.

8. Við framkvæmd ákvæðanna er nauðsynlegt að viðhalda skilvirku samstarfi og skilningi milli allra þeirra sem tengjast eða nota skip og hafnaraðstöðu, þ.m.t. áhöfn skipa, starfslið hafnar, farþegar, farnhagsmunaaðilar, stjórnendur skipa og hafna og starfsfólk innlendra yfirvalda og staðaryfirvalda sem hafa með höndum ábyrgð hvað varðar siglingavernd. Nauðsynlegt verður að endurskoða fyrirliggjandi venjur og verklagsreglur og breyta þeim ef þær veita ekki viðunandi vernd. Í þágu aukinnar siglingaverndar þarf sjóflutninga- og hafnagæirinn sem og innlend yfirvöld og staðaryfirvöld að axla aukna ábyrgð.
9. Hafa ætti leiðbeiningarnar, sem er að finna í B-hluta þessa kóða, til hliðsjónar við framkvæmd verndarákvæðanna sem mælt er fyrir um í kafla XI-2 í SOLAS-samþykktinni og í A-hluta þessa kóða. Samt sem áður er viðurkennt að það að hvaða marki leiðbeiningarnar gilda kann að vera breytilegt eftir eðli hafnaraðstöðunnar og skipsins, siglinga þess og/eða farmsins.
10. Ekkert í þessum kóða skal túlkað eða því beitt þannig að grundvallarréttindi og frelsi séu ekki höfð í heiðri eins og mælt er fyrir um í alþjóðlegum gæringum, einkum þeim sem tengjast sjómönnum og flóttamönnum, þ.m.t. yfirlýsing Alþjóðavinnuáætlunarinnar um grundvallarreglur og réttindi á vinnustað auk alþjóðlegra viðmiðana um sjómenn og hafnarstarfsmenn.
11. Með hliðsjón af því að alþjóðasamningurinn um auðveldun flutninga á sjó frá 1965, með áorðnum breytingum, kveður á um að opinber yfirvöld skuli heimila erlendum skipverjum landgöngu á meðan skipið sem þeir starfa á er í höfn, að því tilskildu að formsatriðum við komu skipsins hafi verið fullnægt og að opinberu yfirvöldin hafi enga ástæðu til að hafna landgöngu af ástæðum er varða lýðheilsu, almannaöryggi eða almannareglu, ættu sammingsríkisstjórnir, við samþykki verndaráætlaða fyrir skip og hafnaraðstöðu, að veita athygli þeirri staðreynd að starfsfólk skips starfar og býr um borð í skipinu og þarf á landgönguleyfi að halda og aðgangi að velferðarstofnunum sjómanna í landi, þ.m.t. læknishjálp.

A-HLUTI

LÖGBODNAR KRÖFUR VARDANDI ÁKVÆÐI KAFLA XI-2 Í VIÐAUKA VIÐ ALÞJÓÐASAMNINGINN UM ÖRYGGI
MANNSLÍFA Á HAFINU FRÁ 1974, MEÐ ÁORÐNUM BREYTINGUM

1 ALMENNT

1.1 Inngangur

Þessi hluti alþjóðakóðans um vernd skipa og hafnaraðstöðu inniheldur lögboðnar kröfur sem vísað er til í kafla XI-2 í alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum.

1.2 Markmið

Markmið þessa kóða eru eftirfarandi:

- .1 að mynda alþjóðlegan samstarfsgrundvöll fyrir samningsríkisstjórnir, opinberar stofnanir, sveitarstjórnir og siglinga- og hafnageirann til að greina ógn við siglingavernd og gripa til fyrirbyggjandi ráðstafana svo komast megi hjá váatvikum sem beinast gegn skipum eða hafnaraðstöðu sem notuð er í alþjóðaviðskiptum,
- .2 að ákveða hlutverk og ábyrgð samningsríkisstjórna, opinberra stofnana, sveitarstjórna og siglinga- og hafnageirans, innanlands og á alþjóðlegum vettvangi, við að tryggja siglingavernd,
- .3 að tryggja skjóta og markvissa söfnun og miðlun upplýsinga á sviði siglingaverndar,
- .4 að móta aðferðir við gerð áhættumats svo að fyrir hendi séu áætlanir og verklagsreglur til að bregðast við breytingum á vástigi og
- .5 að skapa traust á því að fyrir hendi séu fullnægjandi og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja siglingavernd.

1.3 Kröfur um hagnýt atriði

Til að stuðla að því að markmið kóðans náist eru í honum settar fram kröfur í því skyni um hagnýt atriði. Þar á meðal eru eftirfarandi atriði, en takmarkast þó ekki við þau:

- .1 að safna og meta upplýsingar sem lúta að ógn við siglingavernd og miðla þeim til hlutaðeigandi samningsríkisstjórna,
- .2 að krefjast þess að reglur um samskipti skipa og hafnaraðstöðu séu uppfærðar,
- .3 að hindraður sé óheimill aðgangur að skipum, hafnaraðstöðu og haftasvæðum,
- .4 að komið sé í veg fyrir að óheimil vopn, íkveikiútbúnaður eða sprengiefni berist um borð í skip eða til hafnaraðstöðu,
- .5 að ráðstafanir séu gerðar til að unnt sé að senda út viðvörðun um yfirvofandi ógn við siglingavernd eða váatvik,
- .6 að gerðar séu verndaráætlanir fyrir skip og hafnaraðstöðu sem byggjast á áhættumati og
- .7 að kennsla, þjálfun og æfingar fari fram til að tryggja þekkingu á verndaráætlunum og verklagsreglum samkvæmt þeim.

2 SKILGREININGAR

2.1 Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir nema annað sé sérstaklega tekið fram:

- .1 „Samþykkt“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum.
- .2 Regla: regla í samþykktinni.
- .3 Kafli: kafli í samþykktinni.
- .4 Verndaráætlun skips: áætlun sem gerð er til að tryggja beitingu ráðstafana um borð í skipinu til að vernda einstaklinga um borð, farm, farmflutningseiningar, vistir eða skipið sjálft gegn hættu sem stafar af váatviki.

- .5 Verndaráætlun hafnaraðstöðu: áætlun sem gerð er til að tryggja beitingu ráðstafana til að vernda hafnaraðstöðu og skip, einstaklinga, farm, farmflutningseiningar og vistir innan hafnaraðstöðunnar gegn hættu sem stafar af váatviki.
- .6 Verndarfulltrúi skips: sá einstaklingur um borð í skipi sem ber ábyrgð gagnvart skipstjóra og er tilnefndur af útgerðarfélagi til að annast verndarmál skipsins, þar á meðal að innleiða og viðhalda verndaráætlun skipsins, og sjá um samskipti við verndarfulltrúa útgerðarfélagsins og verndarfulltrúa hafna.
- .7 Verndarfulltrúi útgerðarfélags: sá einstaklingur sem útgerðarfélag skips hefur tilnefnt til að sjá um að gert sé áhættumat fyrir skipið, að verndaráætlun sé gerð fyrir það og hún lögð fram til samþykktar og að því loknu að henni sé hrundið í framkvæmd og haldið við, sem og til að sjá um samskipti við verndarfulltrúa hafna og verndarfulltrúa skipsins.
- .8 Verndarfulltrúi hafnar: sá einstaklingur sem ber ábyrgð á að útbúa, innleiða, endurskoða og halda við verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og sjá um samskipti við verndarfulltrúa skipa og útgerðarfélaga.
- .9 Vástig 1: það stig þegar viðhlítandi lágmarksverndarráðstöfunum skal beitt öllum stundum.
- .10 Vástig 2: það stig þegar viðhlítandi viðbótarverndarráðstöfunum skal beitt tímabundið vegna aukinnar hættu á váatviki.
- .11 Vástig 3: það stig þegar gripa skal tímabundið til sértekra verndar- og öryggisráðstafana meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi, þótt e.t.v. sé ekki unnt að benda á tiltekið skotmark.
- 2.2 Þegar hugtakið „skip“ er notað í þessum kóða nær það einnig yfir færanlega borpalla á sjó og háhraðaför sem skilgreind eru í reglu XI-2/1.
- 2.3 Þegar fjallað er um hugtakið „samningsríkisstjórn“ í tengslum við hafnaraðstöðu í 14.-18. lið þessa kóða felur það í sér vísun til „tilnefnds yfirvalds“.
- 2.4 Þau hugtök, sem ekki eru sérstaklega skilgreind í þessum hluta, skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í köflum I og XI-2.
- 3 BEITING
- 3.1 Ákvæði þessa kóða gilda um:
 - .1 eftirtaldir tegundir skipa í millilandasiglingum:
 - .1 farþegaskip, þ.m.t. háhraðafarþegaför,
 - .2 flutningaskip, þ.m.t. háhraðaför, 500 brúttótonn að stærð og stærri og
 - .3 færanlega borpalla á sjó og
 - .2 hafnaraðstöðu, sem þjónar framangreindum skipum í millilandasiglingum.
- 3.2 Þrátt fyrir ákvæði liðar 3.1.2 skulu samningsríkisstjórnir ákveða að hve miklu leyti ákvæði þessa hluta kóðans skuli gilda um hafnaraðstöðu á yfirráðasvæði þeirra sem einkum þjónar skipum sem ekki eru í millilandasiglingum, en þjóna þó stöku sinnum skipum sem taka þar höfn eða láta úr höfn í millilandasiglingar.
- 3.2.1 Samningsríkisstjórnir skulu byggja ákvarðanir sínar skv. lið 3.2 á áhættumati fyrir hafnaraðstöðu sem gert er í samræmi við þennan hluta kóðans.
- 3.2.2 Ákvarðanir sem samningsríkisstjórn tekur skv. lið 3.2 skulu ekki stofna í hættu því verndarstigi sem leitast er við að ná með kafla XI-2 eða þessum hluta kóðans.
- 3.3 Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip, hjálparskip flotans eða önnur skip í eigu eða útgerð samningsríkisstjórnar sem eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni.

- 3.4 Ákvæði 5.-13. liðar og 19. liðar í þessum hluta gilda um útgerðarfélög og skip eins og kveðið er á um í reglu XI-2/4.
 - 3.5 Ákvæði 5. liðar og 14.-18. liðar í þessum hluta gilda um hafnaraðstöðu eins og kveðið er á um í reglu XI-2/10.
 - 3.6 Ákvæði þessa kóða gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur ríkja samkvæmt þjóðarétti.
- 4 ÁBYRGÐ SAMNINGSRÍKISSTJÓRNA
- 4.1 Með fyrirvara um ákvæðin í reglum XI-2/3 og XI-2/7 skulu samningsríkisstjórnir ákveða vástig og gefa út leiðbeiningar um vernd við váatvikum. Því hærra sem vástig er þeim mun meiri líkur eru á váatviki. Meðal þeirra þátta sem leggja ber mat á við ákvörðun vástigs eru:
 - .1 hversu áreiðanlegar upplýsingarnar um ógn eru,
 - .2 hvort upplýsingar um ógn fáist staðfestar,
 - .3 hversu ítarlegar upplýsingarnar eru og hversu bráð hættan virðist og
 - .4 mögulegar afleiðingar váatviksins.
 - 4.2 Við ákvörðun vástigs 3 skulu samningsríkisstjórnir eftir þörfum gefa út viðhlítandi fyrirmæli og upplýsingar á sviði siglingaverndar til þeirra skipa og hafnaraðstöðu sem þetta getur snert.
 - 4.3 Samningsríkisstjórnnum er heimilt að fela viðurkenndum verndaraðila að sinna hluta skuldbindinga sinna á sviði siglingaverndar sem tilgreindar eru í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans, en þó ekki:
 - .1 að ákveða gildandi vástig,
 - .2 að samþykkja áhættumat fyrir hafnaraðstöðu og breytingar sem kunna að verða á samþykktu áhættumati,
 - .3 að ákveða hvaða hafnaraðstaða skuli tilnefna verndarfulltrúa hafnar,
 - .4 að samþykkja verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og þær breytingar sem kunna að verða á samþykktri áætlun,
 - .5 að annast ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar samkvæmt reglu XI-2/9t og
 - .6 að ákveða hvaða kröfur skuli gerðar um yfirlýsingu um siglingavernd.
 - 4.4 Samningsríkisstjórnir skulu, að því marki sem þær telja viðeigandi, prófa skilvirgni verndaráætlana skipa eða hafnaraðstöðu eða breytinga á slíkum áætlunum sem þær hafa samþykkt, eða, ef um er að ræða skip, áætlana sem hafa verið samþykktar fyrir þeirra hönd.
5. YFIRLÝSING UM SIGLINGAVERND
- 5.1 Samningsríkisstjórnir skulu ákveða hvenær krefjast skal yfirlýsingar um siglingavernd með því að leggja mat á það hvort tengsl skipa og hafnaraðstöðu eða innbyrðis starfsemi milli skipa skapi hættu gagnvart einstaklingum, eignum eða umhverfi.
 - 5.2 Skip getur farið fram á að útbúin sé yfirlýsing um siglingavernd þegar:
 - .1 vástig skipa er hærra en hafnar sem það kemur til eða skipa sem það er í tengslum við,
 - .2 fyrir liggur samkomulag um yfirlýsingu um siglingavernd milli samningsríkisstjórna sem tekur til tiltekinna millilandasiglinga eða tiltekinna skipa í þessum siglingum,
 - .3 komið hefur fram ógn við siglingavernd eða orðið hafa váatvik sem tengjast skipi eða höfn, eftir því sem við á,
 - .4 skip er í höfn sem ekki er krafist að hafi og beiti samþykktri verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu eða
 - .5 það stundar innbyrðis starfsemi milli skipa þar sem á í hlut skip sem ekki er krafist að hafi eða beiti samþykktri verndaráætlun skipa.

- 5.3 Viðkomandi hafnaraðstaða eða skip skulu staðfesta móttöku beiðna um gerð yfirlýsingar um siglingavernd sem lagðar eru fram í samræmi við ákvæði þessa liðar.
- 5.4 Yfirlýsing um siglingavernd skal gerð af:
- .1 skipstjóra eða verndarfulltrúa skips fyrir skipsins hönd og, ef við á,
 - .2 verndarfulltrúa hafnar eða, ef samningsríkisstjórn kys að ráðstafa því svo, öðrum aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi í landi fyrir hönd hafnaraðstöðu.
- 5.5 Í yfirlýsingu um siglingavernd skal fjallað um þær verndarkröfur sem hafnaraðstaða og skip (eða fleiri skip sín á milli) geta uppfyllt í sameiningu og þar skal kveðið á um ábyrgð hvers aðila um sig.
- 5.6 Samningsríkisstjórnir skulu, með tilliti til ákvæðanna í reglu XI-2/9.2.3, tilgreina þann lágmarkstíma sem hafnaraðstaða á yfirráðasvæði þeirra skal varðveita yfirlýsingar um siglingavernd.
- 5.7 Stjórnvöld skulu, með tilliti til ákvæðanna í reglu XI-2/9.2.3, tilgreina þann lágmarkstíma sem varðveita skal yfirlýsingar um siglingavernd skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána þeirra.
- 6 SKYLDUR ÚTGERÐARFÉLAGS
- 6.1 Útgerðarfélag skal tryggja að í verndaráætlun skips sé ótvíræð yfirlýsing um valdsvið skipstjóra. Útgerðarfélag skal taka það fram í verndaráætlun skips að skipstjórnin hafi endanlegt vald og beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum sem lúta að öryggi og vernd skipsins og á því að leita aðstoðar útgerðarfélagsins eða hvaða samningsríkisstjórnar sem er, ef þörf krefur.
- 6.2 Útgerðarfélag skal sjá til þess að verndarfulltrúi útgerðarfélags, skipstjóri og verndarfulltrúi skips hljóti nægilegan stuðning við að sinna skyldum sínum og ábyrgð til samræmis við ákvæði kafla XI-2 og þessa hluta kóðans.
7. VERND SKIPA
- 7.1 Skip skulu haga viðbrögðum sínum við vástigi skilgreindu af samningsríkisstjórn eins og getur hér á eftir.
- 7.2 Þegar vástig 1 gildir skulu eftirtaldar ráðstafanir gerðar með viðhlítandi hætti um borð í öllum skipum, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, í því skyni að greina váatvik og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana gegn þeim:
- .1 tryggja skal að öllum verndarskyldum skips sé fullnægt,
 - .2 stýra skal aðgangi um borð í skip,
 - .3 hafa skal eftirlit með fólki sem fer um borð og eigum þess,
 - .4 vakta skal haftasvæði til að tryggja að einungis einstaklingar er hafa til þess heimild fái þar aðgang,
 - .5 vakta skal þilför skips og næsta umhverfi þess,
 - .6 hafa skal eftirlit með meðhöndlun farms og vista og
 - .7 tryggja skal að samskiptaleiðir sem varða siglingavernd séu virkar og tiltækar.
- 7.3 Þegar vástig 2 gildir skal beita þeim viðbótarvarnaraðgerðum, sem tilgreindar eru í verndaráætlun skips, fyrir hvern starfsþátt sem lýst er í lið 7.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 7.4 Þegar vástigi 3 gildir skal beita þeim viðbótarvarnaraðgerðum, sem tilgreindar eru í verndaráætlun skips, fyrir hvern starfsþátt sem lýst er í lið 7.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 7.5 Í hvert sinn sem stjórnvald ákveður vástig 2 eða vástig 3 skal skip staðfesta móttöku fyrir mæla um breytt vástig.

- 7.6 Áður en skip kemur til hafnar eða meðan það liggur í höfn á yfirráðasvæði sammingsríkisstjórnar sem hefur ákveðið vástig 2 eða 3 skal skipið staðfesta móttöku slíkra fyrirmæla og staðfesta við verndarfulltrúa hafnar að byrjað sé að beita viðhlítandi ráðstöfunum og aðferðum eftir verndaráætlun skipsins og, ef um er að ræða vástig 3, eftir fyrirmælum sammingsríkisstjórnar sem ákvað vástig 3. Skipið skal tilkynna hvers kyns vanda við framkvæmd. Í slíkum tilvikum skulu verndarfulltrúi skips og verndarfulltrúi hafnar hafa samráð og samræma viðeigandi aðgerðir.
- 7.7 Ef stjórnvald krefst þess að skip hækki vástig sitt umfram það sem gildir fyrir höfn þá sem skip hyggst taka eða liggur þegar í, eða ef vástig skips er þegar hærra en það sem gildir í viðkomandi höfn, skal skipið tafarlaust gera viðvart um þetta til lögbærs yfirvalds þeirrar sammingsríkisstjórnar sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem höfn er staðsett og til verndarfulltrúa hafnarinnar.
- 7.7.1 Í slíkum tilvikum skal verndarfulltrúi skips hafa samband við verndarfulltrúa hafnar og samræma viðeigandi ráðstafanir, ef þess gerist þörf.
- 7.8 Stjórnvald sem gefur skipum, sem hafa rétt til að sigla undir fána þess, fyrirmæli um að vástig 2 eða 3 skuli gilda í höfn annarrar sammingsríkisstjórnar skal tafarlaust tilkynna það til þeirrar sammingsríkisstjórnar.
- 7.9 Þegar sammingsríkisstjórnir ákveða vástig og tryggja að upplýsingar um það berist til skipa sem sigla í landhelgi þeirra, eða hafa tilkynnt að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra, skal þessum skipum ráðlagt að sýna árvekni og tilkynna án tafar til stjórnvalds síns og nærliggjandi strandríkja um allar upplýsingar sem þau komast á snoðir um sem gætu haft áhrif á siglingavernd á svæðinu.
- 7.9.1 Þegar sammingsríkisstjórn tilkynnir þessum skipum um gildandi vástig skal hún einnig, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, greina þessum skipum frá þeim verndarráðstöfunum sem þau ættu að grípa til og, ef við á, um þær ráðstafanir sem sammingsríkisstjórn grípur til í því skyni að veita vernd gegn ógninni.
8. ÁHÆTTUMAT FYRIR SKIP
- 8.1 Áhættumat fyrir skip er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur þáttur í því að útbúa og uppfæra verndaráætlun skips.
- 8.2 Verndarfulltrúi útgerðarfélags skal tryggja að áhættumat fyrir skip sé unnið af einstaklingum sem ráða yfir viðeigandi fæmi í að meta skipsvernd í samræmi við þennan lið og með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 8.3 Með fyrirvara um ákvæðin í lið 9.2.1 getur viðurkenndur verndaraðili annast áhættumat fyrir tiltekið skip.
- 8.4 Áhættumat fyrir skip skal fela í sér verndarkönnun á vettvangi sem að lágmarki skal ná til eftirtalinna þátta:
- .1 greiningar á verndarráðstöfunum, verklagsreglum og aðferðum sem beitt er,
 - .2 greiningar á og mats á þeim grundvallarþáttum í starfsemi um borð sem áriðandi er að vernda,
 - .3 greiningar á hugsanlegri ógn við grundvallarþætti starfseminnar um borð og mats á líkum á að til hennar komi svo unnt sé að koma á og forgangsraða verndarráðstöfunum og
 - .4 þess að bera kennsl á veikleika, þar á meðal mannlega þætti, í grunnvirkjum, stefnu og verklagsreglum.
- 8.5 Útgerðarfélagið skal skjalfesta áhættumat fyrir skip, endurskoða það, samþykka og varðveita.

- 9 VERNDARÁÆTLUN SKIPS
- 9.1 Um borð í sérhverju skipi skal vera verndaráætlun skips sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds. Í áætluninni skal kveðið á um vástigin þrjú sem skilgreind eru í þessum hluta kóðans.
- 9.1.1 Með fyrirvara um ákvæðin í lið 9.2.1 getur viðurkenndur verndaraðili útbúið verndaráætlun fyrir tiltekið skip.
- 9.2 Stjórnvaldi er heimilt að fela viðurkenndum verndaraðila að endurskoða og samþykkja verndaráætlanir skipa eða breytingar á áætlunum sem hlotið hafa samþykki.
- 9.2.1 Í þessum tilvikum skal hinn viðurkenndi verndaraðili, sem tekst á hendur endurskoðun og samþykkt verndaráætlunar tiltekins skips eða breytingar á henni, hvorki hafa verið aðili að gerð áhættumats skipsins eða verndaráætlunar þess né breytingum þar á sem verið er að endurskoða.
- 9.3 Verndaráætlun skips eða breytingum á samþykktri verndaráætlun, sem lögð er fram til samþykktar, skal fylgja áhættumat það sem verndaráætlunin eða breytingarnar grundvallast á.
- 9.4 Slik áætlun skal gerð með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða og skal rituð á vinnutungumáli eða vinnutungumálum skipsins. Ef það eða þau tungumál eru hvorki enska, franska né spænska skal fylgja með þýðing á eitt þessara tungumála. Verndaráætlunin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:
- .1 ráðstafanir til að hindra að vopn, hættuleg efni og búnaður sem ætlaður er til nota gegn einstaklingum, skipum eða höfnum og óheimilt er að flytja, séu tekin um borð í skipið,
 - .2 skilgreiningu á haftasvæðunum og ráðstafanir til að hindra óheimilan aðgang að þeim,
 - .3 ráðstafanir til að hindra að unnt sé að komast um borð í skipið í heimildarleysi,
 - .4 verklaagsreglur um það hvernig skuli bregðast við ógnum við eða brestum í siglingavernd, þ.m.t. ákvæði um hvernig mikilvægri starfsemi um borð í skipi eða við tengsl skips og hafnar skuli haldið gangandi,
 - .5 verklaagsreglur um viðbrögð við hvers konar verndarfyrirmælum sem samningsríkisstjórnir kunna að gefa við vástig 3,
 - .6 verklaagsreglur um brottflutning fólks ef um ógnanir við eða bresti í siglingavernd er að ræða,
 - .7 upplýsingar um skyldur skipverja sem starfa að siglingavernd og annarra skipverja með tilliti til þátta sem varða siglingavernd,
 - .8 verklaagsreglur um það hvernig gera skuli úttekt á verndarráðstöfunum,
 - .9 verklaagsreglur um tilhögun kennslu, þjálfunar og æfinga sem tengjast verndaráætlun,
 - .10 verklaagsreglur um tilhögun tengsla við verndarráðstafanir hafnaraðstöðu,
 - .11 verklaagsreglur um tilhögun reglubundinnar endurskoðunar og uppfærslu verndaráætlunar,
 - .12 verklaagsreglur um það hvernig skuli tilkynna um váatvik,
 - .13 deili á verndarfulltrúa skips,
 - .14 nafn verndarfulltrúa útgerðarfélags auk upplýsinga um það hvernig unnt sé að ná sambandi við hann á hvaða tíma sólarhrings sem er,
 - .15 verklaagsreglur til að tryggja skoðun á verndarbúnaði skipsins, prófun hans, stillingu og viðhaldi,
 - .16 verklaagsreglur um það hversu oft skuli prófa eða stilla verndarbúnað skipsins,
 - .17 upplýsingar um það frá hvaða stöðum í skipinu hægt er að ræsa vákallsbúnað og
 - .18 verklaagsreglur, fyrirmæli og leiðbeiningar um notkun á vákallsbúnaði skipsins, þar á meðal hvernig skuli prófa hann, ræsa hann, slökkva á honum og endurstilla, og hvernig skuli stemma stígu við tilefnislausum váköllum.
- 9.4.1 Starfsmenn, sem annast innri úttekt þeirra verndarráðstafana sem tilgreindar eru í verndaráætlun eða meta framkvæmd þeirra, skulu ekki tengjast þeim störfum sem úttektin nær til nema slíkt sé óframkvæmanlegt vegna stærðar og eðlis útgerðarfélagsins eða skipsins.

- 9.5 Stjórnvöld skulu ákveða hvaða breytingar á samþykktri verndaráætlun skips eða verndarbúnaði sem um getur í slíkri ætlun skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en viðeigandi breytingar á verndaráætluninni hafa hlotið samþykki stjórnvalda. Sérhver slík breyting skal a.m.k. vera jafnáhrifarík og þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans.
- 9.5.1 Inntak breytinga, sem gerðar eru á verndaráætlun skips eða verndarbúnaði og hlotið hafa sérstakt samþykki stjórnvalda í samræmi við ákvæði liðar 9.5, skal skjalfest á þann hátt að samþykki stjórnvalda komi fram með öyggjandi hætti. Samþykki stjórnvalda skal liggja fyrir um borð og skal lagt fram ásamt alþjóðlegu siglingaverndarskirteini (eða alþjóðlegu bráðabirgðasiglingaverndarskirteini). Séu breytingarnar tímabundnar þarf ekki að varðveita skjalið um borð eftir að hinar upphaflegu samþykktu ráðstafanir eða búnaður hafa verið tekin í notkun á ný.
- 9.6 Heimilt er að varðveita verndaráætlun skips á rafrænu formi. Í því tilviki skal hún varin með aðferðum sem miða að því að hindra óheimila eyðingu hennar, eyðileggingu eða breytingu á henni.
- 9.7 Verja skal áætlunina fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.
- 9.8 Verndaráætlanir skipa falla ekki undir skoðun tilnefndra fulltrúa stjórnvalds samningsríkisstjórnar til að annast ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar samkvæmt reglu XI-2/9 nema undir þeim kringumstæðum sem lýst er í lið 9.8.1.
- 9.8.1 Ef tilnefndir fulltrúar stjórnvalds samningsríkisstjórnar hafa rökstuddan grun um að skip uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða og eina leiðin til þess að sannreyna það eða bæta úr því er að endurskoða viðeigandi kröfur í verndaráætlun skipsins má í undantekningartilvikum heimila takmarkaðan aðgang að þeim tilteknu hlutum áætlunarinnar sem varða vanefndirnar, en þó því aðeins að samningsríkisstjórn sem skipið heyrir undir eða skipstjóri þess veiti samþykki sitt. Engu að síður skal líta á þau ákvæði áætlunarinnar sem snerta lið 9.4 og undirliði .2, .4, .5, .7, .15, .17, og .18 í þessum hluta kóðans sem trúnaðarupplýsingar sem ekki skuli sæta skoðun nema hlutaðeigandi samningsríkisstjórnir komist að samkomulagi um það.
- 10 SKRÁR
- 10.1 Skrár um eftirtalin atriði í verndaráætlun skips skulu varðveittar um borð í a.m.k. þann tíma sem stjórnvöld mæla fyrir um, og með tilliti til ákvæða í reglu XI-2/9.2.3:
- .1 kennslu, þjálfun og æfingar,
 - .2 ógnanir við siglingavernd og váatvik,
 - .3 bresti í siglingaverndinni,
 - .4 breytingar á vástigi,
 - .5 boðskipti sem varða beina vernd skips, s.s. gagngerar ógnanir við skipið eða þá hafnaraðstöðu þar sem skipið liggur eða hefur legið,
 - .6 innri úttekt og endurmat á verndarráðstöfunum,
 - .7 reglubunna endurskoðun á áhættumati fyrir skip,
 - .8 reglubundna endurskoðun á verndaráætlun skips,
 - .9 framkvæmd breytinga á verndaráætlun og
 - .10 viðhald, stillingar og prófanir á þeim verndarbúnaði sem er um borð, m.a. prófanir á vákallsbúnaði skipsins.
- 10.2 Skrárnar skulu færðar á vinnutungumáli eða vinnutungumálum skipsins. Ef það eða þau tungumál eru hvorki enska, franska eða spænska skal þýðing á eitthvert þessara tungumála fylgja með.
- 10.3 Heimilt er að varðveita skrárnar á rafrænu formi. Í því tilviki skulu þær varðar með aðferðum sem miða að því að hindra óheimila eyðingu þeirra, eyðileggingu eða breytingu á þeim.
- 10.4 Verja skal skrárnar fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

11 VERNDARFULLTRÚI ÚTGERÐARFÉLAGS

- 11.1 Útgerðarfélag skal tilnefna verndarfulltrúa. Sá einstaklingur sem útnefndur er verndarfulltrúi útgerðarfélags getur verið verndarfulltrúi útgerðarfélags gagnvart fleiri skipum en einu, háð fjölda eða tegundum þeirra skipa sem útgerðarfélagið rekur, að því tilskildu að ótvírætt sé hvaða skip séu á ábyrgð viðkomandi einstaklings. Útgerðarfélag getur, háð fjölda eða tegundum skipa sem það rekur, tilnefnt fleiri en einn verndarfulltrúa að því tilskildu að það sé ótvírætt hvaða skip séu á ábyrgð hvers verndarfulltrúa um sig.
- 11.2 Til viðbótar þeim skyldum og þeirri ábyrgð verndarfulltrúa útgerðarfélags sem greint er frá annars staðar í þessum hluta kóðans skulu skyldur og ábyrgð verndarfulltrúa útgerðarfélags vera eftirtalin, en þó ekki takmarkast við að:
- .1 upplýsa um þá áhættu sem skipið mun að líkindum verða fyrir og nota til þess viðeigandi áhættumat og aðrar upplýsingar sem máli skipta,
 - .2 sjá til þess að áhættumat fyrir skip fari fram,
 - .3 sjá til þess að gerð sé verndaráætlun fyrir skipið, hún sé lögð fram til samþykktar og að svo búnu sé farið eftir henni og henni haldið við,
 - .4 sjá til þess að verndaráætlun skips sé breytt efur því sem við á til að bæta úr ágöllum og mæta verndarkröfum fyrir viðkomandi skip,
 - .5 skipuleggja innri úttektir og endurmat á verndarráðstöfunum,
 - .6 skipuleggja fyrstu og síðari sannprófanir á skipinu sem stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili framkvæmir,
 - .7 tryggja að tafarlaust sé brugðist við og tekið á annmörkum eða frávikum sem koma í ljós við innri úttektir, reglubundna endurskoðun, skoðanir vegna siglingaverndar eða sannprófun á að kröfum sé fullnægt,
 - .8 vekja fólk til vitundar um siglingavernd og árvekni,
 - .9 tryggja viðeigandi þjálfun þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á skipsvernd,
 - .10 tryggja virk samskipti og samvinnu milli verndarfulltrúa skips og hlutaðeigandi verndarfulltrúa hafnaraðstöðu,
 - .11 tryggja samræmi milli verndarkrafna og öryggiskrafna,
 - .12 tryggja að þótt notaðar séu verndaráætlanir fyrir systurskip eða skipaflota endurspegli verndaráætlun sérhvers skips nákvæmlega upplýsingar um það tiltekna skip og
 - .13 tryggja að allir valkostir eða jafngildar ráðstafanir sem samþykktar eru fyrir tiltekið skip eða tiltekinn flokk skipa komi til framkvæmda og sé haldið við.

12 VERNDARFULLTRÚI SKIPS

- 12.1 Verndarfulltrúi skal tilnefndur um borð í sérhverju skipi.
- 12.2 Til viðbótar þeim skyldum og þeirri ábyrgð verndarfulltrúa skips sem greint er frá annars staðar í þessum hluta kóðans skulu skyldur og ábyrgð verndarfulltrúa skips vera eftirtalin, en þó ekki takmarkast við að:
- .1 annast reglubundnar skoðanir vegna siglingaverndar á skipinu til að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu gerðar,
 - .2 viðhalda verndaráætlun skips og sjá um framkvæmd hennar, þ.m.t. að gera nauðsynlegar breytingar á áætluninni,
 - .3 samhæfa með öðrum skipverjum og hlutaðeigandi verndarfulltrúum hafnar meðhöndlun farms og vista með tilliti til þátta er varða siglingavernd,
 - .4 gera tillögur um breytingar á verndaráætlun skips,
 - .5 tilkynna verndarfulltrúa útgerðarfélags um alla annmarka og frávik sem í ljós koma við innri úttektir, reglubundna endurskoðun, skoðanir vegna siglingaverndar og sannprófun á að kröfum sé fullnægt og að hrinda í framkvæmd úrbótum,
 - .6 vekja fólk um borð til vitundar um siglingavernd og árvekni,

- .7 tryggja að skipverjar hljóti fullnægjandi þjálfun, eftir því sem við á,
 - .8 tilkynna um öll váatvik,
 - .9 samræma framkvæmd verndaráætlunar skips í samstarfi við verndarfulltrúa útgerðarfélags og verndarfulltrúa hlutaðeigandi hafnar og
 - .10 tryggja að verndarbúnaði skips, ef einhver er, sé beitt rétt, hann sé prófaður, stilltur og honum haldið við.
- 13 KENNSLA, ÞJÁLFUN OG ÆFINGAR Á SVIÐI SKIPSVERNDAR
- 13.1 Verndarfulltrúi útgerðarfélags og viðeigandi starfslið í landi skal búa yfir þekkingu og hafa hlotið kennslu með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 13.2 Verndarfulltrúi skips skal búa yfir þekkingu og hafa hlotið þjálfun með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 13.3 Þeim skipverjum sem hafa sérstökum verndarskyldum og ábyrgð að gegna skal vera ljós ábyrgð sín á sviði siglingaverndar eins og lýst er í verndaráætlun skips og skal hafa til að bera fullnægjandi þekkingu og hæfni til að gegna skyldum sínum með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 13.4 Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd verndaráætlunar skips skulu æfingar fara fram með hæfilegu millibili með tilliti til gerðar skipsins, breytinga á mannahaldi skipsins, þeirri hafnaraðstöðu þar sem skipinu er ætlað að halda til og öðrum aðstæðum sem máli skipta með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 13.5 Verndarfulltrúi útgerðarfélags skal tryggja árangursríka samræmingu og framkvæmd verndaráætlana skipa með því að taka þátt í æfingum með hæfilegu millibili, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 14 VERND HAFNARAÐSTÖÐU
- 14.1 Hafnaraðstöðu ber að virða þau vástig sem sett eru af samningsríkisstjórn sem ræður því yfirlitshætti þar sem höfnin er staðsett. Framfylgja skal verndaráætlunum og verklagsreglum hafnaraðstöðu með þeim hætti að sem minnst óþægindi og tafir hljóti af fyrir farþega, skip, áhafnir og gesti, vöru og þjónustu.
 - 14.2 Þegar vástig 1 gildir skulu eftirtaldir ráðstafanir gerðar með viðhlítandi hætti í allri hafnaraðstöðu, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, í því skyni að greina váatvik og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana gegn þeim:
 - .1 tryggja skal að öllum verndarskyldum hafnaraðstöðu sé fullnægt,
 - .2 stýra skal aðgangi að hafnaraðstöðunni,
 - .3 vakta skal hafnaraðstöðuna, þ.m.t. akkerislægi og viðlegukant(a),
 - .4 vakta skal haftasvæði til að tryggja að einungis einstaklingar er hafa til þess heimild fái þar aðgang,
 - .5 hafa skal eftirlit með meðhöndlun farms,
 - .6 hafa skal eftirlit með meðhöndlun vista og
 - .7 tryggja skal að samskiptaleiðir sem varða siglingavernd séu virkar.
 - 14.3 Þegar vástig 2 gildir skal gripið til aukinna verndaráætlana, sem tilgreindar eru í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, fyrir þá starfsþætti sem lýst er í lið 14.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 14.4 Þegar vástig 3 gildir skal gripið til frekari og sértækari verndaráætlana, sem tilgreindar eru í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, fyrir þá starfsþætti sem lýst er í lið 14.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
 - 14.4.1 Þegar vástig 3 gildir skulu hafnir þar að auki bregðast við og framkvæma öll þau fyrirmæli um vernd sem gefin eru af samningsríkisstjórninni sem ræður því yfirlitshætti þar sem hafnaraðstaðan er.

- 14.5 Þegar verndarfulltrúi hafnar verður þess áskynja að skip eigi í erfiðleikum með að uppfylla kröfumar í kafla XI-2, eða í þessum hluta, eða með að framkvæma viðeigandi ráðstafanir og aðgerðir eins og þeim er lýst í verndaráætlun skips og, þegar vástig 3 er í gildi, eigi í erfiðleikum með að fara eftir hvers konar verndarfyrirmælum sem gefin eru af þeirri samningsríkisstjórn sem ræður því yfirráðasvæði þar sem hafnaraðstaðan er, skulu verndarfulltrúi hafnar og verndarfulltrúi skips hafa með sér samráð og samræma viðeigandi aðgerðir.
- 14.6 Þegar verndarfulltrúi hafnar verður þess áskynja að um borð í skipi gildi hærra vástig en í hafnaraðstöðu skal hann greina lögbæru stjórnvaldi frá því og setja sig í samband við verndarfulltrúa skipsins og skulu þeir samræma viðeigandi aðgerðir ef þörf krefur.
- 15 ÁHÆTTUMAT FYRIR HAFNARADSTÖÐU
- 15.1 Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur þáttur í því að útbúa og uppfæra verndaráætlun hafnaraðstöðu.
- 15.2 Samningsríkisstjórn, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem höfn er staðsett, skal annast áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna. Samningsríkisstjórn getur falið viðurkenndum verndaraðila að gera áhættumat fyrir tiltekna hafnaraðstöðu sem er staðsett á yfirráðasvæði hennar.
- 15.2.1 Hafi áhættumat fyrir hafnaraðstöðu verið gert af viðurkenndum verndaraðila skal samningsríkisstjórn, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem hafnaraðstaðan er staðsett, endurskoða áhættumatið og samþykka að það sé í samræmi við þennan lið.
- 15.3 Þeir einstaklingar sem annast áhættumatið skulu hafa viðeigandi þekkingu til að meta öryggi hafnaraðstöðunnar samkvæmt þessum lið með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 15.4 Áhættumat hafnaraðstöðu skal endurskoðað og uppfært með reglulegu millibili með tilliti til breytinga á ógnum og/eða minni háttar breytinga á hafnaraðstöðu og skal það ætíð endurskoðað og uppfært ef meiri háttar breytingar verða á hafnaraðstöðunni.
- 15.5 Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
- .1 greiningu og mat á mikilvægum eignum og grunnvirkjum sem áriðandi er að vernda,
 - .2 greiningu á mögulegum ógnum við þessar eignir og grunnvirki og mat á líkum á að til þeirra komi svo unnt sé að koma á og forgangsraða verndaráætlunum,
 - .3 greiningu, val á og forgangsstöðun gagnráðstafana og breytinga á verklagsreglum og því hversu áhrifaríkar þær eru við að fækka veilum og
 - .4 greiningu á veikleikum, þar á meðal mannlegum þáttum, í grunnvirkjum, stefnu og verklagsreglum.
- 15.6 Samningsríkisstjórn getur heimilað að áhættumat fyrir hafnaraðstöðu taki til fleiri en einnar hafnaraðstöðu ef rekstraraðili, staðsetning, starfsemi, búnaður og hönnun hafnaraðstöðunnar sem í hlut á er með svipuðum hætti. Samningsríkisstjórn sem heimilar slíkar verndaráætlunir skal senda stofnuninni upplýsingar um það.
- 15.7 Að lokinni gerð áhættumats fyrir hafnaraðstöðu skal gera skýrslu sem hefur að geyma yfirlit um það hvernig staðið var að gerð áhættumatsins, lýsingu á þeim veilum sem matið leiddi í ljós og lýsingu á þeim gagnráðstöfunum sem nota má til að bæta úr veilunum. Verja skal skýrsluna fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

- 16 VERNDARÁÆTLUN FYRIR HAFNARÁSTÖÐU
- 16.1 Útbúa skal og viðhalda verndaráætlun fyrir hafnarástöðu á grundvelli áhættumats sem gert er fyrir hverja hafnarástöðu og skal hún ná til tengsla skips og hafnar. Í áætluninni skal kveðið á um vástigin þrjú sem skilgreind eru í þessum hluta kóðans.
- 16.1.1 Með fyrirvara um ákvæðin í lið 16.2 getur viðurkenndur verndaraðili útbúið verndaráætlun fyrir tiltekna hafnarástöðu.
- 16.2 Samningsríkisstjórnin, sem ræður því yfirráðsvæði þar sem höfnin er staðsett, skal samþykka verndaráætlun fyrir hafnarástöðuna.
- 16.3 Slík áætlun skal gerð með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða og skal rituð á vinnutungumáli hafnarástöðunnar. Verndaráætlun skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:
- .1 ráðstafanir til að hindra að vopn eða önnur hættuleg efni og búnaður sem ætlaður er til nota gegn einstaklingum, skipum eða höfnum og óheimilt er að flytja, berist til hafnarástöðu eða um borð í skip,
 - .2 ráðstafanir til að hindra óheimilan aðgang að hafnarástöðu, að skipum sem liggja þar við festar og að haftasvæðum innan hafnarástöðunnar,
 - .3 verklagsreglur um það hvernig skuli bregðast við ógnum við eða brestum í siglingavernd, þ.m.t. ákvæði um hvernig mikilvægri starfsemi hafnarástöðunnar eða tengslum skips og hafnar skuli haldið gangandi,
 - .4 verklagsreglur um viðbrögð við hvers konar verndarfyrirmælum samningsríkisstjórnar sem ræður því yfirráðsvæði þar sem hafnarástaða er staðsett og gefin kunna að vera á vástigi 3,
 - .5 verklagsreglur um brottflutning fólks ef um ógnanir við eða bresti í siglingavernd er að ræða,
 - .6 upplýsingar um skyldur starfsmanna hafnarástöðu sem starfa að siglingavernd og annarra starfsmanna með tilliti til þátta er varða siglingavernd,
 - .7 verklagsreglur um tilhögun tengsla við verndarráðstafanir skips,
 - .8 verklagsreglur um tilhögun reglubundinnar endurskoðunar og uppfærslu verndaráætlunar,
 - .9 verklagsreglur um það hvernig skuli tilkynna um váatvik,
 - .10 nafn verndarfulltrúa hafnarinnar auk upplýsinga um það hvernig unnt er að ná sambandi við hann á hvaða tíma sólarhrings sem er,
 - .11 ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem eru í verndaráætlun,
 - .12 ráðstafanir til að tryggja skilvirka vernd farms og búnaðar til að meðhöndla farm í hafnarástöðunni,
 - .13 verklagsreglur um endurskoðun verndaráætlunar fyrir hafnarástöðu,
 - .14 verklagsreglur um viðbrögð ef kall berst frá vákallskerfi skips í höfninni og
 - .15 verklagsreglur um hvernig greiða má fyrir landgönguleyfum skipverja og áhafnarskiptum, sem og aðgangi gesta að skipinu, þ.m.t. aðgangi fulltrúa velferðarstofnana og verkalýðsfélaga sjómanna.
- 16.4 Starfsmenn, sem annast innri úttektir á þeim verndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í verndaráætlun eða meta framkvæmd þeirra, skulu ekki tengjast þeim störfum sem úttektin nær til nema slíkt sé óframkvæmanlegt vegna stærðar og eðlis hafnarástöðunnar.
- 16.5 Verndaráætlun fyrir hafnarástöðu getur verið tengd eða hluti af almennri verndaráætlun hafnarinnar eða sérhverri annari neyðaráætlun eða -áætlunum hafnarinnar.
- 16.6 Samningsríkisstjórn, sem ræður því yfirráðsvæði þar sem hafnarástaða er staðsett, skal ákveða hvaða breytingar á verndaráætlun hafnarástöðu skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en hún hefur samþykkt viðeigandi breytingar á henni.
- 16.7 Heimilt er að varðveita áætlunina á rafrænu formi. Í því tilviki skal hún varin með aðferðum sem miða að því að hindra óheimila eyðingu hennar, eyðileggingu eða breytingu á henni.

- 16.8 Verja skal áætlunina fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.
- 16.9 Samningsríkisstjórnir geta heimilað að verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu taki til fleiri en einnar hafnaraðstöðu ef rekstraraðili, staðsetning, starfsemi, búnaður og hönnun hafnaraðstöðu, sem í hlut á, er með svipuðum hætti. Sérhver samningsríkisstjórn, sem heimilar slíkar fráviksráðstafanir, skal senda stofnuninni upplýsingar um það.
- 17 VERNDARFULLTRÚI HAFNAR
- 17.1 Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hverja hafnaraðstöðu. Sami einstaklingur getur verið tilnefndur verndarfulltrúi fleiri en einnar hafnaraðstöðu.
- 17.2 Til viðbótar þeim skyldum og þeirri ábyrgð verndarfulltrúa hafnar sem greint er frá annars staðar í þessum hluta kóðans skulu skyldur og ábyrgð verndarfulltrúa hafnar vera eftirtaldar, en þó ekki takmarkast við að:
- .1 gera ítarlega frumverndarkönnun á hafnaraðstöðu með tilliti til viðeigandi áhættumats fyrir hafnaraðstöðu,
 - .2 tryggja gerð og viðhald verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu,
 - .3 hrinda í framkvæmd og framfylgja verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu,
 - .4 standa fyrir reglubundnum skoðunum vegna siglingaverndar á hafnaraðstöðunni til að tryggja að viðeigandi verndaráætlun sé haldið við,
 - .5 ráðleggja og koma á, eins og við á, breytingum á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu til að bæta úr annmörkum og uppfæra áætlunina með tilliti til breytinga á hafnaraðstöðunni sem máli skipta,
 - .6 vekja starfsmenn hafnaraðstöðu til vitundar um siglingavernd og árvekni,
 - .7 tryggja að þeir starfsmenn, sem bera ábyrgð á vernd hafnaraðstöðunnar, hljóti viðeigandi þjálfun,
 - .8 tilkynna til viðeigandi yfirvalda um atvik sem ógnað hafa vernd hafnaraðstöðunnar og halda skrár um þau,
 - .9 samræma framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu með hlutaðeigandi verndarfulltrúa útgerðarfélagi og skips,
 - .10 samræma aðgerðir við verndarþjónustu, eftir því sem við á,
 - .11 tryggja að farið sé eftir viðmiðunum um starfsmenn, sem bera ábyrgð á vernd hafnaraðstöðunnar,
 - .12 tryggja að verndarbúnaði, ef einhver er, sé beitt rétt, hann sé prófaður, stilltur og honum haldið við, og
 - .13 aðstoða verndarfulltrúa skips, sé þess óskað, við að staðfesta deili á þeim sem leita eftir að komast um borð í skip.
- 17.3 Veita skal verndarfulltrúa hafnar allan nauðsynlegan stuðning við að gegna þeim skyldum og ábyrgð sem á hann eru lagðar samkvæmt kafla XI-2 og þessum hluta kóðans.
- 18 KENNSLA, ÞJÁLFUN OG ÆFINGAR Á SVIÐI VERNDAR HAFNARAÐSTÖÐU
- 18.1 Verndarfulltrúi hafnar og þeir starfsmenn hafnaraðstöðu, sem hafa hlutverki að gegna við siglingavernd, skulu búa yfir þekkingu og hafa hlotið kennslu með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 18.2 Þeim starfsmönnum hafnaraðstöðu, sem hafa sérstökum verndarskyldum að gegna, skulu vera ljósar skyldur sínar og ábyrgð á sviði verndar hafnaraðstöðu, eins og lýst er í verndaráætlun hafnaraðstöðu og skulu hafa til að bera fullnægjandi þekkingu og hæfni til að gegna skyldum sínum með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

- 18.3 Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu skulu æfingar fara fram með hæfilegu millibili með tilliti til eðlis þeirrar starfsemi sem fram fer í hafnaraðstöðunni, breytinga á mannaaldi hafnaraðstöðu, þeirra tegunda skipa sem höfnin þjónar og annarra aðstæðna sem máli skipta og með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 18.4 Verndarfulltrúi hafnar skal tryggja skilvirka samræmingu og framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu með því að taka þátt í æfingum með hæfilegu millibili, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.
- 19 SANNPRÓFUN OG ÚTGÁFA SKÍRTEINA FYRIR SKIP
- 19.1 **Sannprófanir**
- 19.1.1 Sérhvert skip sem þessi hluti kóðans nær til skal gangast undir eftirfarandi sannprófanir:
- .1 fyrstu sannprófun áður en skip er tekið í notkun eða áður en það skirteini, sem krafist er í lið 19.2, er gefið út í fyrsta skipti, en í henni skal felast ítarleg sannprófun á verndarkerfi skips og öllum verndarbúnaði sem því kann að tengjast og um er fjallað í viðeigandi ákvæðum í kafla XI-2, þessum hluta kóðans og samþykktri verndaráætlun skipsins. Þessi sannprófun skal tryggja að verndarkerfi skipsins og hvers konar verndarbúnaður því tengdur fullnægi að öllu leyti viðeigandi kröfum í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans, sé í viðunandi ástandi og henti þeim rekstri sem skipið er ætlað í,
 - .2 endurnýjunarsannprófun sem fer fram með millibili sem stjórnvöld tilgreina en þó ekki sjaldnar en á fimm ára fresti, nema þegar ákvæði liðar 19.3 eiga við. Þessi sannprófun skal tryggja að verndarkerfi skipsins og hvers konar verndarbúnaður því tengdur fullnægi að öllu leyti viðeigandi kröfum í kafla XI-2, þessum hluta kóðans og samþykktri verndaráætlun skipsins, sé í viðunandi ástandi og henti þeim rekstri sem skipið er ætlað í,
 - .3 a.m.k. eina millisannprófun. Ef aðeins er gerð ein millisannprófun skal hún fara fram einhvern tíma á þriðja gildisári skirteinis eins og skilgreint er í n-lið reglu 1/2. Í millisannprófun skal skoða verndarkerfi skipsins og tengdan verndarbúnað til að tryggja að hann sé ávallt í fullnægjandi ástandi til að gegna hlutverki sínu í þeim rekstri sem skipið er ætlað í. Aritun um millisannprófun skal skrá í skirteinið,
 - .4 aðrar viðbótarsannprófanir sem stjórnvöld kunna að krefjast.
- 19.1.2 Sannprófanir á skipum skulu framkvæmdar af fulltrúum stjórnvalds. Stjórnvaldi er þó heimilt að fela sannprófunina viðurkenndum verndaraðila sem um getur í reglu XI-2/1.
- 19.1.3 Hlutaðeigandi stjórnvald skal í öllum tilvikum ábyrgjast að fullu að sannprófanir séu ítarlegar og skilvirkar og skal tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að fullnægja þessari skyldu.
- 19.1.4 Verndarkerfi skips og öllum verndarbúnaði sem því tengist skal, að sannprófun lokinni, halda við þannig að þau uppfylli ákvæðin í reglum XI-2/4.2 og XI-2/6 í þessum hluta kóðans og í samþykktri verndaráætlun skipsins. Eftir að sannprófun skv. lið 19.1.1 hefur farið fram skal ekki gera breytingar á verndarkerfi skipsins, verndarbúnaði því tengdum eða samþykktri verndaráætlun skips án leyfis stjórnvalds.
- 19.2 **Útgáfa og áritun skirteina**
- 19.2.1 Gefið skal út alþjóðlegt siglingaverndarskirteini eftir að fyrsta sannprófun eða endurnýjunarsannprófun samkvæmt ákvæðum í lið 19.1 hefur farið fram.
- 19.2.2 Skirteinið skal gefið út eða áritað af stjórnvaldi eða viðurkenndum verndaraðila sem kemur fram fyrir hönd stjórnvalds.
- 19.2.3 Önnur samningsríkisstjórn getur, að beiðni stjórnvalds, komið því til leiðar að skip sæti sannprófun og, ef hún telur að farið hafi verið eftir ákvæðunum í lið 19.1.1, skal hún gefa út eða heimila útgáfu á alþjóðlegu siglingaverndarskirteini til viðkomandi skips og, þegar við á, árita eða heimila áritun þessa skirteinis skipsins í samræmi við ákvæði þessa kóða.
- 19.2.3.1 Afrit skirteinis og afrit sannprófunarskýrslu skulu send eins fljótt og unnt er til þess stjórnvalds sem leggur fram beiðni um það.

- 19.2.3.2 Í skírteini, sem gefið er út á þennan hátt, skal vera yfirlýsing um að það sé gefið út að beiðni stjórnvalds og skal það vera jafngilt og njóta sömu viðurkenningar og skírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum liðar 19.2.2.
- 19.2.4 Alþjóðlega siglingaverndarskírteinið skal útbúið skv. eyðublaði í samræmi við fyrirmynd í viðbæti við þennan kóða. Ef notað er annað tungumál en enska, franska eða spænska skal fylgja með þýðing á eitthvert þessara tungumála.
- 19.3 Gildistími skírteinis**
- 19.3.1 Gildistími alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis skal ákveðinn af stjórnvaldi en skal þó aldrei vera lengri en fimm ár.
- 19.3.2 Sé endurnýjunarsannprófun lokið innan þriggja mánaða frá gildislokadegi skírteinis skal hið nýja skírteini taka gildi á þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur og gilda til tiltekens dags innan fimm ára frá gildislokadegi eldra skírteinisins.
- 19.3.2.1 Sé endurnýjunarsannprófun lokið eftir gildislokadag skírteinis skal hið nýja skírteini taka gildi á þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur og gilda til tiltekens dags innan fimm ára frá gildislokadegi eldra skírteinisins.
- 19.3.2.2 Sé endurnýjunarsannprófun lokið meira en þremur mánuðum fyrir gildislokadag skírteinis skal hið nýja skírteini taka gildi á þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur og gilda til tiltekens dags innan fimm ára frá þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur.
- 19.3.3 Ef skírteini er gefið út til skemmri tíma en fimm ára getur stjórnvald framlengt gildistíma þess fram yfir gildislokadag þess að þeim hámarkstíma sem tilgreindur er í lið 19.3.1 að því tilskildu að sannprófanir, sem um getur í lið 19.1.1 og eiga við þegar skírteini er gefið út til fimm ára, séu framkvæmdar með viðeigandi hætti.
- 19.3.4 Sé endurnýjunarsannprófun lokið, en ekki er unnt að gefa út nýtt siglingaverndarskírteini eða koma því um borð í skipið fyrir gildislokadag skírteinis, getur stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili, sem kemur fram fyrir hönd þess, áritað eldra skírteinið og skal það þá tekið gilt í tiltekinn tíma sem ekki skal vera lengra en fimm mánuðir frá gildislokadegi skírteinisins.
- 19.3.5 Sé skip ekki stutt í höfn þar sem framkvæma ber sannprófun þess þegar skírteini fellur úr gildi getur stjórnvald framlengt gildistíma þess en framlengingin skal aðeins vara í þann tíma sem nauðsynlegur er til að ljúka sjóferð skipins til hafnar þar sem ber að sannprófa það og þetta skal því aðeins gert að það virðist viðeigandi og sanngjamt. Ekki skal framlengja skírteini til lengri tíma en þriggja mánaða og skylt er því skipi sem fengið hefur slíka framlengingu að láta endurnýja skírteini sitt þegar það kemur næst í þá höfn þar sem á að sannprófa það og má það ekki láta úr þeirri höfn á grundvelli framlengingarinnar án þess að vera með nýtt skírteini. Að endurnýjunarsannprófun lokinni skal nýja skírteinið gilda til tiltekens dags, innan fimm ára frá gildislokadegi skírteinis, áður en framlenging var veitt.
- 19.3.6 Hafi gildistími skírteinis skips, sem er í stuttum ferðum, ekki verið framlengdur samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum þessa liðar getur stjórnvald framlengt gildistímann um allt að einn mánuð frá gildislokadegi þess. Að endurnýjunarsannprófun lokinni skal nýja skírteinið gilda til tiltekens dags, innan fimm ára frá lokum gildistíma skírteinisins sem fyrir er, áður en framlenging var veitt.
- 19.3.7 Ef millisannprófun lýkur innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í lið 19.1.1:
- .1 skal breyta gildislokadegi skírteinisins, með áritun, í dagsetningu innan þriggja ára frá lokum millisannprófunar,
 - .2 má láta gildislokadag haldast óbreyttan að því tilskildu að ein eða fleiri viðbótarsannprófanir fari fram þannig að ekki líði lengri tími á milli sannprófana en sá hámarkstími sem tilgreindur er í lið 19.1.1.
- 19.3.8 Skírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum í lið 19.2 skal falla úr gildi við eftirfarandi aðstæður:
- .1 ef viðeigandi sannprófanir eru ekki gerðar innan þeirra tímamarka sem tiltekin eru í lið 19.1.1,
 - .2 ef skírteinið er ekki áritað í samræmi við lið 19.1.1.3 og 19.3.7.1, ef við á,
 - .3 ef útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á útgerð skipis sem það hefur ekki áður gert út og
 - .4 ef skip er fært undir þjóðfána annars ríkis.

19.3.9 Í þeim tilvikum:

- .1 þegar skip er fært undir fána annarrar sammingsríkisstjórnar skal sammingsríkisstjórnin, sem skipið hafði áður rétt til að sigla undir þjóðfána hjá, senda stjórnvaldi hins ríkisins, eins fljótt og hægt er, afrit af öllum upplýsingum eða allar upplýsingar um alþjóðlegt siglingaverndarskírteini skipsins áður en yfirfærslan átti sér stað og afrit af sannpröfunarskýrslum sem fyrir liggja eða
- .2 þegar útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á rekstri skips sem það hefur ekki gert út áður skal það útgerðarfélag sem gerði skipið út áður láta útgerðarfélaginu, sem tekur við skipinu, í té afrit af öllum upplýsingum um alþjóðlegt siglingaverndarskírteini þess eða sem geta greitt fyrir sannpröfununum sem lýst er í lið 19.4.2, eins fljótt og hægt er.

19.4 Útgáfa bráðabirgðaskírteinis

19.4.1 Skírteinin, sem tilgreind eru í lið 19.2, skulu því aðeins gefin út að stjórnvaldið sem gefur skírteini út sé fyllilega sannfært um að skipið uppfylli kröfurnar í lið 19.1. Eftir 1. júlí 2004 gildir þó eftirfarandi:

- .1 ef skip hefur ekki skírteini þegar það er afhent, fer í rekstur eða fer í rekstur á nýjan leik eftir hlé,
- .2 ef skip flyst undan fána sammingsríkisstjórnar undir fána annarrar sammingsríkisstjórnar,
- .3 ef skip flyst undir fána sammingsríkisstjórnar frá ríki þar sem ríkisstjórnin er ekki sammingsríkisstjórn eða
- .4 ef útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á útgerð skips sem það hefur ekki áður gert út,

getur stjórnvald komið því til leiðar að gefið verði út alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini skv. eyðublaði í samræmi við fyrirmynd í viðbæti við þennan hluta kóðans þar til skírteini það, sem vísað er til í lið 19.2, hefur verið gefið út.

19.4.2 Alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini skal því aðeins gefið út að stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili, sem kemur fram fyrir hönd þess, hafi sannreynt að:

- .1 lokið sé áhættumati fyrir skip sem krafist er í þessum hluta kóðans,
- .2 eintak af verndaráætlun skips sem uppfyllir kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða sé um borð og hafi verið lagt fram til skoðunar og samþykktar og að verndaráætluninni sé framfylgt um borð í skipinu,
- .3 í skipinu sé vákallsbúnaður sem uppfyllir kröfur reglu XI-2/6, ef þess er krafist,
- .4 verndarfulltrúi útgerðarfélags:
 - .1 hafi tryggt:
 - .1 að farið hafi verið yfir verndaráætlun skips til að ganga úr skugga um að hún uppfylli kröfur þessa hluta kóðans,
 - .2 að áætlunin hafi verið lögð fram til samþykktar og
 - .3 að áætluninni sé framfylgt um borð í skipinu og
 - .2 gerðar hafi verið nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. æfingar, hjálfun og innri úttektir, sem sannfæri verndarfulltrúa útgerðarfélags um að skipið muni innan sex mánaða standast þá sannpröfun sem krafist er í lið 19.1.1.1,
- .5 gerðar hafi verið ráðstafanir til að framkvæma þær sannprófanir sem krafist er í lið 19.1.1.1,
- .6 skipstjóri, verndarfulltrúi skips og aðrir í áhöfn skips, sem hafa sérstökum verndarskyldum að gegna, þekki skyldur sínar og ábyrgð eins og tilgreint er í þessum hluta kóðans og viðeigandi ákvæði í verndaráætlun skips, sem skal vera tiltæk um borð og hafi fengið þessar upplýsingar á vinnutungumáli skipverja eða tungumáli sem áhöfn skilur og
- .7 verndarfulltrúi skips standist þær kröfur sem gerðar eru í þessum hluta kóðans.

19.4.3 Stjórnvald, eða viðurkenndur verndaraðili sem kemur fram fyrir hönd þess, getur gefið út alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini.

19.4.4 Gildistími alþjóðlegs bráðabirgðasiglingaverndarskírteinis skal vera sex mánuðir eða þar til skírteini það sem krafist er í lið 19.2, er gefið út, hvort sem gerist áður, og ekki má framlengja gildistíma þess.

- 19.4.5 Samningsríkisstjórn skal ekki koma því til leiðar að alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini verði gefið út í framhaldi af fyrra bráðabirgðaskírteini skips ef stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili telur að ein af ástæðum þess að skipið eða útgerðarfélagið fer fram á slíkt sé að komast hjá því að þurfa að fylgja til fulls reglum kafla XI-2 og þessa hluta kóðans, að liðnum gildistíma upphaflegs bráðabirgðaskírteinis sem ákveðinn er í lið 19.4.4.
- 19.4.6 Hvað reglu XI-2/9 snertir er sammingsríkisstjórnnum heimilt að ganga úr skugga um hvort kröfur í liðum 19.4.2.4 til 19.4.2.6 hafi verið uppfylltar áður en alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini er tekið gilt.
-

Viðbætur við A-hluta

1. viðbætur

Eyðublað alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis

ALÞJÓÐLEGT SIGLINGAVERNDARSKÍRTEINI

(Kennimerki opinbers aðila)

(Ríki)

Nr. skírteinis

Gefið út samkvæmt ákvæðum

ALÞJÓÐAKÓÐA UM VERND SKIPA OG HAFNARADSTÖÐU
(ISPS-KÓDINN)

Í umboði ríkisstjórnar
(heiti ríkis)

af
(viðurkenndur aðili (-ar) eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða -bókstafir:

Heimahöfn:

Tegund skips:

Brúttótonnatala:

IMO-númer:

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ:

1. að verndarkerfi skipsins og hvers kyns verndarbúnaður því tengdur hefur verið sannprófaður í samræmi við ákvæðin í lið 19.1 í A-hluta ISPS-kóðans,
2. að sannprófunin leiddi í ljós að verndarkerfi skipsins og verndarbúnaður því tengdur er á allan hátt fullnægjandi og að skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði í kafla XI-2 í samningnum og A-hluta ISPS-kóðans,
3. að um borð í skipinu sé samþykkt verndaráætlun skipsins.

Dagsetning fyrstu sannprófunar/endurnýjunarsannprófunar sem skírteini þetta byggist á.

Þetta skírteini gildir til

og er háð sannprófunum í samræmi við ákvæði liðar 19.1.1 í A-hluta ISPS-kóðans.

Gefið út
(Útgáfustaður skírteinis)

Útgáfudagur

.....
(Undirskrift tilnefnds fulltrúa stjórnvalds sem gefur skírteinið út)

.....
(Kennimerki eða stimpill yfirvaldsins sem gefur út skírteinið, eftir því sem við á)

ÁRITUN UM MILLISANPRÓFUN

ÞAD VOTTAST HÉR MED að við millisannprófun samkvæmt lið 19.1.1 í A-hluta ISPS-kóðans uppfyllti skipið viðeigandi ákvæði í kafla XI-2 í samningnum og A-hluta ISPS-kóðans.

Millisannprófun Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN UM VIÐBÓTARSANPRÓFUN

Viðbótarsannprófun Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

Viðbótarsannprófun Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

Viðbótarsannprófun Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

VIÐBÓTARSANNPRÓFUN Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI LIÐAR A/19.3.7.2 Í ISPS-KÓÐANUM

ÞAD VOTTAST HÉR MED að við viðbótarsannprófun skv. lið 19.3.7.2 í A-hluta ISPS-kóðans uppfyllti skipið viðeigandi ákvæði í kafla XI-2 í samningnum og A-hluta ISPS-kóðans.

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN TIL AÐ FRAMLENGJA GILDISTÍMA SKÍRTEINISINS, EF HANN ER SKEMMRI EN 5 ÁR, EF LIÐUR A/19.3.3 Í ISPS-KÓÐANUM Á VIÐ
Skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði A-hluta ISPS-kóðans og telst þetta skirteini gilt, í samræmi við lið 19.3.3 í A-hluta ISPS-kóðans, til:

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN ÞEGAR ENDURNÝJUNARSANNPRÓFUN ER LOKIÐ OG LIÐUR A/19.3.4. Í ISPS-KÓÐANUM Á VIÐ

Skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði A-hluta ISPS-kóðans og telst þetta skirteini gilt, í samræmi við lið 19.3.4 í A-hluta ISPS-kóðans, til:

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN TIL FRAMLENGINGAR GILDISTÍMA SKÍRTEINIS ÞAR TIL KÓMIÐ ER TIL HAFNAR ÞAR SEM SANNPRÓFUN FER FRAM ÞEGAR ÁKVÆÐI LIÐAR A/19.3.5 Í ISPS-KÓÐANUM GILDA EÐA FRAMLENGINGAR UM TILTEKINN TÍMA EF ÁKVÆÐI LIÐAR A/19.3.6 Í ISPS-KÓÐANUM GILDA

Í samræmi við ákvæði liðar 19.3.5/19.3.6 (*) í A-hluta ISPS-kóðans telst þetta skírteini gilt til:

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN UM AÐ FLÝTA GILDISLOKADEGI SKÍRTEINIS ÞAR SEM ÁKVÆÐI LIÐAR A/19.3.7.1 Í ISPS-KÓÐANUM EIGA VIÐ

Í samræmi við ákvæði liðar 19.3.7.1 í A-hluta ISPS-kóðans er nýr gildislokadagur (**):

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

(*) Stríkið yfir það sem á ekki við.

(**) Ef þessi hluti skírteinisins er fylltur út skal einnig breyta gildislokadegi framan á skírteininu til samræmis.

2. viðbætur

Eyðublað alþjóðlegs bráðabirgðasiglingaverndarskírteinis

ALÞJÓÐLECT BRÁÐABIRGÐASIGLINGAVERNDARSKÍRTEINI

(*Kennimerki opinbers aðila*)

(*Ríki*)

Nr. skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum

ALÞJÓÐAKÓÐA UM VERND SKIPA OG HAFNARADSTÓÐU
(ISPS-KÓDINN)

Í umboði ríkisstjórnar
(*heiti ríkis*)

af
(*viðurkenndur aðili (-ar) eða stofnun*)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða -bókstafir:

Heimahöfn:

Tegund skips:

Brúttótonnata:

IMO-númer:

Nafn og pósthfang útgerðarfélags:

Er þetta bráðabirgðaskírteini sem gefið er út í framhaldi af öðru bráðabirgðaskírteini? Já/Nei (*)

Ef já, útgáfudagur fyrsta bráðabirgðaskírteinis

ÞAD VOTTAST HÉR MED að kröfurmar í lið A/19.4.2 í ISPS-kóðanum hafa verið uppfylltar.

Þetta skírteini er gefið út samkvæmt ákvæðum liðar A/19.4 í ISPS-kóðanum.

Þetta skírteini gildir til

Gefið út í
(*Útgáfustaður skírteinis*)

Útgáfudagur

.....
(*Undirskrift tilnefnds fulltrúa stjórnvalds sem gefur skírteinið út*)

.....
(*Kennimerki eða stimpill yfirvaldsins sem gefur út skjalið, eftir því sem við á*)

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI

„B-HLUTI

LEIÐBEININGAR VARÐANDI ÁKVÆÐI KAFLA XI-2 Í VIÐAUKA VIÐ ALÞJÓÐASAMNINGINN UM ÖRYGGI
MANNSLÍFA Á HAFINU FRÁ 1974, MED ÁORÐNUM BREYTINGUM, OG A-HLUTA ÞESSA KÓÐA

1. INNGANGUR

Almennt

- 1.1 Í formála að þessum kóða kemur fram að kafla XI-2 og A-hluti kóðans mynda nýjan alþjóðlegan ramma ráðstafana til að efla siglingavernd, sem gerir skipum og hafnaraðstöðu kleift að vinna saman að því að greina og hindra aðgerðir sem ógna vernd á sviði sjóflutninga.
- 1.2 Í þessum inngangi eru dregin upp, með hnitmiðuðum hætti, þau ferli sem fyrirhuguð eru til að koma á og hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum og aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að ná fram og viðhalda samræmi við ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða auk þess sem tilgreindir eru helstu þættir sem leiðbeiningarnar fjalla um. Leiðbeiningarnar er að finna í 2.-19. málsgrein. Í honum er einnig að finna mikilvæg sjónarmið sem taka ætti tillit til þegar hugað er að beitingu leiðbeininganna gagnvart skipum og hafnaraðstöðu.
- 1.3 Þó að áhugi lesandans beinist að skipum eingöngu er engu að síður eindregið mælt með því að þessi hluti kóðans sé lesinn í heild sinni, einkum þær málsgreinar sem varða hafnaraðstöðu. Sama gildir um þá sem aðallega hafa áhuga á hafnaraðstöðu, þeir ættu einnig að kynna sér þær málsgreinar sem eiga við um skip.
- 1.4 Þær leiðbeiningar, sem kveðið er á um í eftirfarandi málsgreinum, tengjast fyrst og fremst verndun skips þegar það er innan hafnaraðstöðu. Það verður þó að gera ráð fyrir að hafnaraðstöðu geti stafað hættu af skipi, t.d. af þeim sökum að þegar skip er innan hafnarinnar mætti nota það sem bækistöð til árársar. Þegar metið er hvaða verndarráðstafanir séu viðeigandi til að mæta ógn við siglingavernd frá skipi ættu þeir sem annast gerð áhættumats fyrir hafnaraðstöðu eða verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu að íhuga að aðlaga efni leiðbeininganna í eftirfarandi málsgreinum.
- 1.5 Lesandanum er bent á að ekkert í þessum hluta kóðans ætti að skilja eða túlka á þann hátt að stangist á við ákvæði kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða og framangreind ákvæði skuli ávallt ganga fram og hnekkja ófyrirséðu ósamræmi sem kann að hafa verið sett fram óafvitandi í þessum hluta kóðans. Leiðbeiningar í þessum hluta kóðans ætti ávallt að skilja, túlka og beita í fullu samræmi við markmið, tilgang og grundvallarreglur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.

Ábyrgð samningsríkisstjórna

- 1.6 Samkvæmt ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða hafa samningsríkisstjórnir ýmsa ábyrgð með höndum sem felst m.a. í að:
- ákveða gildandi vástig,
 - samþykkja verndaráætlanir skipa og viðeigandi breytingar á áður samþykktum áætlunum,
 - sannprófa hvort skip uppfylli ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og gefa út alþjóðleg siglingaverndarskrteini til handa skipum,
 - ákveða hvaða hafnaraðstöðum á yfirráðasvæðum þeirra ber að útnefna verndarfulltrúa hafnar sem mun bera ábyrgð á að útbúa verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu,
 - tryggja að áhættumat fyrir hafnaraðstöðu verði útbúið og samþykkt ásamt síðari breytingum sem kunna að verða gerðar á áður samþykktu mati,
 - samþykkja verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og síðari breytingar sem kunna að verða gerðar á áður samþykktari áætlun og
 - annast ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar,
 - prófa samþykktar áætlanir og
 - senda upplýsingar til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og hagsmunaaðila á sviði sjóflutninga og hafnarstarfsemi.

- 1.7 Samningsríkisstjórnir geta tilnefnt eða komið á fót tilnefndum yfirvöldum innan stjórnsýslunnar til að sinna verndarskyldum sínum að því er varðar hafnaraðstöðu skv. kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og heimilað viðurkenndum verndaraðilum að inna af hendi tiltekna vinnu í tengslum við hafnaraðstöðu, en samningsríkisstjórn eða tilnefnd yfirvöld ættu að taka lokaákvörðun um samþykki og viðurkenningu á þessari vinnu. Stjórnvöld mega einnig fela viðurkenndum verndaraðilum að inna af hendi tilteknar verndarskyldur sem tengjast skipum. Viðurkenndum verndaraðila má þó ekki fela eftirtaldir skyldur eða starfsemi:

- að ákveða gildandi vástig,
- að ákveða hvaða hafnaraðstöðum á yfirráðasvæði samningsríkisstjórnar beri að útnefna verndarfulltrúa hafnar og útbúa verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu,
- að samþykkja áhættumat fyrir hafnaraðstöðu eða síðari breytingar á áður samþykktu áhættumati,
- að samþykkja verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu eða síðari breytingar á áður samþykktri áætlun,
- að annast ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar og
- að ákveða hvaða kröfur skuli gerðar um yfirlýsingu um siglingavernd.

Vástig ákveðið

- 1.8 Það er á ábyrgð samningsríkisstjórna að ákveða vástigið sem í gildi er á hverjum tíma en það getur gilt um skip og hafnaraðstöðu. Í A-hluta þessa kóða eru skilgreind þrjú vástig til alþjóðlegra nota. Þau eru:
- vástig 1, eðlilegt; það stig sem gildir þegar ástand um borð í skipum og í hafnaraðstöðu er með eðlilegum hætti,
 - vástig 2, aukin hætta; það stig sem gildir þegar aukin hætta er talin á váatviki og
 - vástig 3, afbrigðilegt; það stig sem gildir tímabundið meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi.

Útgerðarfélagið og skipið

- 1.9 Sérhvert félag, sem annast rekstur skips sem ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða gilda um, skal útnefna verndarfulltrúa útgerðarfélags fyrir félagið og verndarfulltrúa skips fyrir öll skip þess. Skyldur, ábyrgð og þjálfunarkröfur þessara fulltrúa, ásamt kröfum um þjálfun og æfingar, eru skilgreindar í A-hluta þessa kóða.
- 1.10 Skyldur verndarfulltrúa útgerðarfélags eru í stuttu máli m.a. að tryggja að áhættumat fyrir skip sé unnið með fullnægjandi hætti, að verndaráætlun skips sé útbúin og lögð fram til samþykktar af eða fyrir hönd stjórnvalds og sé því næst komið fyrir um borð í sérhverju skipi sem A-hluti þessa kóða gildir um og þessi einstaklingur hefur verið skipaður verndarfulltrúi útgerðarfélags fyrir.
- 1.11 Í verndaráætlun skips ætti að tilgreina þær rekstrarlegu og áþreifanlegu verndaráætlunir sem gera ætti um borð í skipinu sjálfu til að tryggja að það starfi ávallt á vástigi 1. Í áætluninni ætti einnig að tilgreina viðbótarverndaráætlunir eða hertar verndaráætlunir sem gera má um borð í skipinu sjálfu til að flytjast yfir á og starfa við vástig 2 þegar fyrirmæli um slíkt berast. Enn fremur ætti að tilgreina í áætluninni hugsanlegar undirbúningsaðgerðir sem gripa mætti til um borð í skipinu til að tryggja skjót viðbrögð við fyrirmælum sem skipinu kunna að verða gefin af hálfu þeirra sem bregðast við váatviki eða aðstoðjandi ögn þegar vástig 3 gildir.
- 1.12 Skipum, sem falla undir ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, ber skylda til að hafa og starfa eftir verndaráætlun fyrir skip sem samþykkt er af eða fyrir hönd stjórnvalds. Verndarfulltrúi útgerðarfélags og verndarfulltrúi skips ættu að hafa eftirlit með því hvort áætlunin eigi áfram við og sé skilvirk, þ.m.t. láta fara fram innri úttektir. Leggja skal fram til endurskoðunar og samþykktar breytingar á sérhverjum þætti samþykkrar áætlunar, sem stjórnvald hefur ákveðið að samþykktar sé þörf fyrir, áður en þær eru felldar inn í samþykktu áætlun og koma til framkvæmdar um borð í skipinu.

- 1.13 Um borð í skipinu skal vera alþjóðlegt siglingaverndarskírteini þar sem fram kemur að það uppfylli kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða. Í A-hluta þessa kóða er að finna ákvæði sem tengjast sannprófun og útgáfu skírteina um að skipið uppfylli kröfur á grundvelli fyrstu sannprófunar, endurnýjunarsannprófunar og millisannprófunar.
- 1.14 Þegar skip er í höfn eða á siglingu til hafnar samningsríkisstjórnar á samningsríkisstjórn rétt, samkvæmt ákvæðum reglu XI-2/9, á að gripa til ýmissa ráðstafana varðandi eftirlit og það að kröfur séu uppfylltar að því er varðar umrætt skip Skipið getur sætt hafnarrikisefirlitsskoðunum en slíkar skoðanir taka að jafnaði ekki til athugarar á verndaráætlun skipsins nema við sérstakar aðstæður. Skipið getur einnig sætt viðbótarefirlitsráðstöfunum ef samningsríkisstjórn, sem gripur til ráðstafana varðandi eftirlit og það að kröfur séu uppfylltar, hefur ástæðu til að ætla að vernd skipsins eða hafnaraðstöðunnar, þar sem það hefur haft viðkomu, sé hætta búin.
- 1.15 Einnig er þess krafist að um borð í skipinu séu upplýsingar sem skulu vera aðgengilegar samningsríkisstjórn, að beiðni þeirra, þar sem tilgreint er hver er ábyrgur fyrir ráðningu starfsfólks skipsins og ákvörðunum um ýmsa þætti sem tengjast starfrækslu skipsins.

Hafnaraðstaðan

- 1.16 Sérhver samningsríkisstjórn þarf að tryggja að gert sé áhættumat fyrir alla þá hafnaraðstöðu sem er innan yfirráðasvæðis hennar og þjónar skipum í millilandsiglingum. Samningsríkisstjórn, tilnefnt yfirvald eða viðurkennd verndaraðili mega framkvæma þetta mat. Fullunnið áhættumat fyrir hafnaraðstöðu þarf að vera samþykkt af samningsríkisstjórn eða tilnefndu yfirvaldi sem í hlut á. Ekki er heimilt að fela öðrum að samþykkja það. Endurskoða ætti áhættumat fyrir hafnaraðstöðu reglulega.
- 1.17 Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu er í grundvallaratriðum áhættugreining á öllum þáttum starfsemi hafnaraðstöðu í því skyni að skera úr um hvaða hluta/hlutum hennar er hættara við og/eða eru líklegri að verða fyrir árás. Verndaráætla miðast við hættuna á árás ásamt veilum skotmarksins og afleiðingum árásar.

Eftirfarandi þættir skulu felast í matinu:

- skilgreining á fyrirséðri ógn við hafnaraðstöðu og grunnvirki,
- greining á hugsanlegum veilum og
- útreikningur á afleiðingum atvika.

Að greiningu lokinni verður unnt að setja fram heildarmat á áhættustiginu. Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu mun gagnast við að ákveða hvaða hafnaraðstöðu ber að útnefna verndarfulltrúa hafnar og útbúa verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu.

- 1.18 Hafnaraðstöðu, sem skal uppfylla ákvæði kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, ber skylda til að útnefna verndarfulltrúa hafnar. Skyldur, ábyrgð og þjálfunarkröfur slíkra fulltrúa, ásamt kröfum um þjálfun og æfingar, eru skilgreindar í A-hluta þessa kóða.
- 1.19 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina rekstrarlegar og áþreifanlegar verndarástafanir sem gera ætti innan hafnaraðstöðunnar til að tryggja að hún starfi ávallt á vástigi 1. Í áætluninni ætti einnig að tilgreina þær viðbótarverndarástafanir eða hertar verndarástafanir sem gera má innan hafnaraðstöðu til að flytjast yfir á vástig 2 og starfa á því þegar fyrirmæli um slíkt berast. Enn fremur ætti að tilgreina í áætluninni hugsanlegar undirbúningsaðgerðir sem gripa mætti til innan hafnaraðstöðunnar til að tryggja skjót viðbrögð við fyrirmælum sem henni kunna að verða gefin af hálfu þeirra sem bregðast við váatviki eða aðstöðjandi ógn þegar vástig 3 gildir.

- 1.20 Hafnaraðstöðu, sem skal uppfylla kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, ber skylda til að hafa og starfa eftir verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu sem samþykkt er af samningsríkisstjórn eða tilnefndu yfirvaldi sem í hlut á. Verndarfulltrúi hafnar ætti að hrinda ákvæðum áætlunarinnar í framkvæmd og hafa eftirlit með því hvort hún sé ávallt skilvirk og eigi við, þ.m.t. að sjá um að fram fari innri úttektir á beitingu áætlunarinnar. Leggja skal fram til endurskoðunar og samþykktar breytingar á sérhverjum þætti samþykkrar áætlunar, sem samningsríkisstjórn eða tilnefnt yfirvald hefur ákveðið að samþykktar sé þörf fyrir, áður en þær eru felldar inn í samþykka áætlun og koma til framkvæmdar innan hafnaraðstöðunnar. Samningsríkisstjórn eða tilnefnt yfirvald sem í hlut á getur prófað skilvirkni áætlunarinnar. Endurskoða ætti reglulega áhættumat fyrir hafnaraðstöðu sem tekur til hafnaraðstöðunnar sem gerð áætlunarinnar er byggð á. Allar þessar athafnir kunna að leiða af sér breytingar á samþykktu áætluninni. Leggja verður fram breytingar, sem kunna að verða gerðar á tilteknum þáttum samþykkrar áætlunar, til samþykktar hjá samningsríkisstjórn eða tilnefndu yfirvaldi sem í hlut á.
- 1.21 Skip sem nota hafnaraðstöðu kunna að sæta hafnarrikiseftirlitskoðunum og viðbótareftirlitsráðstöfunum sem tilgreindar eru í reglu XI-2/9. Viðeigandi yfirvöld geta farið fram á að lagðar verði fram upplýsingar um skipið, farm þess, farþega og starfsfólk áður en skipið kemur inn í höfnina. Þær aðstæður kunna að skapast að koma til hafnar verði bönnuð.

Upplýsingar og samskipti

- 1.22 Samkvæmt kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða er samningsríkisstjórnnum skylt að senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni tilteknar upplýsingar og skylt er að upplýsingar séu gerðar aðgengilegar til að koma á virkum samskiptum milli samningsríkisstjórna og milli verndarfulltrúa útgerðarféлага/skípa og verndarfulltrúa hafna.

2. SKILGREININGAR

- 2.1 Engar leiðbeiningar eru veittar hvað varðar skilgreiningarnar sem settar eru fram í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða.

- 2.2 Í þessum hluta kóðans er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1 „liður“: liður í A-hluta kóðans, táknaður sem „liður A/<númer liðarins>“.
- 2 „málgrein“: málgrein í þessum hluta kóðans, táknuð sem „málgrein <númer málgreinarinnar>“ og
- 3 „samningsríkisstjórn“: þegar hugtakið er notað í 14.-18. málgrein „samningsríkisstjórn sem ræður yfirráðsvæðinu þar sem hafnaraðstaða er staðsett“ og felur í sér vísun til tilnefnda yfirvaldsins.

3. BEITING

Almennt

- 3.1 Hafa ætti til hliðsjónar leiðbeiningarnar sem gefnar eru í þessum hluta kóðans við framkvæmd ákvæða kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.
- 3.2 Þó ber að hafa í huga að það að hvaða marki leiðbeiningarnar gilda fyrir skip veltur á tegund skipsins, farmi þess og/eða farþegum, siglingamynstri þess og eðli þeirrar hafnaraðstöðu sem skipið hefur viðkomu í.
- 3.3 Að því er varðar leiðbeiningar um hafnaraðstöðu og að hvaða marki leiðbeiningarnar gilda fyrir hana veltur á sama hátt á hafnaraðstöðunni, tegundum þeirra skípa sem nota hana, farmtegundum þeirra og/eða farþegum og siglingamynstri þeirra skípa sem hafa viðkomu í henni.
- 3.4 Ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða er ekki ætlað að gilda um hafnaraðstöðu sem er fyrst og fremst hönnuð og notuð í hernaðarskyni.

4. ÁBYRGÐ SAMNINGSRÍKISSTJÓRNA

Öryggi mats og áætlaða

- 4.1 Samningsríkisstjórnir ættu að tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu fyrir hendi til að forðast óheimila birtingu eða aðgang að viðkvæmu efni um verndarmál sem tengist áhættumati fyrir skip, verndaráætlunum skipa, áhættumati fyrir hafnaraðstöðu og verndaráætlunum fyrir hafnaraðstöðu og einstaka mati og áætlunum.

Tilnefnd yfirvöld

- 4.2 Samningsríkisstjórnir geta tilgreint tilnefnt yfirvald innan stjórnsýslunnar til að sinna verndarskyldum sínum sem tengjast hafnaraðstöðu eins og fram kemur í kafla X-2 eða A-hluta þessa kóða.

Viðurkenndir verndaraðilar

- 4.3 Samningsríkisstjórnir geta heimilað viðurkenndum verndaraðila að annast tiltekna starfsþætti á sviði siglingaverndar, þar á meðal:

- .1 samþykkt verndaráætlaða skipa eða breytinga á þeim fyrir hönd stjórnvalds,
- .2 sannprófun og útgáfu skirteina, fyrir hönd stjórnvalda, þess efnis að skip uppfylli kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og
- .3 gerð áhættumats fyrir hafnaraðstöðu sem krafist er af samningsríkisstjórn.

- 4.4 Viðurkenndur verndaraðili má einnig veita útgerðarfélögum eða hafnaraðstöðu ráðgjöf eða aðstoð á sviði verndarmála, þ.m.t. áhættumat fyrir skip, verndaráætlanir fyrir skip, áhættumat fyrir hafnaraðstöðu og verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu. Þetta getur falið í sér gerð áhættumats eða verndaráætlunar fyrir skip eða áhættumats eða verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu. Hafi viðurkenndur verndaraðili annast slíkt í tengslum við áhættumat eða verndaráætlun fyrir skip ætti sá viðurkenndi verndaraðili ekki að hafa heimild til að samþykkja umrædda verndaráætlun skipa.

- 4.5 Þegar samningsríkisstjórnir veita viðurkenndum verndaraðilum heimildir ættu þær að kanna hæfni stofnunarinnar. Viðurkenndur verndaraðili ætti að geta sýnt fram á

- .1 sérfræðipækkingu á viðeigandi þáttum verndarmála,
- .2 viðeigandi þekkingu á skipum og hafnarstarfsemi, þ.m.t. þekkingu á skipahönnun og smíði skipa, ef veitt er þjónusta tengd skipum, og hönnun hafna og hafnargerð ef veitt er þjónusta tengd hafnaraðstöðu,
- .3 hæfni sína til að meta líklega verndaráhættu sem kann að steðja að meðan starfsemi skipa og hafnaraðstöðu stendur yfir, þ.m.t. við tengsl skipa og hafnar, og hvernig lágmarka má slíka áhættu,
- .4 hæfni sína til að viðhalda og auka sérþekkingu starfsmanna sinna,
- .5 hæfni sína til að hafa eftirlit með áframhaldandi áreiðanleika starfsmanna sinna,
- .6 hæfni sína til að viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir óheimila birtingu eða aðgang að viðkvæmu efni um verndarmál,
- .7 þekkingu sína á kröfum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og á viðeigandi innlendri og alþjóðlegri löggjöf og verndarkröfum
- .8 þekkingu sína á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
- .9 þekkingu sína við að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
- .10 kunnáttu í að bera kennsl á, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,

.11 þekkingu sína á tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir og

.12 þekkingu sína á verndar- og eftirlitsbúnaði og -kerfum og takmörkunum við notkun þeirra.

Þegar samningsríkisstjórnir, þ.m.t. stjórnvöld, fela viðurkenndum verndaraðila tiltekna skyldur ættu þær að fullvissa sig um að hann hafi til að bera nauðsynlega hæfni til að hann geti annast verkefnið.

4.6 Útnefna má viðurkennda stofnun, eins og um getur í reglu 1/6 og að uppfylltum ákvæðunum í reglu XI-1/1, sem viðurkenndan verndaraðila að því tilskildu að hún búi yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu á sviði siglingaverndar sem talin er upp í málsgrein 4.5.

4.7 Tilnefna má hafnaryfirvöld eða rekstraraðila hafnaraðstöðu sem viðurkenndan verndaraðila að því tilskildu að viðkomandi búi yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu á sviði siglingaverndar sem talin er upp í málsgrein 4.5.

Vástig ákveðið

4.8 Þegar vástig er ákveðið ættu samningsríkisstjórnir að taka mið af almennum og sértækum upplýsingum um hugsanlega ógn. Samningsríkisstjórnir ættu að ákveða eitt af þremur vástigum sem gilda skulu fyrir skip eða hafnaraðstöðu:

— vástig 1: eðlilegt; það stig sem gildir þegar ástand um borð í skipi eða í hafnaraðstöðu er með eðlilegum hætti,

— vástig 2, aukin hættu; það stig sem gildir þegar aukin hættu er talin á váatviki og

— vástig 3, afbrigðilegt; það stig sem gildir tímabundið meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi.

4.9 Ákvörðun um að lýsa yfir vástigi 3 ætti að heyrna til undantekninga og því aðeins eiga við þegar fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar um að líkur séu á váatviki eða það sé yfirvofandi. Vástig 3 ætti einungis að gilda á meðan ógn við siglingavernd varir eða raunverulegt váatvik á sér stað. Þótt vástig geti hækkað úr vástigi 1 í vástig 2 og í vástig 3 er einnig mögulegt að vástig geti hækkað beint úr vástigi 1 í vástig 3.

4.10 Skipstjóri skips ber ávallt endanlega ábyrgð á öryggi og vernd skipsins. Þótt vástig 3 gildi getur skipstjóri óskað skýringa á fyrirmælum eða farið fram á breytt fyrirmæli af hálfu þeirra sem bregðast við váatviki eða ógn við siglingavernd ef ástæða er til að ætla að öryggi skipsins sé stefnt í voða verði farið að fyrirmælum.

4.11 Verndarfulltrúi útgerðarfélags eða verndarfulltrúi skips ætti að hafa samband hið fyrsta við verndarfulltrúa þeirrar hafnaraðstöðu þar sem ráðgert er að skipið hafi viðkomu til að ákveða það vástig sem gildir fyrir það skip í hafnaraðstöðunni. Eftir að samband hefur náðst við skipið ætti verndarfulltrúi hafnar að upplýsa skipið um hvers kyns síðari breytingar á vástigi hafnaraðstöðunnar og veita skipinu allar viðeigandi upplýsingar um siglingavernd.

4.12 Þótt þær aðstæður geti skapast að herra vástig gildi um borð í einstaka skipi en í þeirri hafnaraðstöðu sem það hefur viðkomu í geta þær aðstæður aldrei skapast að um borð í skipi sé lægra vástig en í hafnaraðstöðunni þar sem það hefur viðkomu. Ef herra vástig gildir um borð í skipi en hafnaraðstöðunni sem það hyggst nota ætti verndarfulltrúi útgerðarfélags eða verndarfulltrúi skips að gera verndarfulltrúa hafnar viðvart um það án tafar. Verndarfulltrúi hafnar ætti að meta ástandið í samráði við verndarfulltrúa útgerðarfélags eða verndarfulltrúa skips og þeir koma sér saman um viðeigandi verndarráðstafanir hvað varðar skipið, sem geta falist í því að semja og undirrita yfirlýsingu um siglingavernd.

4.13 Samningsríkisstjórnir ættu að íhuga hvernig dreifa megi upplýsingum um breytingar á vástigi með sem skjótustum hætti. Stjórnvöld geta kosið að nota NAVTEX-skilaboð eða tilkynningar til sjófarenda til að tilkynna um breytingar á vástigi til skipa, verndarfulltrúa útgerðarfélags og verndarfulltrúa skips. Einnig kunna þau að vilja beita öðrum boðskiptaaðferðum sem eru álíka hraðvirkar og viðtækar eða hraðvirkari og viðtækari. Samningsríkisstjórnir ættu að koma á fót kerfi til að tilkynna verndarfulltrúum hafna um breytingar á vástigi. Samningsríkisstjórnir ættu að taka saman og viðhalda upplýsingum um hvernig unnt sé að ná sambandi við og útbúa skrá yfir þá sem upplýsa þarf um breytingar á vástigi Þótt ekki sé litið svo á að upplýsingar um vástig séu mjög viðkvæmar upplýsingar kunna undirliggjandi upplýsingar um ógn að vera afar viðkvæmar. Samningsríkisstjórnir ættu að huga gaumgæfilega að því hvers konar og hvaða upplýsingar eru veittar og hvernig þeim er dreift til verndarfulltrúa skipa, verndarfulltrúa útgerðarfélaga og verndarfulltrúa hafna.

Tengiliðir og upplýsingar um verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu

- 4.14 Hafi hafnaraðstaða verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu skal tilkynna það til stofnunarinnar og upplýsingar þar að lútandi skulu einnig berast til verndarfulltrúa útgerðarféлага og verndarfulltrúa skipa. Ekki þarf að gefa út neinar aðrar upplýsingar um verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu en þær að hún sé fyrir hendi. Samningsríkisstjórnir ættu að hugleiða að skipa annaðhvort miðlæga eða svæðisbundna tengiliði eða búa þannig um hnútana að unnt sé að veita nýjustu upplýsingar um þá staði þar sem verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu eru fyrir hendi ásamt upplýsingum um hvernig unnt sé að ná sambandi við viðkomandi verndarfulltrúa hafnar. Kunngera ætti að slíkir tengiliðir séu fyrir hendi. Þær gætu einnig veitt upplýsingar um þá viðurkenndu verndaraðila sem hafa verið tilnefndir til að koma fram fyrir hönd samningsríkisstjórna ásamt upplýsingum um það hvaða tiltekna ábyrgð og vald hefur verið falið slíkum viðurkenndum verndaraðilum.
- 4.15 Sé um að ræða höfn sem býr ekki yfir verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu (og hefur því ekki verndarfulltrúa hafnar) ætti miðlægur eða svæðisbundinn tengiliður að geta bent á heppilegan og hæfan aðila sem getur séð til þess að viðeigandi verndarástafanir séu fyrir hendi, ef þörf krefur, á meðan skipið dvelur í höfninni.
- 4.16 Samningsríkisstjórnir ættu einnig að leggja fram upplýsingar um hvernig unnt sé að ná sambandi við fulltrúa stjórnvalds sem verndarfulltrúi skips, verndarfulltrúi útgerðarfélags og verndarfulltrúi hafnar geta snúið sér til í því skyni að tilkynna um áhyggjuefni sem varða siglingavernd. Þessir fulltrúar stjórnvalds ættu að leggja mat á slíkar tilkynningar áður en gripið er til viðeigandi aðgerða. Tilkynningar um slík áhyggjuefni geta varðað verndarástafanir sem falla undir lögsögu annarrar samningsríkisstjórnar. Í því tilvikum ættu samningsríkisstjórnir að íhuga að setja sig í samband við samsvarandi aðila hjá hinni samningsríkisstjórninni til að ræða hvort viðeigandi sé að grípa til ráðstafana um úrbætur. Í þessum tilgangi ætti að miðla upplýsingum um hvernig unnt sé að ná sambandi við fulltrúa stjórnvalds til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.
- 4.17 Samningsríkisstjórnir ættu einnig að gera upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í málsgreinum 4.14–4.16, aðgengilegar hinum samningsríkisstjórnunum, sé þeirra óskað.

Auðkenniskirteini

- 4.18 Samningsríkisstjórnir eru hvattar til að gefa út viðeigandi auðkenniskirteini til handa fulltrúum stjórnvalds sem hafa rétt til að fara um borð í skip eða inn á svæði hafnaraðstöðu við opinber embættisstörf sín og að setja á laggirnar verklagsreglur til að sannreyna að slíkir kirteini séu ósvikin.

Fastir og fljótandi pallar og færanlegir borpallar á sjó, á staðnum

- 4.19 Samningsríkisstjórnir ættu að íhuga að koma á fót viðeigandi verndarástöfunum fyrir fasta og fljótandi palla og færanlega borpalla á sjó, á staðnum, til að gera kleift að eiga samskipti við skip sem þurfa að hlíta ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.

Skip sem ekki er skylt að hlíta A-hluta þessa kóða

- 4.20 Samningsríkisstjórnir ættu að íhuga að koma á fót viðeigandi verndarástöfunum til að efla vernd skipa sem falla utan gildissviðs kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og tryggja að hvers kyns verndarákvæði sem gilda um slíkt skip heimili samskipti við skip sem falla innan gildissviðs A-hluta þessa kóða.

Ógn sem steðjar að skipum og önnur atvik á sjó

- 4.21 Samningsríkisstjórnir ættu að kveða á um almennar leiðbeiningar um ráðstafanir sem taldar eru viðeigandi til að draga úr verndaráhættu sem skip, sem sigla undir fana þeirra þegar þau eru á hafi úti, kunna að vera í. Í þeim ætti að veita sérstaka ráðgjöf um aðgerðir sem gripa skal til í samræmi við vástig 1 til 3 ef:

- 1 breyting verður á vástigi sem gildir fyrir skipið þegar það er á hafi úti, t.d. vegna landfræðilegs svæðis sem það er starfrækt á eða einhvers sem tengist skipinu sjálfu og
- 2 um er að ræða váatvik eða aðsteðjandi ógn í tengslum við skipið á meðan það er á hafi úti.

Samningsríkisstjórnir ættu að þróa sem bestar aðferðir og verklagsreglur í þessum tilgangi. Ef um er að ræða yfirvofandi árás ætti skip að leitast við að koma á beinu sambandi við þá aðila í fánaríkinu sem bera ábyrgð á viðbrögðum við váatvikum.

- 4.22 Samningsríkisstjórnir ættu einnig að koma sér upp tengilið til ráðgjafar um siglingavernd fyrir sérhvert skip:
- .1 sem hefur rétt til að sigla undir fána þeirra eða
 - .2 er starfrækt í landhelgi þeirra eða hefur gefið til kynna að það hyggist sigla inn í landhelgi þeirra.
- 4.23 Samningsríkisstjórnir ættu að bjóða fram ráðgjöf til skipa sem eru starfrækt í landhelgi þeirra eða hafa gefið til kynna að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra, sem gæti falið í sér ráðgjöf:
- .1 þess efnis að þau breyttu eða seinkuðu fyrirhugaðri siglingu sinni,
 - .2 þess efnis að þau sigli á tiltekinni stefnu eða haldi til tiltekins staðar,
 - .3 um hvort fyrir hendi sé starfslið eða búnaður sem hægt væri að koma um borð í skipið,
 - .4 um að samræma siglingu skipsins, komu í höfn eða brottför úr höfn við fylgd eftirlitsfars eða loftfars (fastvængjavélar eða þyrlu).
- Samningsríkisstjórnir ættu að minna skip, sem eru starfrækt innan landhelgi þeirra eða hafa gefið til kynna að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra, á hvers kyns bráðabirgðahaftasvæði sem þær hafa tilkynnt um.
- 4.24 Samningsríkisstjórnir ættu að mæla með því að skip, sem eru starfrækt innan landhelgi þeirra eða hafa gefið til kynna að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra, hrindi með hraði í framkvæmd hvers kyns verndarráðstöfunum sem samningsríkisstjórnir kunna að hafa ráðlagt til verndar skipinu og til verndar öðrum nærliggjandi skipum.
- 4.25 Áætlanir, sem samningsríkisstjórnir undirbúa með markmiðin í málsgrein 4.22 í huga, ættu að fela í sér upplýsingar um vídeigandi tengilið sem er til reiðu allan sólarhringinn hjá samningsríkisstjórn, þ.m.t. hjá stjórnvöldum. Þessar áætlanir ættu einnig að fela í sér upplýsingar um aðstæður þar sem stjórnvöld telja að leita ætti aðstoðar hjá nærliggjandi strandríkjum, ásamt málsmeðferð um samráð milli verndarfulltrúa hafnar og verndarfulltrúa skipa.

Aðrir verndarsamningar

- 4.26 Samningsríkisstjórnir geta, þegar þær vege og meta hvernig á að hrinda kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða í framkvæmd, gert einn eða fleiri samninga við eina eða fleiri samningsríkisstjórnir. Gildissvið samnings er takmarkað við stuttar millilandasiglingar á föstum siglingaleiðum milli hafna innan yfirráðasvæðis samningsaðila. Við gerð samnings og eftir hana ættu samningsríkisstjórnir að ráðgast við aðrar samningsríkisstjórnir og stjórnvöld sem hafa hagsmuna að gæta vegna áhrifa samningsins. Skipum, sem sigla undir fána ríkis sem er ekki aðili að samningnum, ætti einungis að vera heimilt að sigla á föstum siglingaleiðum sem heyra undir samninginn ef stjórnvöld þeirra samþykkja að skipið eigi að hlíta ákvæðum samningsins og krefjast þess að skipið geri það. Slíkur samningur má aldrei stofna verndarstigi annarra skipa og hafnaraðstöðu, sem samningurinn nær ekki til, í hættu og einkum og sér í lagi má ekkert skip, sem slíkur samningur nær til, stunda innbyrðis starfsemi milli skipa þar sem í hlut eiga skip sem samningurinn nær ekki til. Samningurinn ætti að ná yfir öll rekstrarleg tengsl skipa sem heyra undir samninginn. Stöðugt eftirlit skal vera með framkvæmd hvers samnings, honum breytt ef nauðsyn krefur og ætti hann í öllum tilvikum að vera endurskoðaður á fimm ára fresti.

Jafngilt fyrirkomulag fyrir hafnaraðstöðu

- 4.27 Í tilteknum höfnum með takmarkaða eða sértæka starfsemi en þar sem umferð er meiri en aðeins tilfallandi kann að vera rétt að tryggja að farið sé að verndarráðstöfunum sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í kafla XI-2 og í A-hluta þessa kóða. Þetta getur einkum átt við stöðvar eins og þær sem eru tengdar verksmiðjum eða viðlegubryggjur þar sem starfsemi er takmörkuð.

Mönnun

- 4.28 Þegar lágmarksöryggismönnun skipa er ákveðin ættu stjórnvöld að taka mið af því að ákvæði um lágmarksöryggismönnun, sem kveðið er á um í reglu V/14, taka einungis til öruggar siglingar skipsins. Stjórnvöld ættu einnig taka mið af viðbótavinnuálagi sem kann að leiða af framkvæmd verndaráætlunar skipsins og tryggja að skipið sé nægilega og vel mannað. Í því sambandi ættu stjórnvöld að staðfesta að í skipum sé unnt að framfylgja ákvæðum um hvíldartíma og öðrum ráðstöfunum til að bregðast við ofþreitu, sem kveðið er á um í innanlandslöggjöf, í tengslum við öll skyldustörf um borð sem hinum ýmsu starfsmönnum skipsins eru falin.

Ráðstafanir um eftirlit og að kröfur séu uppfylltar**Almennt**

- 4.29 Í reglu XI-2/9 er kveðið á um ráðstafanir um eftirlit og að kröfur, sem gilda um skip samkvæmt kafla XI-2, séu uppfylltar. Henni er skipt niður í þrjár aðgreinda liði: eftirlit með skipum sem eru þegar í höfn, eftirlit með skipum sem hyggjast halda til hafnar hjá annarri sammingsríkisstjórn og viðbótarákvæði sem gilda um bæði tilvik.
- 4.30 Í reglu XI-2/9.1, eftirlit með skipum í höfn, er hrint í framkvæmd eftirlitskerfi með skipum sem liggja í höfn erlendis ríkis þar sem tilnefndir fulltrúar stjórnvalds sammingsríkisstjórnar („tilnefndir fulltrúar stjórnvalds“) hafa rétt til að fara um borð í skipið til að sannreyna að tilskilin skirteini séu fullnægjandi. Ef gildar ástæður eru til að ætla að skip uppfylli ekki tilskildar kröfur má gripa til eftirlitsráðstafana, s.s. viðbótarskoðana eða farbanns. Þetta er í samræmi við núgildandi eftirlitskerfi. Í reglu XI-2/9.1 er byggt á slíkum kerfum og þar er gert ráð fyrir viðbótarráðstöfunum (þ.m.t. brottvísun skips úr höfn sem telst vera eftirlitsráðstöfun), þegar tilnefndir fulltrúar stjórnvalds hafa gildar ástæður til að ætla að skip uppfylli ekki kröfur kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða. Í reglu XI-2/9.3 er kveðið á um verndarráðstafanir sem stuðla að réttlátri og hóflegri framkvæmd þessara viðbótarráðstafana.
- 4.31 Í reglu XI-2/9.2 er mælt fyrir um eftirlitsráðstafanir til að tryggja að skip, sem hyggjast leggja að bryggju hjá annarri sammingsríkisstjórn, fullnægi viðeigandi skilyrðum og felur þar með í sér algerlega nýja sýn á tilhögun eftirlits samkvæmt kafla XI-2 sem lýtur að siglingavernd eingöngu. Samkvæmt þessari reglu má gripa til ráðstafana áður en skip kemur í höfn í því skyni að tryggja betur siglingavernd. Með sama hætti og í reglu XI-2/9.1 byggist þetta viðbótareftirlitskerfi á því að fyrir hendi séu gildar ástæður til að ætla að viðkomandi skip fullnægi ekki ákvæðum kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða, þ.m.t. mikilvægar verndarráðstafanir í reglum XI-2/9.2.2 og XI-2/9.2.5 sem og í reglu XI-2/9.3.
- 4.32 Gild ástæða til að ætla að skip fullnægi ekki settum reglum merkir að sönnunargögn eða áreiðanlegar upplýsingar séu fyrir hendi um að skipið uppfylli ekki kröfurnar í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða, að teknu tilliti til leiðbeininganna í þessum hluta kóðans. Slík sönnunargögn eða áreiðanlegar upplýsingar kunna að vera fengnar á grunni faglegs mats eða athugana tilnefnds fulltrúa stjórnvalds við sannpröfun á alþjóðlegu siglingaverndarskirteini eða alþjóðlegu bráðabirgðasiglingaverndarskirteini skipsins sem gefið er út í samræmi við A-hluta þessa kóða („skirteini“) eða á öðrum grunni. Jafnvel þótt gilt skirteini sé um borð í skipinu kunna tilnefndir fulltrúar stjórnvalds að hafa gildar ástæður til að ætla, á grunni faglegs mats síns, að skip fullnægi ekki settum reglum.
- 4.33 Sem dæmi um hugsanlegar gildar ástæður samkvæmt reglum XI-2/9.1 og XI-2/9.2 má nefna, ef við á:
- .1 sönnunargögn, á grunni skoðunar á skirteininu, um að það sé ekki gilt eða hafi fallið úr gildi,
 - .2 sönnunargögn eða áreiðanlegar upplýsingar þess efnis að alvarlegir annmarkar séu á verndarbúnaði, skjalahaldi eða fyrirkomulagi sem krafist er samkvæmt kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða,
 - .3 móttaka á skýrslu eða kvörtun sem, samkvæmt faglegu mati tilnefnds fulltrúa stjórnvalds felur í sér áreiðanlegar upplýsingar sem benda eindregið til þess að skipið uppfylli ekki kröfurnar í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða,
 - .4 sönnunargögn eða niðurstöður athugana, sem tilnefndur fulltrúi stjórnvalds aflar á grunni faglegs mats, þess efnis að skipstjóranum eða starfslíði skipsins sé ekki kunnugt um mikilvægar verklagsreglur skipsins um siglingavernd eða geti ekki staðið fyrir æfingum sem tengist vernd skipsins eða að ekki hafi verið farið að slíkum verklagsreglum eða æfingar hafi ekki farið fram,
 - .5 sönnunargögn eða niðurstöður athugana, sem tilnefndur fulltrúi stjórnvalds aflar með faglegu mati, þess efnis að lykilmenn í starfslíði skipsins geti ekki haldið uppi viðeigandi samskiptum við aðra lykilstarfsmenn í starfslíði skipsins sem hafa með höndum ábyrgð hvað varðar siglingavernd um borð í skipinu,
 - .6 sönnunargögn eða áreiðanlegar upplýsingar um að skipið hafi tekið um borð einstaklinga eða lestað vistir eða varning í hafnaraðstöðu eða úr öðru skipi þar sem annaðhvort hafnaraðstaðan eða hitt skipið hafi brotið reglurnar í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða, og skipið sem um ræðir hafi hvorki fyllt út yfirlýsingu um siglingavernd né gripið til viðeigandi ráðstafana um siglingavernd, sértækra eða aukinna, eða hafi ekki fullnægt viðeigandi verklagsreglum um siglingavernd,
 - .7 sönnunargögn eða áreiðanlegar upplýsingar um að skipið hafi tekið um borð einstaklinga eða lestað vistir eða varning í hafnaraðstöðu eða frá öðrum upprunastað (t.d. með umflutningi úr öðru skipi eða þyrllu) þar sem hafnaraðstöðunni eða hinum upprunastaðnum er ekki skylt að uppfylla kröfurnar í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða og að skipið hafi ekki gert viðeigandi verndarráðstafanir, sértækar ráðstafanir eða auknar ráðstafanir, eða hafi ekki fullnægt viðeigandi verklagsreglum um siglingavernd og

- 8 skipið hefur fengið útgefið alþjóðlegt bráðabirgðasiglingavermarskrirteini í framhaldi af öðru bráðabirgðaskirteini, eins og lýst er í lið A/19.4, og það er faglegt mat tilnefnds fulltrúa stjórnvalds að ein af ástæðum þess að skipið eða útgerðarfélagið fer fram á slíkt sé að komast hjá því að þurfa að fylgja til fulls reglum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða að liðnum gildistíma upphaflegs bráðabirgðaskirteinis eins og lýst er í lið A/19.4.4.
- 4.34 Þjóðréttarleg áhrif reglu XI-2/9 eru sérstaklega mikilvæg og ætti að framfylgja reglunni með hliðsjón af reglu XI-2/2.4 þar sem sú staða kann að koma upp að annaðhvort verði gripið til ráðstafana sem falla utan gildissviðs kafla XI-2 eða þar sem taka ætti tillit til réttar skipa sem þetta hefur áhrif á og sem eru ekki bundin af ákvæðunum í kafla XI-2. Regla XI-2/9 kemur því ekki í veg fyrir að samningsríkisstjórn gripi til ráðstafana á grundvelli og í samræmi við þjóðarétt til að tryggja öryggi eða vernd einstaklinga, skipa, hafnaraðstöðu og annarra eigna í þeim tilvikum að skip teljist engu að síður fela í sér verndaráhættu þótt það uppfylli kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.
- 4.35 Þegar samningsríkisstjórn beitir eftirlitsráðstöfunum gagnvart skipum ætti tafarlaust að hafa samband við stjórnvöld og leggja fram fullnægjandi upplýsingar til að auðvelda stjórnvöldum að hafa fullt samráð við samningsríkisstjórn.

Eftirlit með skipum í höfn

- 4.36 Ef vanefndir eru annaðhvort af völdum bilaðs hlutar í búnaði eða rangs skjalahalds, sem leiðir til þess að farbann er lagt á skipið, og ekki er unnt að ráða bót á vanefndunum í skoðunarhöfninni, má samningsríkisstjórn heimila skipinu að sigla til annarrar hafnar, að því tilskildu að skilyrði, sem hafnarrikin og stjórnvöld eða skipstjóri koma sér saman um, séu uppfyllt.

Skip sem byggjast halda til hafnar annarrar samningsríkisstjórnar

- 4.37 Í reglu XI-2/9.2.1 eru taldar upp þær upplýsingar sem samningsríkisstjórnir geta krafist af hálfu skips sem skilyrði fyrir því að koma til hafnar. Eitt af þeim atriðum, sem talin eru upp, er staðfesting á því hvort einhverjar sérstakar ráðstafanir eða viðbótarráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu skipsins í þau tíu skipti sem skipið kom síðast til hafnaraðstöðu. Sem dæmi má nefna:
- .1 skýrslur um þær ráðstafanir sem gerðar voru þegar komið var til hafnar sem staðsett er á yfirráðasvæði ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki samningsríkisstjórn, einkum ráðstafanir sem venjulega hefði verið gripið til af hálfu hafnaraðstöðu sem staðsett er á yfirráðasvæði samningsríkisstjórna og
 - .2 allar yfirlýsingar um siglingavernd sem gerðar voru ásamt hafnaraðstöðu eða öðrum skipum.
- 4.38 Annað atriði upplýsinganna sem taldar eru upp og kann að vera sett sem skilyrði fyrir aðgangi að höfn, er staðfesting þess að viðeigandi verklagsreglur skipsins um siglingavernd hafi verið virtar meðan innbyrðis starfsemi milli skipa fór fram í þau tíu skipti sem skipið kom síðast til hafnaraðstöðu. Þess er yfirleitt ekki krafist að lagðar séu fram skýrslur um tilfærslur á hafnsögumönnnum eða tollvörðum, útlendingaeftirlitsmönnum eða fulltrúum á sviði verndarmála, né um töku eldsneytis, notkun vöruflutningapramma, lestun vista og losun úrgangs af hálfu skipa innan hafnaraðstöðu þar sem slíkt myndi venjulega falla undir verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu. Sem dæmi um upplýsingar, sem kunna að verða gefnar, má nefna:
- .1 skýrslur um þær ráðstafanir sem gerðar eru meðan innbyrðis starfsemi milli skipa fer fram í tengslum við skip sem siglir undir fána ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki samningsríkisstjórn, einkum þær ráðstafanir sem hefðu venjulega verið viðhafðar af hálfu skipa sem sigla undir fána samningsríkisstjórna,
 - .2 skýrslur um þær ráðstafanir sem gerðar eru meðan innbyrðis starfsemi milli skipa fer fram í tengslum við skip sem sigla undir fána samningsríkisstjórna en er ekki skylt að hlíta ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða, s.s. afrit af hvers konar verndarskrirteini sem gefið er út til handa slíku skipi samkvæmt öðrum ákvæðum og
 - .3 ef um borð eru einstaklingar eða vörur, sem bjargað var á hafi úti, allar nauðsynlegar upplýsingar um slíka einstaklinga eða vörur, þ.m.t. deili á þeim ef þau eru þekkt og/eða niðurstöður athugana sem gerðar eru fyrir hönd skipsins til að komast að raun um stöðu þeirra sem bjargað var með tilliti til siglingaverndar. Tilgangurinn með ákvæðunum í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða er ekki að fresta eða hindra að einstaklingar í sjávarháská komist í örugga höfn. Eini tilgangurinn með kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða er að sjá ríkjum fyrir fullnægjandi og viðeigandi upplýsingum til að viðhalda trúverðuleika sínum á sviði verndarmála.

- 4.39 Eftirfarandi eru dæmi um aðrar hagnýtar upplýsingar á sviði siglingaverndar, sem kann að verða krafist sem skilyrðis fyrir aðgangi að höfn þannig að auðveldara verði að tryggja öryggi og vernd einstaklinga, hafnaraðstöðu, skipa og annarra eigna:
- .1 upplýsingar sem er að finna í ferilskrá (Continuous Synopsis Record),
 - .2 staðsetning skips þegar skýrslan er gerð,
 - .3 áætlaður komutími skips til hafnar,
 - .4 áhafnarlisti,
 - .5 almenn lýsing á farni um borð í skipinu,
 - .6 farþegalisti og
 - .7 upplýsingar sem krafist er að séu um borð samkvæmt reglu XI-2/5.
- 4.40 Í reglu XI-2/9.2.5 er kveðið á um að skipstjóri skips megi, eftir að hafa fengið upplýsingar um að strandríki eða hafnarriki muni framfylgja eftirlitsráðstöfunum samkvæmt reglu XI-2/9.2, draga til baka ákvörðun sína um að halda til hafnar. Ef skipstjórinn dregur til baka ákvörðun sína gildir regla XI-2/9 ekki lengur og allar aðrar aðgerðir, sem kann að vera gripið til, verða að byggjast á og vera í samræmi við þjóðarétt.

Viðbótarákvæði

- 4.41 Í öllum tilvikum þar sem skipi er bannaður aðgangur að höfn eða er vísað úr höfn ætti að senda allar fyrirbyggjandi upplýsingar til yfirvalda í viðkomandi ríkjum. Orðsendingin ætti að fela í sér eftirfarandi upplýsingar ef þær liggja fyrir:
- .1 nafn á skipi, fána þess, kenninúmer skipsins, kallmerki, tegund skips og farn,
 - .2 ástæðu þess að skipi er meinaður aðgangur að höfn eða hafnarsvæðum eða vísað brott úr höfn eða frá hafnarsvæðum,
 - .3 ef við á, hvers konar vanefndir eru á verndarfyrirkomulagi,
 - .4 ef við á, upplýsingar um hvers kyns tilraunir sem kunna að verða gerðar til að ráða bót á vanefndum, þ.m.t. hvers kyns skilyrði sem skipinu kunna að vera sett fyrir sjóferð,
 - .5 fyrri viðkomuhöfn/-hafnir og næsta yfirlýsta viðkomuhöfn,
 - .6 brottfarartíma og áætlaðan komutíma til þessara hafna,
 - .7 hvers kyns fyrirmæli sem skipinu hafa verið gefin, t.d. tilkynningar um siglingaleið,
 - .8 tiltækar upplýsingar um vástig sem er í gildi um borð í skipinu á þeirri stundu,
 - .9 upplýsingar um hvers kyns boðskipti sem hafnarriki hefur haft við stjórnvald,
 - .10 tengilið innan hafnarrikis, sem útbýr skýrsluna, í því skyni að afla frekari upplýsinga,
 - .11 áhafnarlista og
 - .12 aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli.
- 4.42 Viðkomandi ríki sem hafa ber samband við ættu að vera þau sem liggja meðfram fyrirhugaðri siglingaleið skipsins til næstu hafnar, einkum ef fyrirhugað er að skipið sigli inn í landhelgi viðkomandi strandríkis. Önnur ríki gætu verið ríki fyrri viðkomuhafna sem hafa ber samband við í þeim tilgangi að afla frekari upplýsinga og leysa úr atriðum í fyrri höfnum sem tengjast siglingavernd.
- 4.43 Við framkvæmd ráðstafana um eftirlit og uppfyllingu krafna ættu tilnefndir fulltrúar stjórnvalds að sjá til þess að gætt sé meðalhófs þegar gripið er til ráðstafana eða aðgerða. Slíkar ráðstafanir eða aðgerðir ættu að vera sanngjarnar og eins lítið íþyngjandi að því er varðar eðli og gildistíma og komist verður af með til að unnt sé að ráða bót á eða draga úr þeim vanefndum sem komið hafa í ljós.

- 4.44 Hugtakið „töf“ í reglu XI-2/9.3.5.1 vísar einnig til aðstæðna þar sem skipinu, í samræmi við aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglu, er með ótilhlýðilegum hætti meinaður aðgangur að höfn eða með ótilhlýðilegum hætti vísað úr höfn.

Skip frá ríkjum sem ekki eru sammingsaðilar og skip undir sammingsstærð

- 4.45 Samningsríkisstjórnir ætti ekki að veita skipum, sem sigla undir fána ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki sammingsríkisstjórn og sem er ekki aðili að SOLAS-bókuninni frá 1988 ⁽¹⁾, hagstæðari meðferð en öðrum. Til samræmis við það ætti að beita ákvæðum reglu XI-2/9 og leiðbeiningunum í þessum hluta kóðans gagnvart slíkum skipum.
- 4.46 Skip sem eru undir sammingsstærð eru háð ráðstöfunum sem ríkin gripa til í því skyni að tryggja siglingavernd. Gera ætti slíkar ráðstafanir að teknu tilliti til krafanna í kafla XI-2 og leiðbeininganna sem kveðið er á um í þessum hluta kóðans.

5. YFIRLÝSING UM SIGLINGAVERND

Almennt

- 5.1 Útbúa ætti yfirlýsingu um siglingavernd þegar sammingsríkisstjórnin, sem ræður yfirráðsvæðinu þar sem hafnaraðstaða er staðsett, telur það nauðsynlegt eða þegar skip telur það nauðsynlegt.
- 5.1.1 Niðurstöður áhættumats fyrir hafnaraðstöðu geta leitt í ljós þörf á yfirlýsingu um siglingavernd og ættu ástæðurnar fyrir því og þær aðstæður sem gefa tilefni til að fara fram á yfirlýsingu um siglingavernd, að vera tilgreindar í verndaráætlun hafnarinnar.
- 5.1.2 Stjórnvöld geta ákveðið hvenær þörf er á að gefa yfirlýsingu um siglingavernd fyrir skip sem hafa rétt til að sigla undir fána þeirra eða á grunni áhættumats fyrir skipið og slíkt ætti að koma fram í verndaráætlun skips.
- 5.2 Líklegt er að farið verði fram á yfirlýsingu um siglingavernd við hærri vástig, þ.e. þegar skip hefur hærri vástig en hafnaraðstaða eða annað skip sem það er í tengslum við, sem og við tengsl skips og hafnar eða innbyrðis starfsemi milli skipa þegar slík tengsl hafa í för með sér aukna áhættu fyrir einstaklinga, eignir eða umhverfi af ástæðum sem tengjast sérstaklega viðkomandi skipi, þ.m.t. farni þess, farþegum eða aðstæðum í hafnaraðstöðunni eða samspili þessara þátta.
- 5.2.1 Ef skip, eða stjórnvöld fyrir hönd skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána þeirra, fara þess á leit að útbúin verði yfirlýsing um siglingavernd ætti verndarfulltrúi hafnar eða verndarfulltrúi skips að staðfesta móttöku beiðinnar og ræða viðeigandi verndarástafanir.
- 5.3 Verndarfulltrúi hafnar má einnig hafa frumkvæði að yfirlýsingu um siglingavernd áður en tengsl hafnar og skips eiga sér stað sé þess sérstaklega getið í samþykktu áhættumati fyrir hafnaraðstöðu að þau séu sérstakt áhyggjuefni. Dæmi um slíkt er þegar farþegar fara um borð eða frá borði og við umskipun, lestun eða losun hættulegs varnings eða hættulegra efna. Í áhættumatinu fyrir hafnaraðstöðu má einnig tilgreina aðstöðu á eða nærri þéttbýlissvæðum eða efnahagslega mikilvægar aðgerðir sem gefa tilefni til yfirlýsingar um siglingavernd.
- 5.4 Megintilgangur yfirlýsingar um siglingavernd er að tryggja að samkomulag náist milli skips og hafnaraðstöðu eða annarra skipa sem það er í tengslum við, um þær verndarástafanir sem hvor aðili um sig skuldbindur sig til að viðhafa í samræmi við ákvæði samþykktar verndaráætlana sinna.
- 5.4.1 Bæði hafnaraðstaða og skip, eftir því sem við á, ættu að undirrita og dagsetja yfirlýsingu um siglingavernd, sem samkomulag hefur náðst um, til merkis um að kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða séu uppfylltar, og ætti að koma fram í henni gildistími, gildandi vástig og viðeigandi tengiupplýsingar.

⁽¹⁾ Bókun frá 1988 við Alþjóðasamninginn um öryggi mannlifa á hafinu frá 1974.

- 5.4.2 Verði breyting á vástigi kann að vera nauðsynlegt að útbúa nýja eða endurskoðaða yfirlýsingu um siglingavernd.
- 5.5 Yfirlýsingu um siglingavernd ætti að gera á ensku, frönsku eða spænsku eða á sameiginlegu tungumáli hafnaradstöðu og skips/skipa, eftir því sem við á.
- 5.6 Fyrirmynd að yfirlýsingu um siglingavernd er að finna í 1. viðbæti við þennan hluta kóðans. Þessi fyrirmynd er að yfirlýsingu um siglingavernd milli skips og hafnaradstöðu. Ef yfirlýsing um siglingavernd á að taka til tveggja skipa ætti að aðlaga fyrirmyndina með viðeigandi hætti.

6. SKYLDUR ÚTGERÐARFÉLAGS

Almennt

- 6.1 Í reglu XI-2/5 er þess krafist að útgerðarfélag sjái skipstjóra skipsins fyrir upplýsingum til að uppfylla kröfur félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar reglu. Þessar upplýsingar ættu að innihalda atriði eins og:
- .1 þá aðila sem eru ábyrgir fyrir að ráða starfslíð um borð, s.s. félög sem annast skiparekstur, mönnunar-skriðstofur, verktakar, sérleyfishafar (t.d. smásalar, spilavíti o.þ.h.),
 - .2 þá aðila sem eru ábyrgir fyrir að ráðstafa skipinu í einstök verkefni, s.s. tímaleigu eða þurrleigu, eða annan aðila sem hefur með slíkt að gera og
 - .3 í þeim tilvikum að skip er leigt aðila á grundvelli leigusamnings, upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandið við þessa aðila, þ.m.t. tímaleigutaka eða leigutaka vegna einstakra ferða.
- 6.2 Í samræmi við reglu XI-2/5 ber útgerðarfélaginu skylda til að uppfæra og viðhalda réttum upplýsingum eftir því sem breytingar eiga sér stað.
- 6.3 Þessar upplýsingar ættu að vera á ensku, frönsku eða spænsku.
- 6.4 Að því er varðar skip, sem eru smíðuð fyrir 1. júlí 2004, ættu þessar upplýsingar að lýsa raunverulegum aðstæðum á þeim degi.
- 6.5 Hvað varðar skip, sem eru smíðuð 1. júlí 2004 eða síðar, og skip, sem smíðuð voru fyrir þann tíma en voru ekki í notkun 1. júlí 2004, ættu upplýsingarnar að gilda frá þeim degi sem skipið er tekið í notkun og lýsa raunverulegum aðstæðum á þeim degi.
- 6.6 Sé skip tekið úr rekstri eftir 1. júlí 2004 ættu upplýsingarnar að gilda frá þeim degi sem skipið er tekið aftur í notkun og lýsa raunverulegum aðstæðum á þeim degi.
- 6.7 Ekki er nauðsynlegt að varðveita um borð upplýsingar sem höfðu áður verið lagðar fram og tengjast ekki raunverulegum aðstæðum á þeim degi.
- 6.8 Taki annað útgerðarfélag við ábyrgð á rekstri skips er þess ekki krafist að upplýsingar um útgerðarfélagið sem rak skipið séu varðveittar um borð.

Auk þess er aðrar leiðbeiningar, sem máli skipta, að finna í 8., 9. og 13. lið.

7. VERND SKIPA

Aðrar leiðbeiningar, sem máli skipta, er að finna í 8., 9. og 13. lið.

8. ÁHÆTTUMAT FYRIR SKIP

Áhættumat

- 8.1 Verndarfulltrúi útgerðarfélags ber ábyrgð á að tryggja að útbúið sé áhættumat fyrir hvert það skip í flota útgerðarfélagsins sem ber að hlíta ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða og verndarfulltrúi útgerðarfélags ber ábyrgð á. Þótt verndarfulltrúi útgerðarfélags sé ekki skylt að annast sjálfur öll skyldustörf sem fylgja starfinu þá liggur endanleg ábyrgð á að þau séu unnin með fullnægjandi hætti á herðum hans.
- 8.2 Áður en hafist er handa við gerð áhættumats fyrir skip ætti verndarfulltrúi útgerðarfélags að tryggja að nýttar séu tiltækar upplýsingar um mat á ögnum við hafnaradstöðu þar sem skipið mun hafa viðdöl eða þar sem farþegar koma um borð eða fara frá borði og um hafnaradstöðuna og verndarráðstafanir hennar. Verndarfulltrúi útgerðarfélags ætti að rannsaka fyrri skýrslur um svipaðar þarfar fyrir siglingavernd. Ef mögulegt er ætti verndarfulltrúi útgerðarfélags að eiga fund með hlutaðeigandi einstaklingum um borð í skipinu og í hafnaradstöðunni til að ræða tilgang og aðferðir við framkvæmd matsins. Verndarfulltrúi útgerðarfélags ætti að fylgja sérstökum leiðbeiningum sem kunna að vera lagðar fram af hálfu samningsríkisstjórna.

- 8.3 Áhættumat ætti að ná til eftirfarandi þátta um borð eða í skipinu
- .1 áþreifanlegra verndaraðgerða,
 - .2 heilleika burðarvirkis,
 - .3 kerfa til verndar áhöfn,
 - .4 starfsreglna,
 - .5 fjarskiptabúnaðar, þ.m.t. tölvukerfi og –net, og
 - .6 annarra þátta sem kunna, ef þeir eru skemmdir eða notaðir til ólöglegrar skoðunar, að stofna einstaklingum, eignum eða starfsemi í hættu um borð í skipinu eða innan hafnaraðstöðunnar.
- 8.4 Þeir sem taka þátt í gerð áhættumats fyrir skip ættu að eiga kost á aðstoð sérfróðra manna að því er varðar:
- .1 þekkingu á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
 - .2 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .3 kunnáttu í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
 - .4 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
 - .5 aðferðir sem beitt er til að valda váatviki,
 - .6 áhrif sprengiefna á burðarvirki skipa og búnað,
 - .7 vernd skipa,
 - .8 viðskiptavenjur í sambandi við tengsl skips og hafnar,
 - .9 gerð viðbragðsáætlana, neyðarviðbúnað og neyðarviðbrögð,
 - .10 áþreifanlegar verndaraðgerðir,
 - .11 fjarskiptabúnað, þ.m.t. tölvukerfi og –net,
 - .12 skipahönnun og
 - .13 rekstur skipa og hafna.
- 8.5 Verndarfulltrúi útgerðarfélags ætti að afla og skrá þær upplýsingar sem þarf til að gera mat, þ.m.t.:
- .1 teikningar af fyrirkomulagi skipsins,
 - .2 staðsetning svæða þar sem aðgangur ætti að vera takmarkaður, s.s. stjórnþalls, vélarúma í flokki A og annarra stjórnstöðva samkvæmt skilgreiningu í kafla II-2, o.s.frv.,
 - .3 staðsetning og tilgangur allra raunverulegra eða hugsanlegra aðgönguleiða inn í skipið,
 - .4 breytingar á sjávarföllum sem kunna að valda veillum eða hafa áhrif á vernd skipsins,
 - .5 farmrými og tilhögun við hleðslu,
 - .6 staðsetning geymslurýma fyrir vistir og mikilvægan viðhaldsbúnað,
 - .7 staðsetning þar sem fylgdarlaus farangur er geymdur,
 - .8 neyðar- og viðbragðsbúnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda mikilvægri þjónustu,
 - .9 fjöldi í áhöfn skipsins, fyrirliggjandi verndarskyldur og stefnu útgerðar hvað varðar þjálfunarkröfur,
 - .10 fyrirliggjandi öryggisbúnaður skipsins og búnaður til verndar farþegum skipsins og áhöfn,

- .11 neyðarútgangar, rýmingarleiðir og mótsstöðvar sem þarf að halda við til að tryggja skipulagðar og öruggar aðgerðir þegar skip er yfirgefið í neyð,
 - .12 fyrirbyggjandi samningar við einkarekin verndarfyritæki sem veita verndarþjónustu fyrir skip eða umhverfi þess og
 - .13 fyrirbyggjandi verndarráðstafanir og verklagsreglur sem í gildi eru, þ.m.t. skoðanir og eftirlit, auðkenniskerfi, eftirlits- og vöktunarbúnaður, auðkennisskírteini starfsmanna og boðskipti, viðvörunarbúnaður, lýsing, aðgangseftirlit og önnur viðeigandi kerfi.
- 8.6 Í áhættumati fyrir skip ætti að skoða hverja tilgreinda aðgönguleið um borð í skipið, þ.m.t. opin veðurþilföör, og meta líkurnar á því að þær verði notaðar af einstaklingum sem gætu viljað brjóta gegn siglingavernd skipsins. Þetta á bæði við um leiðir sem einstaklingar í lögmætum erindagjörðum geta notað til að komast um borð sem og þeir sem vilja komast um borð í heimildarleysi.
- 8.7 Í áhættumati fyrir skip ætti að meta hvort gildandi verndarráðstafanir og leiðbeiningar, verklagsreglur og aðgerðir eigi áfram við, hvort heldur við venjubundnar aðstæður eða í neyðartilvikum, og setja leiðbeiningar um vernd, þ.m.t. um:
- .1 haftasvæði,
 - .2 verklagsreglur um viðbrögð við eldsvoða eða öðru neyðarástandi,
 - .3 það í hvaða mæli skuli hafa eftirlit með starfslíði skipsins, farþegum, gestum, sölumönnum, viðgerðarmönnum, hafnarstarfsmönnum o.s.frv.,
 - .4 tíðni og skilvirkni eftirlitsferða,
 - .5 aðgangsstýrikerfi, þ.m.t. auðkenniskerfi,
 - .6 boðskiptabúnað og verklagsreglur við boðskipti með hliðsjón af siglingavernd,
 - .7 verndarhurðir, hindranir og lýsingu og
 - .8 verndar- og eftirlitsbúnað og -kerfi, sé slíkur búnaður til staðar.
- 8.8 Í áhættumati fyrir skip ætti að meta hvaða einstaklinga, starfsemi, þjónustu og rekstur sé mikilvægt að vernda. Þetta tekur til:
- .1 starfslíðs skipsins,
 - .2 farþega, gesta, sölumanna, viðgerðarmanna, hafnarstarfsmanna o.s.frv.,
 - .3 hæfni til að tryggja örugga siglingu skipsins og bregðast við neyðaratvikum,
 - .4 farms, einkum hættulegs varnings eða hættulegra efna,
 - .5 vista skipsins,
 - .6 samskiptabúnaðar og -kerfa vegna siglingaverndar, sé hann fyrir hendi, og
 - .7 eftirlitsbúnaðar og -kerfa skipsins, sé slíkt til staðar.
- 8.9 Í áhættumati fyrir skip ætti að íhuga alla hugsanlega ógn sem getur til dæmis falið í sér eftirtalin váatvik:
- .1 skemmdir eða eyðileggingu á skipi eða hafnarstöðu, t.d. af völdum sprengna, ikveikju, skemmdarverka eða spellvirkja,
 - .2 skipsrán eða töku skips eða einstaklinga um borð í því í gíslingu,
 - .3 þegar hróflað er við farmi, mikilvægum skipsbúnaði eða -kerfum eða vistum skips,
 - .4 óheimilan aðgang eða notkun, þ.m.t. nærveru laumufarþega,
 - .5 smygl á vopnum eða búnaði, þ.m.t. gjöreyðingarvopn,

- .6 notkun á skipi til að flytja menn sem hafa í hyggju að valda váatviki og/eða búnað þeirra,
 - .7 beitingu sjálfs skipsins sem vopns eða sem leiðar til að valda skemmdum eða eyðileggingu,
 - .8 árásir af sjó á meðan skip liggur við bryggju eða fyrir akkeri og
 - .9 árásir á hafi úti.
- 8.10 Í áhættumati fyrir skip ætti að taka tillit til allra hugsanlegra veilna, sem kunna að felast í:
- .1 misræmi milli öryggis- og verndarráðstafana,
 - .2 misræmi milli starfsskyldna um borð og verkefna er tengjast skipsvernd,
 - .3 vaktstöðuskyldum, fjölda í starfslíði skips, einkum m.t.t. afleiðinga ofþreytu áhafnar, árvekni og frammistöðu,
 - .4 annmörkum sem kunna að hafa komið fram við verndarþjálfun og
 - .5 verndarbúnaði eða -kerfum, þ.m.t. fjarskiptabúnaði.
- 8.11 Verndarfulltrúi útgerðarfélags og verndarfulltrúi skips ættu ætíð að hafa hliðsjón af þeim áhrifum sem verndarráðstafanir kunna að hafa á starfslíð skipsins sem dvelst um borð í skipinu langtímum saman. Þegar verndarráðstafanir eru þróaðar ætti einkum að huga að þægindum, velliðan og einkalífi þeirra sem starfa um borð og hvort starfslíð skipsins geti viðhaldið skilvirkni í störfum sínum til lengri tíma.
- 8.12 Að lokinni gerð áhættumats fyrir skip skal gera skýrslu sem hefur að geyma yfirlit um það hvernig staðið var að gerð áhættumatsins, lýsingu á þeim veilum sem matið leiddi í ljós og lýsingu á þeim gagnráðstöfunum sem nota má til að bæta úr hverri þeirra. Verja skal skýrsluna fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.
- 8.13 Hafi útgerðarfélagið ekki staðið að gerð áhættumats fyrir skip ætti verndarfulltrúi útgerðarfélagsins að endurskoða skýrsluna um áhættumatið fyrir skipið og samþykkja hana.
- Verndarkönnun á vettvangi
- 8.14 Verndarkönnun á vettvangi er óaðskiljanlegur hluti áhættumats fyrir skip. Með verndarkönnun á vettvangi ætti að prófa og meta gildandi verndarráðstafanir um borð, verklagsreglur og aðgerðir með tilliti til þess að:
- .1 tryggja að öllum verndarskyldum skips sé fullnægt.
 - .2 vakta haftasvæði til að tryggja að einungis einstaklingar er hafa til þess heimild hafi aðgang að þeim,
 - .3 stýra aðgangi að skipi, þ.m.t. með hvers kyns auðkenniskerfi,
 - .4 vakta þilför skips og næsta umhverfi þess,
 - .5 hafa eftirlit með fólki sem fer um borð og eigum þess (farangri í fylgd fólks, fylgdarlausum farangri og persónulegum eigum starfslíðs skips),
 - .6 hafa eftirlit með meðhöndlun farms og vista skipsins og
 - .7 tryggja að boðskiptaleiðir sem varða siglingavernd, upplýsingar og búnaður séu tiltæk.
9. VERNDARÁÆTLUN SKIPS
- Almennt**
- 9.1 Verndarfulltrúi útgerðarfélags ber ábyrgð á að sjá um að verndaráætlun fyrir skip sé útbúin og lögð fram til samþykktar. Efni verndaráætlunar fyrir skip ætti að vera breytilegt eftir því hvaða skip á í hlut. Í áhættumati fyrir skip hafa sérstök einkenni skipsins og hugsanlegar ógnir og veilur verið tilgreind. Nauðsynlegt er að taka ítarlega á þessum þáttum þegar verndaráætlun fyrir skip er útbúin. Stjórnvöld geta útbúið leiðbeiningar um gerð og innihald verndaráætlunar fyrir skip.

- 9.2 Allar verndaráætlanir fyrir skip ættu að innihalda:
- .1 nákvæmt skipurit um fyrirkomulag siglingaverndar í viðkomandi skipi,
 - .2 nákvæmar upplýsingar um tengsl við útgerðarfélag, hafnaraðstöðu, önnur skip og viðeigandi yfirvöld sem hafa ábyrgð með höndum í tengslum við siglingavernd,
 - .3 nákvæmar upplýsingar um boðskiptakerfi til að tryggja skilvirk og samfelld samskipti innan skipsins og á milli skipsins og annarra aðila, þ.m.t. hafnaraðstaða,
 - .4 nákvæmar upplýsingar um grunnverndarráðstafanir á vástigi 1, bæði rekstrarlegar og áþreifanlegar, sem eru ætíð til staðar,
 - .5 nákvæmar upplýsingar um þær auknu verndarráðstafanir sem gera skipinu kleift að hækka án tafar vástigið í vástig 2 og, ef nauðsyn krefur, í vástig 3,
 - .6 ákvæði um reglulega endurskoðun eða úttekt á verndaráætlun fyrir skip og um breytingar á henni með tilliti til fenginnar reynslu eða breyttra aðstæðna og
 - .7 ítarlega málsmeðferð um skýrslugjöf til viðeigandi tengiliða sammingsríkisstjórna.
- 9.3 Gerð skilvirkra verndaráætlunar fyrir skip ætti að byggjast á ítarlegu mati á öllum þáttum sem tengjast vernd skipsins, einkum nákvæmu mati á áþreifanlegum og rekstrarlegum þáttum, þ.m.t. fast siglingamynstur hvers skips.
- 9.4 Allar verndaráætlanir fyrir skip ættu að vera samþykktar af stjórnvöldum eða fyrir hönd stjórnvalda. Ef stjórnvöld fela viðurkenndum verndaraðila að endurskoða eða samþykkja verndaráætlun fyrir skip ætti sá viðurkenndi verndaraðili ekki tengjast öðrum viðurkenndum verndaraðila sem útbjó eða aðstoðaði við að útbúa áætlunina.
- 9.5 Verndarfulltrúar útgerðar og verndarfulltrúar skipa ættu að koma sér upp verklagsreglum til að:
- .1 meta hvort verndaráætlun fyrir skip sé ávallt skilvirk og
 - .2 leggja drög að breytingum á áætluninni eftir að hún er samþykkt.
- 9.6 Verndarráðstafanir, sem er að finna í verndaráætlun fyrir skip, ættu að vera fyrir hendi þegar fyrsta sannpröfun fer fram á því hvort farið sé að ákvæðunum í kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða. Að öðrum kosti er ekki unnt að gefa út alþjóðlega siglingaverndarskirteinið sem krafist er. Ef síðar kemur fram bilun í verndarbúnaði eða -kerfum, eða ef verndarráðstafanir eru af einhverjum ástæðum numdar tímabundið úr gildi, ætti að grípa til sambærilegra tímabundinna verndarráðstafana sem skulu tilkynntar til stjórnvalds og samþykktar af því.
- Skíplagning og framkvæmd á verndarskyldum skips**
- 9.7 Til viðbótar við leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru í málsgrein 9.2 ætti að kveða á um eftirfarandi í verndaráætlun fyrir skip í tengslum við öll vástig:
- .1 skyldur og ábyrgð alls starfslíðs skipsins sem hefur verndarhlutverki að gegna,
 - .2 verklagsreglur eða verndarráðstafanir sem eru nauðsynlegar svo ávallt sé unnt að halda samfelldum boðskiptum,
 - .3 nauðsynlegar verklagsreglur til að meta hvort verklagsreglur um siglingavernd og hvers kyns verndar- og eftirlitsbúnaður og -kerfi séu ávallt skilvirk, þ.m.t. verklagsreglur til að finna og bregðast við bilun í búnaði og kerfum,
 - .4 verklagsreglur og venjur til að vernda viðkvæmar verndarupplýsingar á pappírformi eða rafrænu formi,

- .5 gerð verndar- og eftirlitsbúnaðar og –kerfa og kröfur um viðhald hans, ef slikt er fyrir hendi,
 - .6 verklagsreglur til að tryggja að skýrslur um hugsanlega bresti í siglingavernd eða áhyggjuefni í tengslum við vernd séu lagðar fram tímanlega og þær metnar og
 - .7 verklagsreglur til að koma á fót, viðhalda og uppfæra skrá um hvers kyns hættulegan varning eða hættuleg efni sem eru um borð, þ.m.t. staðsetning þeirra.
- 9.8 Það sem eftir er af 9. lið er sérstaklega tekið á verndarráðstöfunum sem gripa má til á hverju vástigi og taka til:
- .1 aðgengis starfslíðs skipsins, farþega, gesta o.s.frv. að skipinu,
 - .2 haftasvæða um borð í skipinu,
 - .3 meðhöndlunar farms,
 - .4 afhendingar á vistum skips,
 - .5 meðhöndlunar fylgdarlaus farangurs og
 - .6 eftirlits með vernd skips

Aðgengi að skipi

- 9.9 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um verndarráðstafanir sem taka til allra aðgönguleiða að skipinu sem tilgreindar eru í áhættumati fyrir skipið. Þetta ætti að ná til:
- .1 aðgengisstiga,
 - .2 landgöngubrúa,
 - .3 aðgengisrampa,
 - .4 aðgengisdýra, kýraugna á skipshlið, glugga og hliða,
 - .5 landfesta og akkeriskeðja og
 - .6 krana og hífingarbúnaðar.
- 9.10 Fyrir hvert þessara atriða ætti að tilgreina í verndaráætlun fyrir skip þá staði þar sem aðgengistakmarkanir eða bönn eiga að gilda á hverju vástigi. Fyrir hvert vástig ætti að tilgreina í verndaráætlun hvaða takmarkanir eða bönn gilda og hvernig á að framfylgja þeim.
- 9.11 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina fyrir hvert vástig þær auðkennisaðferðir sem krafist er til að heimila aðgang að skipinu svo einstaklingar fái dvalið án áreitis um borð í því. Í þessu kann að felast að þróað sé viðeigandi auðkenniskerfi sem gerir kleift að bera varanlega og tímabundið kennsl á fólk, annars vegar á starfslíð skipsins og hins vegar gesti. Auðkenniskerfi skips ætti, þegar framkvæmanlegt þykir, að vera samhæft við kerfið sem notað er í tengslum við hafnarstöðu. Farþegar ættu að geta sannað deili á sér með brottfararspjöldum, farseðlum o.þ.h., en ættu ekki að fá aðgang að haftasvæðum nema undir eftirliti. Í verndaráætlun skips ætti að kveða á um reglulega uppfærslu auðkenniskerfa og viðurlög við brotum á verklagsreglum.
- 9.12 Neita ætti þeim, sem vilja ekki eða geta ekki sannað á sér deili og/eða staðfest tilgang heimsóknar sinnar þegar eftir því er leitað, um aðgang að skipinu og tilkynna ætti tilraun þeirra til að fá aðgang, eftir því sem við á, til verndarfulltrúa skips, verndarfulltrúa útgerðarfélag, verndarfulltrúa hafnar og til yfirvalda innanlands eða á staðnum sem hafa með verndarmál að gera.
- 9.13 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um tíðni aðgangseftirlits, einkum hvort það á að vera framkvæmt af handahófi eða öðru hvoru.
- Vástig 1
- 9.14 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, fyrir vástig 1, að vera kveðið á um verndarráðstafanir til að stýra aðgangi að skipinu, þar sem beita má eftirfarandi:
- .1 kanna deili á öllum einstaklingum sem leita eftir að komast um borð í skipið og sannreyna tilgang þeirra með því að kanna, til dæmis, fyrirsmáli um ráðningu í skipsrúm, farseðla farþega, brottfararspjöld, vinnufyrirmæli o.þ.h.,
 - .2 skipið ætti að tryggja, í samvinnu við hafnarstöðu, að örugg svæði séu skilgreind þar sem framkvæma má skoðun og leit á einstaklingum, í farangri (þ.m.t. handfarangri), persónulegum eignum, ökutækjum og innihaldi þeirra,

- .3 í samvinnu við hafnaraðstöðu ætti skipið að tryggja að leitað verði í ökutækjum sem ætlunin er að lesta um borð í bifreiðaferjur, ekjuferjur og önnur farþegaskip áður en lestun fer fram, svo oft sem fram kemur í verndaráætlun fyrir skip,
 - .4 aðskilja einstaklinga sem hafa verið athugaðir og persónulegar eigur þeirra frá þeim sem hafa ekki verið athugaðir og persónulegum eigum þeirra,
 - .5 aðskilja farþega sem fara um borð frá þeim sem fara frá borði,
 - .6 skilgreina aðgönguleiðir sem ættu að vera verndaðar eða vaktaðar til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang,
 - .7 loka, með læsingu eða öðrum úrræðum, aðgangi að óvöktuðum svæðum sem liggja að svæðum sem farþegar og gestir hafa aðgang að og
 - .8 standa fyrir fundum um verndarmál með öllu starfslíði skipsins um hugsanlega ógn, verklagsreglur við að tilkynna grunsamlega einstaklinga, hluti eða athafnir og þörf á árvekni.
- 9.15 Þegar vástig 1 gildir ættu allir sem leita eftir því að komast um borð í skip að geta búist við því að sæta leit. Kveða ætti á um tíðni slíkra leita, þ.m.t. handahófsleit, í samþykktri verndaráætlun fyrir skip og ættu stjórnvöld að samþykka hana sérstaklega. Best er að slíkar leitir fari fram af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við skipið og nálægt því. Ekki ætti að fara fram á að starfslíð skipsins leiti á samstarfsfólki sínu eða í persónulegum eigum þess nema ríkar ástæður á grunni verndar liggja þar að baki. Allar slíkar leitir skulu fara fram með þeim hætti að fullt tillit sé tekið til mannréttinda einstaklinga og að mannleg reisn þeirra sé virt.

Vástig 2

- 9.16 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um verndarráðstafanir sem grípa ber til í því skyni að svara aukinni hættu á váatviki til að tryggja aukna árvekni og herða eftirlit en þær geta falist í því að:
- .1 skipa viðbótarstarfslíð til eftirlitsferða um þilfarssvæði á þagnartímum til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang,
 - .2 fækka aðgönguleiðum inn í skipið, tilgreina hverjar eiga að vera lokaðar og hvernig á að loka þeim á tilskilinn hátt,
 - .3 hindra aðgang að skipinu frá sjó, til dæmis með hjálp eftirlitsbáta í samvinnu við hafnaraðstöðu,
 - .4 skilgreina haftsvæði við landhlíð skipsins í nánú samstarfi við hafnaraðstöðuna,
 - .5 auka tíðni og nákvæmni leitar á fólki, í persónulegum eigum og í ökutækjum sem á að aka um borð eða lesta í skipið,
 - .6 fylgja gestum um borð í skipið,
 - .7 standa fyrir sérstökum viðbótarfundum um verndarmál með öllu starfslíði skipsins um hugsanlega ógn þar sem ítrekaðar eru verklagsreglur um að tilkynna grunsamlega einstaklinga, hluti eða athafnir og lögð áhersla á þörf á aukinni árvekni og
 - .8 standa fyrir leit í öllu skipinu eða hluta þess.

Vástig 3

- 9.17 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirætlun frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaraðstöðuna en þær geta falist í því að:
- .1 takmarka aðgang við eina aðgönguleið sem sætir eftirliti,
 - .2 heimila þeim einum aðgang sem bregðast við váatvikinu eða aðsteðjandi ógn,
 - .3 leiðbeina fólki um borð,
 - .4 stöðva umferð til eða frá borði,
 - .5 stöðva meðhöndlun farms, vöruafgreiðslu o.s.frv.,
 - .6 rýma skipið,
 - .7 færa skipið til og
 - .8 undirbúa leit í öllu skipinu eða hluta þess.

Haftasvæði um borð í skipinu,

- 9.18 Í verndaráætlun ætti að kveða á um þau haftasvæði sem koma ber á um borð í skipinu, skilgreina mörk þeirra, gildistíma, verndarráðstafanir til að stýra aðgangi að þeim og til að stjórna athöfnum innan þeirra. Tilgangurinn með haftasvæðum er að:
- .1 koma í veg fyrir óheimilan aðgang,
 - .2 vernda farþega, starfslíð skipsins og starfslíð hafnaraðstöðu eða frá öðrum stofnunum sem hafa heimild til að fara um borð í skipið,
 - .3 vernda viðkvæm verndarsvæði um borð í skipinu og
 - .4 vernda farm og vistir skips gegn því að við þeim sé hróflað.
- 9.19 Tryggja ætti að í verndaráætlun fyrir skip sé kveðið á um skýra stefnu og venjur sem miða að því að stýra aðgangi að öllum haftasvæðum.
- 9.20 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um að öll haftasvæði séu greinilega merkt þannig að fram komi að aðgangur að svæðinu sé takmarkaður og að litið sé á óheimila viðveru innan svæðisins sem brest í vernd.
- 9.21 Eftirtalin svæði geta talist haftasvæði:
- .1 stjórnþallur, vélarúm í flokki A og aðrar stjórnstöðvar samkvæmt skilgreiningu í kafla II-2,
 - .2 rými þar sem er að finna verndar- og eftirlitsbúnað og -kerfi og stjórnþæki þeirra og stjórnþæki fyrir ljósabúnað,
 - .3 loftræsting og loftræstikerfi og önnur sambærileg rými,
 - .4 rými með aðgengi að tönkum með drykkjarvatni, dælum eða tengigreinum,
 - .5 rými þar sem er að finna hættulegan varning eða hættuleg efni,
 - .6 rými sem í eru farmdætur og stjórnþæki þeirra,
 - .7 farmrými og rými sem í eru vistir skipsins,
 - .8 vistarverur áhafnar og
 - .9 öll önnur svæði sem verndarfulltrúi útgerðarfélags ákveður, með hliðsjón af áhættumati fyrir skip, að takmarka þurfi aðgang að til að viðhalda vernd skipsins.
- Vástig 1
- 9.22 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 1 gildir, að vera kveðið á um verndarráðstafanir sem beita ber á haftasvæðum, en í þeim kann að felast það að:
- .1 læsa eða loka aðgönguleiðum,
 - .2 beita eftirlitsbúnaði til að vakta svæði,
 - .3 nota verði eða eftirlitssveitir og
 - .4 nota sjálfvirk tæki til að skynja innbrot og gera starfslíði skipsins viðvart um umferð óviðkomandi.
- Vástig 2
- 9.23 Þegar vástig 2 gildir ætti að auka tíðni og umfang vöktunar og stýringar á aðgangi að haftasvæðum til að tryggja að einungis einstaklingar, sem hafa til þess heimild, hafi þar aðgang. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um auknar verndarráðstafanir sem beita ber, en í þeim kann að felast það að:
- .1 koma á haftasvæðum sem liggja að aðgönguleiðum,
 - .2 vakta eftirlitsbúnað stöðugt og
 - .3 tilnefna viðbótarstarfslíð til að standa vörð á og fara í eftirlitsferðir um haftasvæði.

Vástig 3

- 9.24 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaradóstöðuna en þær geta falist í því að:
- 1 koma á viðbótarhaftasvæðum um borð í skipinu nærri þeim stað þar sem váatviki á sér stað, eða þar sem aðsteðjandi ógn við siglingavernd er talin vera þar sem aðgangur er bannaður og
 - 2 leit á haftasvæðum sem hluta af leit um borð í skipinu.

Meðhöndlun farms

- 9.25 Með verndarráðstöfunum í tengslum við meðhöndlun farms ætti að leitast við að:
- 1 koma í veg fyrir að hróflað sé við honum og
 - 2 koma í veg fyrir að farmur, sem ekki er ætlaður til flutnings með skipinu, sé samþykktur og lestaður um borð í skipið.
- 9.26 Verndarráðstafanir ættu að fela í sér eftirlit í tengslum við birgðir við aðgönguleiðir að skipinu, en sumar þessara ráðstafana kann að þurfa að gera í samstarfi við hafnaradstöðuna. Þegar farmur er kominn um borð í skipið ætti að vera unnt að ganga úr skugga um að hann hafi verið samþykktur til lestunar um borð. Að auki ætti að gera verndarráðstafanir til að tryggja að ekki sé hróflað við farni sem kominn er um borð.

Vástig 1

- 9.27 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 1 gildir, að vera kveðið á um verndarráðstafanir sem beita ber við meðhöndlun farms, en í þeim kann að felast:
- 1 kerfisbundin athugun á farni, farmflutningseiningum og farmrýmum áður en meðhöndlun farms hefst og meðan á henni stendur,
 - 2 eftirlit til að tryggja að farmur, sem lestaður er, sé í samræmi við farmskjöl,
 - 3 að tryggja, í samvinnu við hafnaradstöðu, að leitað sé í ökutækjum sem ætlunin er að lesta um borð í bifreiðafærjur, ekjuferjur og farþegaskip áður en lestun fer fram, svo oft sem fram kemur í verndaráætlun fyrir skip og
 - 4 athugun á innsiglium eða aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir að hróflað sé við farni.
- 9.28 Farm má athuga með eftirfarandi aðferðum:
- 1 sjónrænni og áþreifanlegri skoðun og
 - 2 með notkun búnaðar til skönnunar/greiningar, vélræns búnaðar eða hunda.
- 9.29 Ef um er að ræða reglulegar eða endurteknar hreyfingar á farni má verndarfulltrúi útgerðarfélags eða verndarfulltrúi skips, í samráði við hafnaradstöðu, samþykka fyrirkomulag farmflytjanda eða annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir slíkum farni, sem felur í sér eftirlit utan svæðisins, innsiglið, áætlunargerð, fylgiskjöl o.s.frv. Tilkynna ber slíka tilhögun til viðkomandi verndarfulltrúa hafnar og hljóta samþykki hans.

Vástig 2

- 9.30 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um auknar verndarráðstafanir, sem beita ber við meðhöndlun farms, en í þeim kann að felast það að:
- 1 athuga farm, farmflutningseiningar og farmrými ítarlega,
 - 2 gera nákvæmar athuganir til að tryggja að einungis sé lestaður sá farmur sem ætlunin var að lesta,
 - 3 herða leit í ökutækjum sem lesta á um borð í bifreiðaflutningaskip, ekjuskip og farþegaskip; og
 - 4 gera tíðari og ítarlegri athuganir á innsiglium eða beita öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir að hróflað sé við farni.

9.31 Farm má kanna ítarlega með eftirfarandi aðferðum:

- .1 fjölga sjónrænum og áþreifanlegum skoðunum og gera þær nákvæmari,
- .2 auka tíðni notkunar á búnaði til skönnunar/greiningar, vélrænum búnaði eða hundum og
- .3 samræma með farmsendanda eða öðrum ábyrgum aðila hertar verndarráðstafanir í samræmi við fyrirfram ákveðið samkomulag og verklagsreglur.

Vástig 3

9.32 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaraðstöðuna en þær geta falist í því að:

- .1 stöðva lestun eða losun farms og
- .2 staðfesta skrá yfir hættulegan varning og hættuleg efni sem kunna að vera um borð og staðsetningu þeirra.

Afhending á vistum skips

9.33 Verndarráðstafanir sem tengjast afhendingu á vistum skips ættu að felast í því að:

- .1 sjá til þess að vistir skips séu skoðaðar og kanna hvort umbúðir séu órofnar,
- .2 koma í veg fyrir að tekið sé við vistum skips án skoðunar,
- .3 koma í veg fyrir að hróflað sé við þeim og
- .4 koma í veg fyrir að tekið sé við vistum skips nema þær hafi verið pantaðar.

9.34 Að því er varðar skip sem nota hafnaraðstöðuna reglulega kann að vera rétt að setja verklagsreglur sem varða skipið, birgja þess og hafnaraðstöðuna og taka til tilkynninga um og tímasetninga vörusendinga og skjala tengdum þeim. Ávallt ætti að vera unnt að staðfesta að vistum, sem afhentar eru, fylgi sönnun um að skipið hafi í raun pantað þær.

Vástig 1

9.35 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 1 gildir, að tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal þegar vistir eru afhentar og sem gætu falið í sér að:

- .1 ganga úr skugga um að samræmi sé milli vista og pöntunar áður en þær eru lestaðar um borð í skipið og
- .2 tryggja að gengið sé frá vistum og þeim raðað tafarlaust með öruggum hætti.

Vástig 2

9.36 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 2 gildir, að kveða á um að beitt sé auknum verndarráðstöfunum þegar vistir eru afhentar sem felast í því að gera athuganir áður en vistir eru teknar um borð og herða skoðanir.

Vástig 3

9.37 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaraðstöðuna en það getur falist í því að:

- .1 gera ítarlegri athugun á vistum skips,
- .2 undirbúa takmörkun eða stöðvun á meðhöndlun vista skips og
- .3 synja um viðtöku á vistum um borð í skipið.

Meðhöndlun fylgdarlauss farangurs

- 9.38 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um verndarráðstafanir sem beita ber til að tryggja að borin séu kennsl á fylgdarlausan farangur (þ.e. farangur, þ.m.t. persónulegar eigur, sem fylgir ekki farþega eða starfsmanni skipsins á skoðunar- eða leitarstað) og hann tekinn til viðeigandi skimunar, þ.m.t. leit, áður en heimilt verður að fara með hann um borð í skipið. Ekki er gert ráð fyrir að bæði þurfi að skima slíkan farangur af hálfu skips og hafnaraðstöðu og í þeim tilvikum þar sem báðir aðilar hafa viðeigandi búnað ætti ábyrgðin á skimuninni að vera hjá hafnaraðstöðunni. Náð samstarf við hafnaraðstöðu er mikilvægt og gripa ætti til aðgerða til að tryggja að fylgdarlaus farangur sé meðhöndlaður með öruggum hætti eftir skimun.

Vástig 1

- 9.39 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 1 gildir, að kveða á um að gerðar séu verndarráðstafanir þegar fylgdarlaus farangur er meðhöndlaður til að tryggja að allt að 100% hans gangist undir skimun eða leit og í því kann að felast gegnumlýsing.

Vástig 2

- 9.40 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 2 gildir, að kveða á um að gerðar séu auknar verndarráðstafanir þegar fylgdarlaus farangur er meðhöndlaður og í því ætti að felast 100% gegnumlýsing alls fylgdarlauss farangurs.

Vástig 3

- 9.41 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánu samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaraðstöðuna en þær geta falist í því að:

- .1 skylda slíkan farangur til frekari skimunar, t.d. gegnumlýsingar frá a.m.k. tveimur hliðum,
- .2 undirbúa takmörkun eða stöðvun á meðhöndlun fylgdarlauss farangurs og
- .3 neita að taka við fylgdarlausum farangri um borð í skipið.

Eftirlit með vernd skips

- 9.42 Skipið ætti að vera fært um að sinna vöktun þess, haftasvæða um borð og svæða umhverfis skipið. Slík vöktun getur falist í því að beita:

- .1 lýsingu,
- .2 vaktmönnum, öryggisvörðum og þilfarsvakt, þ.m.t. eftirlitssveitum, og
- .3 sjálfvirkum tækjum til að skynja innbrot og eftirlitsbúnaði.

- 9.43 Þegar sjálfvirkum tækjum til að skynja innbrot er beitt ættu þau að virkja heyrnlega og/eða sjónræna viðvörðun á stað sem er stöðugt mannaður eða vaktadur.

- 9.44 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um verklagsreglur og búnað sem krafist er á hverju vástigi og aðferðir til að tryggja að vöktunarbúnaður sé sívirkur, þ.m.t. mat á hugsanlegum áhrifum veðurs eða rafmagnstruflana.

Vástig 1

- 9.45 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 1 gildir, að kveða á um verndarráðstafanir sem mega samanstanda af lýsingu, vaktmönnum, öryggisvörðum eða öryggis- og eftirlitsbúnaði sem gerir starfsliði skipsins kleift að fylgjast með skipinu almennt og einkum hindrunum og haftasvæðum.

- 9.46 Þilfar skipsins og aðgönguleiðir að skipinu ættu að vera upplýstar þegar myrkur er og í litlu skyggni á meðan tengsl skips og hafnar eiga sér stað eða í hafnaraðstöðu eða á akkerislægi þegar þörf krefur. Á siglingu ættu skip að nota, þegar nauðsyn krefur, mestu lýsingu sem völ er á og samrýmist kröfum um örugga siglingu, að teknu tilliti til gildandi ákvæða alþjóðareglanna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Eftirfarandi ætti að hafa í huga þegar viðeigandi lýsing og staðsetning hennar er ákveðin:

- .1 starfslið skipsins ætti að geta greint athafnir utan skipsins bæði landmegin og sjómegin,
- .2 lýsingin ætti að ná til svæða um borð í skipinu og umhverfis það,

- 3 lýsingin ætti að nægja til að bera kennsl á starfslið á aðgönguleiðum og
- 4 umfangi lýsingarinnar má ná með samhæfingu við hafnaraðstöðu.

Vástig 2

- 9.47 Í verndaráætlun fyrir skip ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um auknar verndarráðstafanir sem beita ber til að efla vöktunar- og eftirlitsgetu en í þeim kann að felast það að:
- 1 fjölga eftirlitsferðum og auka skilvirkni þeirra,
 - 2 auka umfang og styrk lýsingar eða notkun verndar- og eftirlitsbúnaðar,
 - 3 setja viðbótarstarfslið á vörð í verndarskyni og
 - 4 tryggja samhæfingu eftirlitsbáta sjómegin og eftirlitsferða gangandi manna eða ökutækja landmegin, ef slíkt er fyrir hendi.
- 9.48 Viðbótarlýsing kann að vera nauðsynleg til varnar gegn aukinni hættu á váatviki. Ef nauðsyn krefur má uppfylla kröfur um viðbótarlýsingu í samvinnu við hafnaraðstöðu til að auka lýsingu landmegin.

Vástig 3

- 9.49 Þegar vástig 3 gildir ætti skipið að fylgja fyrirætlun frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera um borð í skipinu í nánu samstarfi við viðbragðsaðila og hafnaraðstöðuna en þær geta falist í því að:
- 1 kveikja á allri lýsingu um borð í skipinu eða lýsa upp svæði í nánd við það,
 - 2 kveikja á öllum eftirlitsbúnaði um borð sem gerir kleift að taka upp á myndband athafnir um borð í skipinu eða í nánd við það,
 - 3 hámarka upptökutíma slíks eftirlitsbúnaðar,
 - 4 undirbúa neðansjávarskoðun á bol skipsins og
 - 5 hefja aðgerðir, þ.m.t. að láta skráfur skipsins snúast hægt, ef slíkt er mögulegt, til að koma í veg fyrir að hægt sé að nálgast bol skipsins neðansjávar.

Mismunandi vástig

- 9.50 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um verklagsreglur og verndarráðstafanir sem skipið gæti beitt ef um borð í skipinu gildir hærri vástig en það sem gildir í hafnaraðstöðu.

Athafnir sem kóðinn nær ekki til

- 9.51 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um upplýsingar um þær verklagsreglur og verndarráðstafanir sem skipið skal grípa til þegar:
- 1 það liggur í höfn ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki sammingsríkisstjórn,
 - 2 tengsl eiga sér stað við skip sem þessi kóði nær ekki til,
 - 3 tengsl eiga sér stað við fasta eða fljótandi borpalla eða færanlega borpalla á sjó á staðnum eða
 - 4 tengsl eiga sér stað við höfn eða hafnaraðstöðu sem ekki er skylt að hlíta ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða.

Yfirlýsingar um siglingavernd

- 9.52 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að tilgreina hvernig tekið skal á beiðnum um yfirlýsingu um siglingavernd frá hafnaraðstöðu og við hvaða aðstæður skipið ætti sjálft að óska eftir yfirlýsingu um siglingavernd.

Úttekt og endurskoðun

- 9.53 Í verndaráætlun fyrir skip ætti að kveða á um hvernig verndarfulltrúi útgerðarfélags og verndarfulltrúi skips hyggtast gera úttekt á áframhaldandi skilvirkni verndaráætlunar fyrir skip og hvaða verklagsreglum skuli fylgt við að endurskoða, uppfæra eða breyta verndaráætlun fyrir skip.

10. SKÝRSLUR

Almennt

- 10.1 Tilnefndir fulltrúar stjórnvalds samningsríkisstjórna ættu að hafa aðgang að skýrslum til að geta sannprófað að ákvæði verndaráætlana fyrir skip séu uppfyllt.
- 10.2 Varðveita má skýrslur á hvaða formi sem vera skal en þær ætti að verja fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

11. VERNDARFULLTRÚI ÚTGERÐARFÉLAGS

Leiðbeiningar, sem máli skipta, er að finna í 8., 9. og 13. lið.

12. VERNDARFULLTRÚI SKIPS

Leiðbeiningar, sem máli skipta, er að finna í 8., 9. og 13. lið.

13. KENNSLA, ÞJÁLFUN OG ÆFINGAR Á SVIDI SKIPSVERNDAR

Kennsla

- 13.1 Verndarfulltrúi útgerðarfélags ásamt viðeigandi starfslíði útgerðar í landi og verndarfulltrúi skips ættu að hafa þekkingu á og hljóta kennslu í sumum eða öllum eftirtalinna þátta, eftir því sem við á:

- .1 verndarstjórnun,
- .2 viðeigandi alþjóðasamningum, kóðum og tilmælum,
- .3 viðeigandi innanlandslöggjöf og reglugerðum,
- .4 ábyrgðarsviðum og starfsemi annarra verndaraðila,
- .5 aðferðafræði við gerð áhættumats fyrir skip,
- .6 aðferðum við verndarkannanir og skoðanir,
- .7 rekstri skipa og hafna og forsendum sem liggja þar að baki,
- .8 verndarráðstöfunum skipa og hafnarástöðu,
- .9 neyðarviðbúnaði og neyðarviðbrögðum og gerð viðbragðsáætlana,
- .10 kennslutækni til að beita við verndarþjálfun og -menntun, þ.m.t. verndarráðstafanir og verklagsreglur,
- .11 meðhöndlun viðkvæmra upplýsinga og boðskiptum á sviði siglingaverndar,
- .12 þekkingu á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
- .13 að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
- .14 kunnáttu í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
- .15 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
- .16 verndarbúnaði og -kerfum og takmörkunum þeirra í notkun,
- .17 aðferðum við úttektir, skoðanir, eftirlit og vöktun,
- .18 aðferðum við handvirka leit og könnun án röskunar,
- .19 þjálfun og æfingum á sviði siglingaverndar, þ.m.t. í tengslum við hafnarástöðu, og
- .20 mati á þjálfun og æfingum á sviði siglingaverndar.

- 13.2 Að auki ætti verndarfulltrúi skips að kunna skil á og hljóta kennslu í sumum eða öllum eftirtalinnna þátta, eftir því sem við á:
- .1 fyrirkomulagi skipsins,
 - .2 verndaráætlun skipsins og tengdum verklagsreglum (þ.m.t. þjálfun viðbragða við sviðsettar aðstæður),
 - .3 stjórn og stjórnunartækni þegar um er að ræða stóra hópa fólks,
 - .4 starfsemi verndarbúnaðar og -kerfa og
 - .5 prófun, kvörðun og viðhald á verndarbúnaði og -kerfum á hafi úti.
- 13.3 Starfslið um borð með sérhæfðar verndarskyldur ætti að hafa fullnægjandi þekkingu á og geta innt af hendi þær skyldur sem þeim er falið, þ.m.t. eftir því sem við á:
- .1 þekking á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
 - .2 kunnátta í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .3 kunnátta í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
 - .4 að þekkja tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
 - .5 stjórn og stjórnunartækni þegar um er að ræða stóra hópa fólks,
 - .6 boðskipti á sviði siglingaverndar,
 - .7 þekking á verklagsreglum í neyðartilvikum og á viðbragðsáætlunum,
 - .8 starfsemi verndarbúnaðar og -kerfa,
 - .9 prófun, kvörðun og viðhald á verndarbúnaði og -kerfum á hafi úti,
 - .10 skoðunar-, eftirlits- og vöktunartækni og
 - .11 aðferðir við líkamsleit, leit í persónulegum eignum, farangri, farmi og vistum skips.
- 13.4 Allt annað starfslið um borð ætti að hafa fullnægjandi þekkingu á og hafa kynnt sér viðeigandi ákvæði í verndaráætlun fyrir skip, þ.m.t.:
- .1 merkingu hinna ýmsu vástiga og hvaða kröfur liggja þar að baki,
 - .2 þekkingu á verklagsreglum í neyðartilvikum og á viðbragðsáætlunum,
 - .3 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .4 kunnátta í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
 - .5 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir.

Þjálfun og æfingar

- 13.5 Markmið þjálfunar og æfinga er að tryggja að starfslið um borð kunni góð skil á verndarskyldum sem þeim er falið á öllum vástigum og geti greint hvers kyns annmarka á siglingavernd sem nauðsynlegt er að taka á.
- 13.6 Til að tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða verndaráætlunar skips ætti þjálfun að fara fram á þriggja mánaða fresti hið minnsta. Til viðbótar ætti, í þeim tilvikum þegar meira en 25% af starfsliði skipsins er skipt út samtímis fyrir nýtt starfslið sem hefur ekki áður tekið þátt í æfingum um borð í því skipi undanfarna 3 mánuði, að halda æfingu innan einnar viku frá skiptunum. Í slíkri þjálfun ætti að prófa einstaka þætti áætlunarinnar, s.s. þá mismunandi ógn við siglingavernd sem talin er upp í málsgrein 8.9.

- 13.7 Hinar ýmsu æfingar, sem verndarfulltrúar útgerðarfélaga kunna að taka þátt í auk verndarfulltrúa hafnar, viðeigandi yfirvalda samningsríkisstjórna og verndarfulltrúa skipa, séu þeir til staðar, ættu að fara fram a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári en þó mega aldrei líða meira en 18 mánuðir á milli æfinga. Æfingunum er ætlað að prófa boðskipti, samhæfingu, hvort tilföng séu fyrir hendi og viðbrögð. Þessar æfingar geta verið:
- .1 verklegar viðbragðsæfingar,
 - .2 skrifborðsæfingar með hjálp hermis eða í námskeiðsformi eða
 - .3 samhliða öðrum æfingum sem haldnar eru, s.s. leitar- og björgunaræfingum eða æfingum í viðbúnaði í neyðartilvikum.
- 13.8 Stjórnvöld ættu að viðurkenna þátttöku útgerðarfélags í æfingu með annarri samningsríkisstjórn.
14. VERND HAFNARADSTÖÐU
- Leiðbeiningar, sem máli skipta, er að finna í 15., 16. og 18. lið.*
15. ÁHÆTTUMAT FYRIR HAFNARADSTÖÐU
- Almennt
- 15.1 Viðurkenndur verndaraðili má gera áhættumat fyrir hafnaraðstöðu. Þó ætti viðkomandi samningsríkisstjórn ein að samþykka áhættumat sem gert hefur verið fyrir hafnaraðstöðu.
- 15.2 Feli samningsríkisstjórn viðurkenndum verndaraðila að endurskoða eða sannreyna hvort áhættumat fyrir hafnaraðstöðu sé í samræmi við reglur ætti sá viðurkenndi verndaraðili ekki að tengjast neinum öðrum viðurkenndum verndaraðila sem gerði eða aðstoðaði við að gerð matsins.
- 15.3 Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu ætti að ná til eftirfarandi þátta í hafnaraðstöðu:
- .1 áþreifanlegra verndaraðgerða,
 - .2 heilleika burðarvirkis,
 - .3 kerfa til verndar áhöfn,
 - .4 starfsreglna,
 - .5 fjarskiptabúnaðar, þ.m.t. tölvukerfi og –net,
 - .6 viðeigandi grunnvirkja flutninga,
 - .7 veitna og
 - .8 annarra þátta sem kunna, ef þeir eru skemmdir eða notaðir til ólöglegrar skoðunar, að stofna einstaklingum, eignum eða starfsemi í hættu innan hafnaraðstöðunnar.
- 15.4 Þeir sem taka þátt í gerð áhættumats fyrir hafnaraðstöðu ættu að eiga kost á aðstoð sérfróðra manna að því er varðar:
- .1 þekkingu á ríkjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
 - .2 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .3 kunnáttu í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
 - .4 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
 - .5 aðferðir sem beitt er til að valda váatviki,
 - .6 áhrif sprengiefna á mannvirki og þjónustu innan hafnaraðstöðu,
 - .7 vernd hafnaraðstöðu,
 - .8 viðskiptavenjur í tengslum við hafnir,
 - .9 gerð viðbragðsáætlaða, neyðarviðbúnað og neyðarviðbrögð,
 - .10 áþreifanlegar verndarráðstafanir, t.d. girðingar,

- .11 fjarskiptabúnað, þ.m.t. tölvukerfi og –net,
- .12 flutninga- og byggingarverkfræði og
- .13 rekstur skipa og hafna.

Greining og mat á mikilvægum eignum og grunnvirkjum sem árfóandi er að vernda

- 15.5 Greining og mat á mikilvægum eignum og grunnvirkjum er ferli sem gerir kleift að skilgreina hlutfallslegt mikilvægi bygginga og mannvirkja fyrir starfsemi hafnaraðstöðunnar. Þetta greiningar- og matsferli er mikilvægt því að það er grunnur að því hvernig draga má úr áhættu sem kann að steðja að þeim eignum og byggingum sem mikilvægara er að vernda gegn váatvikum en aðrar. Í þessu ferli ætti að hafa til hliðsjónar hugsanlegt manntjón, efnahagslegt mikilvægi hafnarinnar, táknrænt gildi og nærveru mannvirkja á vegum ríkisins.
- 15.6 Greining og mat á eignum og grunnvirkjum ætti að liggja til grundvallar við forgangsröðun þeirra með tilliti til mikilvægis þeirra að því er varðar varnir. Megináherslan ætti að vera á að koma í veg fyrir manntjón eða meiðsli á fólki. Einnig er brýnt að thuga hvort hafnaraðstaða, bygging eða mannvirki geti starfað áfram án umræddrar eignar og að hve miklu leyti skjót enduruppbygging eðlilegrar starfsemi er möguleg.
- 15.7 Á meðal þeirra eigna og grunnvirkja sem teljast ætti mikilvægt að vernda geta verið:
- .1 aðgönguleiðir, inngangar, aðkomuleiðir frá sjó og akkerislægi, snúningssvæði og viðlegukantar,
 - .2 farmmannvirki, stöðvar, geymslusvæði og búnaður til að meðhöndla farm,
 - .3 kerfi, s.s. raforkudreifikerfi, fjarskiptabúnaður og tölvukerfi og –net,
 - .4 umferðarstjórnunarkerfi fyrir höfn og leiðsögutæki,
 - .5 orkuver, leiðslukerfi til flutnings á farmi og vatnsveitur,
 - .6 brýr, jámbrautir, vegir,
 - .7 hafnarþjónustuskip, þ.m.t. hafnsögubátar, dráttarbátar, vöruflutningaprammar o.s.frv.,
 - .8 verndar- og eftirlitsbúnaður og -kerfi og
 - .9 hafsvæði sem liggja að hafnaraðstöðunni.
- 15.8 Skýr greining á eignum og grunnvirkjum er nauðsynleg til að meta verndarþarfir hafnaraðstöðunnar, forgangsráða varnarráðstöfunum og taka ákvarðanir um ráðstöfun tilfanga í því skyni að verja hafnaraðstöðuna betur. Ferlið kann að fela í sér samráð við viðeigandi yfirvöld um byggingar sem liggja að hafnaraðstöðunni og gætu valdið skemmdum innan hafnaraðstöðunnar eða verið notaðar til að valda skemmdum á hafnaraðstöðunni, til ólöglegra athugana á aðstöðunni eða til að beina athyglinni annað.

Greining á mögulegri ógn sem kann að steðja að eignum og grunnvirkjum og líkum á að til hennar komi svo unnt sé að koma á og forgangsráða verndarráðstöfunum

- 15.9 Greina ætti hugsanlega verknaði sem kynnu að ógna öryggi eigna og mannvirkja og aðferðir við að fremja slíka verknaði í þeim tilgangi að leggja mat á veilur tiltekinna eignar eða staðar gagnvart váatviki og til að koma á og forgangsráða verndarkröfum svo auðvelda megi áætlunargerð og ráðstöfun tilfanga. Byggja ætti greiningu og mat á hverjum hugsanlegum verknaði og aðferðinni sem kann að vera notuð við hann á fjölmörgum þáttum, þ.m.t. mati á ógnum sem opinberar stofnanir láta í té. Með því að greina og meta ógnanir þurfa þeir sem sjá um matið ekki að ganga út frá verstú hugsanlegu tilvikum þegar áætlanir eru gerðar og tilföngum er ráðstafað.
- 15.10 Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu ætti að fela í sér mat, sem gert er í samráði við viðeigandi þjóðaröryggisstofnanir, til að ákvarða:
- .1 tiltekna þætti hafnaraðstöðunnar, þ.m.t. þau skip sem nota sér aðstöðuna, sem gætu hugsanlega orðið skotmark í árás,
 - .2 hugsanlegar afleiðingar árássar á hafnaraðstöðuna eða innan hennar með tilliti til manntjóns, skemmda á eignum, efnahagslegrar röskunar, þ.m.t. röskun á flutningakerfum,

- .3 getu og ásetning þeirra sem líklegir eru til að gera slíka árás og
- .4 hugsanlega tegund, eða tegundir, árásar,

þar sem lagt er heildarmat á umfang áhættunnar sem þróa þarf verndarráðstafanir gegn.

15.11 Í áhættumati fyrir hafnaraðstöðu ætti að íhuga alla hugsanlega ógn, sem getur falið í sér eftirtalin váatvik:

- .1 skemmdir eða eyðileggingu á hafnaraðstöðu eða skipi, t.d. af völdum sprengna, ikveikju, skemmdarverka eða spellvirkja,
- .2 skipsrán eða töku skips eða einstaklinga um borð í því í gíslingu,
- .3 þegar hróflað er við farmi, mikilvægum skipsbúnaði eða -kerfum eða vistum skips,
- .4 óheimilan aðgang eða notkun, þ.m.t. nærvera laumufarþega,
- .5 smygl á vopnum eða búnaði, þ.m.t. gjöreyðingarvopnum,
- .6 notkun á skipi til að flytja menn sem hafa í hyggju að valda váatviki og búnað þeirra,
- .7 beitingu sjálfs skipsins sem vopni eða til að valda skemmdum eða eyðileggingu,
- .8 tálmun hafnarmynna, flóðgátta, aðkomuleiða o.s.frv. og
- .9 árás með kjarnavopnum, líffræðilegum vopnum og efnavopnum.

15.12 Ferlið ætti að fela í sér samráð við viðeigandi yfirvöld um byggingar sem liggja að hafnaraðstöðunni sem gætu valdið skemmdum innan hafnaraðstöðunnar eða verið notaðar til að valda skemmdum á hafnaraðstöðunni, til ólöglega athugana á aðstöðunni eða til að beina athyglinni annað.

Greining, val og forgangsröðun gagnráðstafana og breytingar á verkferlum og áhrifamáttur þeirra til að draga úr veilum

15.13 Með greiningu og forgangsröðun gagnráðstafana er leitast við að tryggja að sem skilvirkustum verndarráðstöfunum sé beitt til að draga úr veilum hafnaraðstöðu eða í tengslum skips og hafnar gagnvart hugsanlegri ógn.

15.14 Velja ætti verndarráðstafanir á grunni þátta eins og hvort þær dragi úr líkum á árás og leggja ætti mat á þær með hlöðsón af upplýsingum sem fela í sér:

- .1 verndarkannanir, -skoðanir og -úttektir,
- .2 samráð við eigendur og rekstraraðila hafnaraðstöðu og eigendur/rekstraraðila aðliggjandi bygginga, ef við á,
- .3 upplýsingar um fyrri váatvik og
- .4 starfsemi innan hafnaraðstöðunnar.

Greining á veilum

15.15 Nota má greiningu á veilum bygginga, kerfa til verndar starfsmönnum, ferla eða annarra sviða sem kunna að hafa í för með sér váatvik til að setja fram valkosti um að koma í veg fyrir þessar veilur eða draga úr áhrifum þeirra. Til dæmis gætu við greiningu komið í ljós veilur í verndarkerfum hafnaraðstöðu eða óvörðum grunnvirkjum, s.s. vatnsveitum, brúm og þess háttar, sem unnt væri að finna lausn á með áþreifanlegum ráðstöfunum, s.s. varanlegum tálmunum, viðvörunkerfum, eftirlitsbúnaði o.s.frv.

15.16 Við greiningu á veilum ætti að huga að eftirfarandi:

- .1 aðgengi frá landi og sjó að hafnaraðstöðunni og skipum sem liggja þar við bryggju,
- .2 heilleika burðarvirkis hafnargarða, mannvirkja og tengdra bygginga,
- .3 fyrirliggjandi verndarráðstöfunum og verklagsreglum, þ.m.t. auðkenniskerfi,

- .4 fyrirleggjandi verndarráðstöfunum og verklagsreglum sem tengjast hafnarþjónustu og veitum,
 - .5 ráðstöfunum til verndar fjarskiptabúnaði, hafnarþjónustu og veitum, þ.m.t. tölvukerfi og net,
 - .6 aðliggjandi svæðum sem kynnu að vera hagnýtt í árás eða til árásar,
 - .7 fyrirleggjandi samningum við einkarekin verndarfyrirtæki sem veita verndarþjónustu frá sjó og landi og
 - .8 hugsanlegum árekstrum á milli öryggis- og verndarráðstafana og verklagsreglna um slíkt,
 - .9 hugsanlegum árekstrum milli verkefna hafnaraðstöðu og verkefna í tengslum við verndarskyldur,
 - .10 hvers kyns hömlum tengdum framkvæmd og starfsmönnum,
 - .11 ágöllum sem kunna að koma í ljós við kennslu og þjálfun og
 - .12 ágöllum sem koma í ljós við daglegan rekstur í kjölfar atvika eða viðvarana, tilkynninga um áhyggjuefni að því er varðar vernd, framkvæmd eftirlitsráðstafana, úttekta o.s.frv.
16. VERNDARÁÆTLUN FYRIR HAFNARAÐSTÖÐU

Almennt

- 16.1 Gerð verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu er á ábyrgð verndarfulltrúa hafnar. Þótt verndarfulltrúa hafnar sé ekki skylt að annast sjálfur öll skyldustörf sem fylgja starfinu þá liggur endanleg ábyrgð á að þau séu unnin með fullnægjandi hætti á herðum hans.
- 16.2 Efni verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu ætti að vera breytilegt eftir aðstæðum í hafnaraðstöðunni eða -aðstöðunum sem áætlunin tekur til. Í áhættumati fyrir hafnaraðstöðu hafa séreinkenni hafnaraðstöðunnar verið tilgreind og hugsanlegar verndaráhættur sem hafa orðið til þess að nauðsynlegt hefur verið að útnefna verndarfulltrúa hafnar og útbúa verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu. Nauðsynlegt er að taka á þessum þáttum þegar verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu er útbúin, auk annarra staðbundinna eða innlendra þátta á sviði siglingaverndar, og að komið sé á viðeigandi verndarráðstöfunum til að draga úr líkum á að brestur verði í vernd og afleiðingum hugsanlegrar áhættu. Samningsríkisstjórnir geta útbúið leiðbeiningar um gerð og innihald verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu.
- 16.3 Allar verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu ættu að:
 - .1 innihalda upplýsingar um verndaraðila hafnaraðstöðunnar,
 - .2 tilgreina tengsl aðilans við önnur viðeigandi yfirvöld og nauðsynleg boðskiptakerfi til að tryggja skilvirka og samfellda starfsemi aðilans og tengsl hans við aðra, þ.m.t. skip í höfn,
 - .3 tilgreina grunnverndarráðstafanir á vástigi 1, bæði rekstrarlegar og áþreifanlegar, sem munu vera til staðar,
 - .4 tilgreina upplýsingar um þær auknu verndarráðstafanir sem gera hafnaraðstöðunni kleift að hækka án tafar vástigið í vástig 2 og, ef nauðsyn krefur, í vástig 3,
 - .5 kveða á um reglulega endurskoðun eða úttekt á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og um breytingar á henni með tilliti til fenginnar reynslu eða breyttra aðstæðna og
 - .6 innihalda ítarlegar verklagsreglur um skýrslugjöf til viðkomandi tengiliða samningsríkisstjórna.

- 16.4 Gerð skilvirkrar verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu skal byggjast á ítarlegu mati á öllum þáttum sem tengjast vernd hafnaraðstöðunnar, einkum nákvæmu mati á áþreifanlegum og rekstrarlegum þáttum hvorrar hafnaraðstöðu.
- 16.5 Samningsríkisstjórnir ættu að samþykka verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöður í lögsögu þeirra. Samningsríkisstjórnir ættu að setja verklagsreglur til að meta hvort verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu haldi áfram að vera skilvirk og geta krafist breytinga á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu áður en hún er samþykkt í fyrsta sinn eða eftir að hún er samþykkt. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um að öllum skráðum upplýsingum um váatvik og ógn við öryggi, endurskoðun, úttektir, kennslu, þjálfun og æfingum sé haldið til haga sem sönnun fyrir því að farið sé að þessum kröfum.
- 16.6 Verndarráðstafanir, sem felast í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, ættu að vera fyrir hendi innan skynsamlegra tímamarka eftir samþykki verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu og hún ætti að kveða á um hvenær hverri ráðstöfun verður hrint í framkvæmd. Ef fyrirsjáanlegt er að seinkun verði á framkvæmd þeirra ætti að ræða það við samningsríkisstjórn sem ber ábyrgð á að samþykka verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og ná samkomulagi um aðrar, viðunandi, tímabundnar ráðstafanir sem veita sambærilega vernd og gilda í tiltekinn tíma.
- 16.7 Notkun skotvopna um borð eða nálægt skipum og innan hafnaraðstöðu getur haft sérstaka og verulega hættu í för með sér hvað varðar öryggi, einkum í tengslum við tiltekinn hættulegan varning og efni og ætti að taka til gaumgæfilegrar athugar. Ef samningsríkisstjórn ákveður að nauðsynlegt sé að nota vopnað starfslíð á þessum svæðum ætti hún að tryggja að umrætt starfslíð hafi tilskilin leyfi og hafi hlotið þjálfun í meðferð vopna sinna og að það geri sér grein fyrir þeirri sérstöku öryggisáhættu sem kann að leynast á slíkum svæðum. Heimili samningsríkisstjórn notkun skotvopna ætti hún að gefa út sérstakar öryggisleiðbeiningar um notkun þeirra. Verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að innihalda sérstakar leiðbeiningar um þessi atriði, einkum að hvaða leyti þær eiga við um skip sem flytja hættulegan varning eða hættuleg efni.

Skipulagning og framkvæmd á verndarskyldum hafnaraðstöðu

- 16.8 Til viðbótar við leiðbeiningarnar, sem tilgreindar eru í málsgrein 16.3, ætti að kveða á um eftirfarandi í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu í tengslum við öll vástig:
- .1 hlutverk og uppbyggingu verndaraðila hafnaraðstöðunnar,
 - .2 skyldur, ábyrgð og þjálfunarkröfur alls starfslíðs hafnaraðstöðunnar sem hefur verndarhlutverki að gegna og þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera kleift að meta skilvirkni hvers og eins,
 - .3 tengsl verndaraðila hafnaraðstöðunnar við önnur yfirvöld, innanlands eða á staðnum, sem hafa með verndarmál að gera,
 - .4 fjarskiptakerfi sem sett eru upp til að gera kleift að halda uppi skilvirkum og samfelldum samskiptum milli verndarstarfslíðs hafnaraðstöðu, skipa sem liggja í höfninni og, ef við á, innlend yfirvöld eða staðaryfirvöld sem hafa með höndum ábyrgð að því er varðar siglingavernd,
 - .5 verklagsreglur eða verndarráðstafanir sem eru nauðsynlegar svo ávallt sé unnt að viðhalda samfelldum boðskiptum,
 - .6 verklagsreglur og venjur til að vernda viðkvæmar verndarupplýsingar á pappírformi eða rafrænu formi,
 - .7 verklagsreglur til að meta hvort verndarráðstafanir, starfsreglur og búnaður séu ávallt skilvirk, þ.m.t. verklagsreglur til að finna og bregðast við bilun í búnaði eða kerfum,
 - .8 verklagsreglur til að sjá til þess að skýrslur um hugsanlega bresti í vernd eða áhyggjuefni í tengslum við vernd séu lagðar fram og þær metnar,
 - .9 verklagsreglur í tengslum við meðhöndlun farms,
 - .10 verklagsreglur um afhendingu á vistum skips,

- .11 verklagsreglur til að viðhalda og uppfæra skrár um hættulegan varning og hættuleg efni og staðsetningu þeirra innan hafnaraðstöðunnar,
 - .12 aðferðir til að gera þeim sem sinna eftirliti á sjó og sérhæfðum leitarflokkum viðvart og fá aðstoð þeirra, þ.m.t. við sprengjuleit og leit neðansjávar,
 - .13 verklagsreglur við að aðstoða verndarfulltrúa skips, sé þess óskað, við að staðfesta deili á þeim sem leita eftir að komast um borð í skip og
 - .14 verklagsreglur um hvernig greiða má fyrir landgönguleyfum skipverja og áhafnarskiptum, sem og aðgangi gesta að skipinu, þ.m.t. aðgangur fulltrúa velferðarstofnana og verkalyðsfélaga sjómanna.
- 16.9 Í því sem eftir er af 16. lið er sérstaklega tekið á verndarráðstöfunum sem gripa má til á hverju vástigi og taka til:
- .1 aðgengis að hafnaraðstöðunni,
 - .2 haftasvæða innan hafnaraðstöðunnar,
 - .3 meðhöndlunar farms,
 - .4 afhendingar á vistum skips,
 - .5 meðhöndlunar fylgdarlauss farangurs og
 - .6 eftirlits með vernd hafnaraðstöðunnar.

Aðgangi að hafnaraðstöðunni

- 16.10 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um verndarráðstafanir sem taka til allra aðgönguleiða að hafnaraðstöðunni sem tilgreindar eru í áhættumati fyrir hafnaraðstöðu.
- 16.11 Fyrir hverja þeirra ætti að tilgreina í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu þá staði þar sem aðgengistakmarkanir eða bönn ættu að gilda á hverju vástigi. Fyrir hvert vástig ætti að tilgreina í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu hvaða takmarkanir eða bönn gilda og hvernig á að framfylgja þeim.
- 16.12 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina fyrir hvert vástig þær auðkennisaðferðir sem krafist er til að heimila aðgang að hafnaraðstöðunni svo einstaklingar fái dvalið þar án áreitiss. Í þessu kann að felast að þróa viðeigandi auðkenniskerfi sem gerir kleift að bera varanlega og tímabundið kennsl á fólk, annars vegar á starfslíð hafnaraðstöðunnar og hins vegar gesti. Auðkenniskerfi hafnaraðstöðu ætti, þegar framkvæmanlegt þykir, að vera samhæft við kerfið sem notað er í tengslum við skip sem nota hafnaraðstöðuna reglulega. Farþegar ættu að geta sannað deili á sér með brottfararspjöldum, farseðlum o.þ.h. en ættu ekki fá aðgang að haftasvæðum nema undir eftirliti. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um reglulega uppfærslu auðkenniskerfa og viðurlög við brotum á verklagsreglum.
- 16.13 Þeim sem vilja ekki eða geta ekki sannað á sér deili og/eða staðfest tilgang heimsóknar sinnar þegar eftir því er leitað ætti að vera neitað um aðgang að hafnaraðstöðunni og tilkynna ætti tilraun þeirra til að fá aðgang til verndarfulltrúa hafnarinnar og til yfirvalda innanlands eða á staðnum sem hafa með verndarmál að gera.
- 16.14 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina þá staði þar sem leit á einstaklingum, í persónulegum eigum og í ökutækjum skal fara fram. Slíkir staðir ættu að vera yfirbyggðir til að unnt sé að halda þar uppi óslitinni starfsemi án tillits til veðurs í samræmi við þá tíðni sem kveðið er á um í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu. Þegar leitað hefur verið á fólki, í persónulegum eigum og í ökutækjum ætti að beina þeim beint til haftasvæða, svæða þar sem stigið er á skipsfjöl eða staða þar sem ökutæki eru lestuð.
- 16.15 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina aðgreinda staði fyrir einstaklinga sem hafa verið athugaðir og fyrir þá sem ekki hafa verið athugaðir og eigur þeirra og, ef unnt er, fyrir farþega sem eru að stiga á skipsfjöl eða fara frá borði, starfslíð skipsins og persónulegar eigur þeirra til að tryggja að einstaklingar, sem ekki hafa verið athugaðir, komist ekki í snertingu við farþega sem hafa verið athugaðir.
- 16.16 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um tíðni aðgangseftirlits, einkum hvort það á að vera framkvæmt af handahófi eða öðru hvoru.

Vástig 1

- 16.17 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að tilgreina eftirlitsstaði þar sem gera má eftirfarandi verndarástafanir:
- .1 haftasvæði sem ættu að vera afgirt eða afnörkuð með öðrum hindrunum sem ættu að uppfylla viðmiðunarreglur samningsríkisstjórnar,
 - .2 kanna deili á öllum einstaklingum sem leita eftir því að komast inn í hafnaraðstöðuna í tengslum við skip, þ.m.t. farþegar, starfslið skipsins og gestir, og sannreyna tilgang þeirra með því að kanna, til dæmis, fyrirmæli um ráðningu í skipsrúm, farseðla farþega, brottfararspjöld, vinnufyrirmæli o.þ.h.,
 - .3 athuga ökutæki þeirra sem leita eftir því að komast inn í hafnaraðstöðuna í tengslum við skip,
 - .4 staðfesta deili á starfsliði hafnaraðstöðu og á þeim sem starfa innan hafnaraðstöðunnar og ökutækjum þeirra,
 - .5 hindra aðgang einstaklinga sem starfa ekki hjá hafnaraðstöðunni eða innan hennar geti þeir ekki sannað deili á sér,
 - .6 standa fyrir leit á einstaklingum, í persónulegum eigum þeirra, ökutækjum og innihaldi þeirra og
 - .7 tilgreina aðgönguleiðir sem eru ekki notaðir að staðaldri og unnt ætti að vera að loka og læsa varanlega.
- 16.18 Þegar vástig 1 gildir ættu allir sem leita eftir því að komast inn í hafnaraðstöðuna að geta búist við því að sæta leit. Kveða ætti á um tíðni slíkra leita, þ.m.t. handahófsleit, í samþykktri verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðuna og ætti samningsríkisstjórnin að samþykka hana sérstaklega. Ekki ætti að fara fram á að starfslið skipsins leiti á samstarfsfólki sínu eða í persónulegum eigum þess nema ríkar ástæður á grunni verndar liggi þar að baki. Allar slíkar leitir skulu fara fram með þeim hætti að fullt tillit sé tekið til mannréttinda einstaklinga og að mannleg reisn þeirra sé virt.

Vástig 2

- 16.19 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um aukaverndarástafanir sem grípa ber til en í þeim kann að felast það að:
- .1 skipa viðbótarstarfslið til starfa við að gæta aðgönguleiða og fara eftirlitsferðir um svæði umhverfis hindranir,
 - .2 fækka aðgönguleiðum að hafnaraðstöðunni og tilgreina hverjar eiga að vera lokaðar og hvernig á að loka þeim á tilskilinn hátt,
 - .3 kveða á um aðferðir til að torvela umferð um aðrar aðgönguleiðir, t.d. með verndarhindrunum,
 - .4 auka tíðni leitar á fólki, í persónulegum eigum og í ökutækjum,
 - .5 meina þeim gestum aðgang sem geta ekki lagt fram sannprófanleg rök fyrir því að leita eftir aðgangi að hafnaraðstöðunni og
 - .6 nota eftirlitsskip til að auka vernd sjómegin.

Vástig 3

- 16.20 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarástafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en þær geta falist í því að:
- .1 stöðva aðgang að allri hafnaraðstöðunni eða hluta hennar,
 - .2 heimila þeim einum aðgang sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn,
 - .3 stöðva umferð fótgangandi eða ökutækja innan allrar hafnaraðstöðunnar eða hluta hennar,
 - .4 fjölga eftirlitsferðum innan hafnaraðstöðunnar, ef við á,
 - .5 stöðva hafnarstarfsemi innan allrar hafnaraðstöðunnar eða hluta hennar,
 - .6 stjórna umferð skipa sem tengjast allri hafnaraðstöðunni eða hluta hennar og
 - .7 rýma alla hafnaraðstöðuna eða hluta hennar.

Haftasvæði innan hafnaraðstöðunnar

- 16.21 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um þau haftasvæði sem koma ber á innan hafnaraðstöðunnar, skilgreina mörk þeirra og hvenær þau skulu notuð, verndarráðstafanir til að stýra aðgangi að þeim og til að stjórna athöfnunum innan þeirra. Þegar við á ættu einnig að felast í þessu ráðstafanir til að tryggja að bráðabirgðahaftasvæði séu yfirfarin með tilliti til verndar, bæði áður og eftir að þeim hefur verið komið á. Tilgangurinn með haftasvæðum er að:
- .1 vernda farþega, starfslið skipsins, starfslið hafnaraðstöðu og gesti, þ.m.t. þá sem koma í heimsókn í tengslum við skip,
 - .2 vernda hafnaraðstöðuna,
 - .3 vernda skip sem nota hafnaraðstöðuna og þjóna henni,
 - .4 vernda viðkvæm verndarsvæði og svæði innan hafnaraðstöðunnar,
 - .5 vernda verndar- og eftirlitsbúnað og -kerfi og
 - .6 vernda farm og vistir skips gegn því að við þeim sé hróflað.
- 16.22 Með verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tryggja að á öllum haftasvæðum sé komið upp skýrum verndarráðstöfunum til að hafa eftirlit með:
- .1 aðgangi einstaklinga,
 - .2 hvort ökutæki komi inn á svæðið, þeim sé lagt, þau lestuð eða losuð,
 - .3 tilfærslu og geymslu á farmi og vistum skips og
 - .4 fylgdarlausum farangri eða persónulegum eignum.
- 16.23 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um að öll haftasvæði séu greinilega merkt þannig að fram komi að aðgangur að svæðinu sé takmarkaður og að lítið sé á óheimila viðveru innan svæðisins sem brest í vernd.
- 16.24 Þegar sjálfvirk tæki til að skynja innbrot eru sett upp ættu þau að senda viðvörðun til stjórnstöðvar sem getur brugðist við viðvörðunarboðum.
- 16.25 Eftirtalin svæði geta verið haftasvæði:
- .1 svæði næst skipi, hvort heldur landmegin eða sjávarmegin,
 - .2 svæði þar sem stigið er á skipsfjöl og farið frá borði, bið- og úrvinnslusvæði fyrir farþega og starfslið skips, þ.m.t. leitarstaðir,
 - .3 svæði þar sem lestun, losun eða geymsla farms eða vista skips fer fram,
 - .4 staðir þar sem viðkvæmar verndarupplýsingar, þ.m.t. farmskjöl, eru varðveitt,
 - .5 svæði þar sem hættulegur varningur og hættuleg efni eru varðveitt,
 - .6 stjórnklefar þar sem umferð skipa er stjórnað, byggingar fyrir leiðsögutæki og hafnarstjórn, þ.m.t. stjórnklefar í tengslum við vernd og eftirlit,
 - .7 svæði þar sem verndar- og eftirlitsbúnaður eru geymdur eða staðsettur,
 - .8 mikilvæg raforku- og fjarskiptakerfi, vatnsveitur og aðrar veitur og
 - .9 aðrir staðir innan hafnaraðstöðunnar þar sem takmarka ætti umferð skipa, ökutækja og einstaklinga.
- 16.26 Með samþykki viðeigandi yfirvalda geta verndarráðstafanirnar náð til takmörkunar á aðgangi óviðkomandi að byggingum sem nota má til að hafa yfirsýn yfir hafnaraðstöðuna.

Vástig 1

- 16.27 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að vera kveðið á um verndarráðstafanir sem beita ber á haftasvæðum en í þeim kann að felast það að:
- .1 koma fyrir varanlegum hindrunum eða bráðabirgðahindrunum til að girða af haftasvæði, sem reisa ætti með hliðsjón af viðmiðunum samningsríkisstjórnar,
 - .2 koma upp aðgönguleiðum þar sem öryggisverðir geta haft eftirlit með aðgangi þegar þær eru í notkun og unnt er að læsa eða tálma þegar þær eru ekki í notkun,
 - .3 sjá fyrir aðgangskortum sem skylt er að sýna til að sanna að viðkomandi einstaklingur hafi heimild til að dvelja innan haftasvæðisins,
 - .4 merkja þau ökutæki greinilega sem fengið hafa heimild til að fara inn á haftasvæði,
 - .5 sjá fyrir vörðum og eftirlitsveitum,
 - .6 sjá fyrir sjálfvirkum tækjum til að skynja innbrot eða fyrir eftirlitsbúnaði eða -kerfum til að fá vitneskju um óheimilan aðgang að haftasvæðum eða umferð innan þeirra og
 - .7 koma á eftirliti með umferð skipa í námunda við skip sem nota hafnaraðstöðuna.

Vástig 2

- 16.28 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að mæla fyrir um aukna tíðni og auknið umfang vöktunar og eftirlits með aðgangi að haftasvæðum. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina þær auknu verndarráðstafanir sem viðhafa skal og sem gætu falið í sér eftirfarandi:
- .1 aukna skilvirkni hindrana eða girðinga umhverfis haftasvæði, þ.m.t. með eftirlitsferðum eða notkun sjálfvirkra tækja til að skynja innbrot,
 - .2 fækkun aðgönguleiða að haftasvæðum og auknið eftirlit á öðrum aðgönguleiðum,
 - .3 takmörkun bifreiðastöðu næst skipi sem liggur við hafnarbakka,
 - .4 frekari takmarkanir á aðgengi að haftasvæðum og umferð og geymslu innan þeirra,
 - .5 notkun á eftirlitsbúnaði sem stöðugt er vaktður og þar sem upptaka fer fram,
 - .6 fjölgun og aukningu á tíðni eftirlitsferða, þ.m.t. eftirlitsferða á sjó, á mörkum haftasvæða og innan þeirra,
 - .7 að ákvarða og hefta aðgengi að svæðum sem liggja að haftasvæðunum og
 - .8 að framfylgja hömlum á óheimilum aðgangi fara að svæðum sjómegin við skip sem nota hafnaraðstöðuna.

Vástig 3

- 16.29 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en þær geta falist í því að:
- .1 koma á viðbótarhaftasvæðum innan hafnaraðstöðunnar nærri þeim stað þar sem váatvik á sér stað, eða þar sem aðsteðjandi ógn við siglingavernd er talin vera, þar sem aðgangur er bannaður og
 - .2 undirbúa leit á haftasvæði sem hluta af leit í allri hafnaraðstöðunni eða á hluta hennar.

Meðhöndlun farms

- 16.30 Með verndarráðstöfunum í tengslum við meðhöndlun farms ætti að leitast við að:
- .1 koma í veg fyrir að hrólflað sé við honum og
 - .2 koma í veg fyrir að farmur, sem ekki er ætlaður til flutnings, sé samþykktur og geymdur innan hafnaraðstöðunnar.

- 16.31 Verndarráðstafanir ættu að fela í sér eftirlit í tengslum við birgðir við aðgönguleiðir að hafnaraðstöðunni. Þegar farmur er kominn inn á svæði hafnaraðstöðunnar ætti að auðkenna hann þannig að ljóst sé að hann hafi verið skoðaður og samþykktur til lestunar um borð í skip eða til tímabundinnar geymslu á hafnarsvæði meðan hann bíður lestunar. Nauðsynlegt kann að vera að takmarka flutning farms inn á svæði hafnaraðstöðunnar ef hann hefur ekki fengið staðfestan lestunardag.

Vástig 1

- 16.32 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að tilgreina þær verndarráðstafanir sem beita ber við meðhöndlun farms en í þeim kann að felast:

- .1 kerfisbundin athugun á farmi, farmflutningseiningum og farmgeymslusvæðum innan hafnaraðstöðunnar áður en meðhöndlun farms hefst og meðan á henni stendur,
- .2 eftirlit til að tryggja að farmur sem kemur inn í hafnaraðstöðuna sé í samræmi við afhendingarseðil eða önnur jafngild farmskjöl,
- .3 leit í ökutækjum og
- .4 athugun á innsiglium og aðrar aðferðir sem beitt er til að koma í veg fyrir að hróflað sé við farmi þegar hann kemur inn á svæði hafnaraðstöðunnar og eftir að hann hefur verið settur í geymslu á svæði hafnaraðstöðunnar.

- 16.33 Farm má athuga með nokkrum eða öllum eftirfarandi aðferða:

- .1 sjónrænni og áþreifanlegri skoðun og
- .2 með notkun búnaðar til skönnunar/greiningar, vélræns búnaðar eða hunda.

- 16.34 Ef um er að ræða reglulegar eða endurteknar hreyfingar á farmi má verndarfulltrúi útgerðarfélags eða verndarfulltrúi skips, í samráði við hafnaraðstöðu, samþykkja fyrirkomulag farmflytjanda eða annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir slíkum farmi, sem felur í sér eftirlit utan svæðisins, innsiglium, áætlunargerð, fylgiskjöl o.s.frv. Tilkynna ætti slíka tilhögun til viðkomandi verndarfulltrúa hafnar og fá samþykki hans.

Vástig 2

- 16.35 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um auknar verndarráðstafanir sem beita ber við meðhöndlun farms til að auka eftirlit en í þeim kann að felast:

- .1 nákvæm athugun á farmi, farmflutningseiningum og farmgeymslusvæðum innan hafnaraðstöðunnar,
- .2 nákvæmar athuganir, eftir því sem við á, til að tryggja sé að aðeins skjalfestur farmur komi inn á svæði hafnaraðstöðunnar, sé geymdur þar tímabundið og síðan lestaður um borð í skip,
- .3 nákvæmari leit í ökutækjum og
- .4 tíðari og ítarlegri athuganir á innsiglium og aðrar aðferðir til að koma í veg fyrir að hróflað sé við farmi.

- 16.36 Farm má kanna ítarlega með nokkrum eða öllum eftirfarandi aðferða:

- .1 fjölga skoðunum á farmi, farmflutningseiningum og farmgeymslusvæðum innan hafnaraðstöðunnar og gera þær nákvæmari (sjónræn og áþreifanleg skoðun),
- .2 auka tíðni notkunar á búnaði til skönnunar/greiningar, vélrænum búnaði eða hundum og
- .3 samræma með farmsendanda eða öðrum ábyrgum aðila eflingu verndarráðstafana til viðbótar við fyrirframákveðið samkomulag og verklagsreglur.

Vástig 3

- 16.37 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðstoðjandi ögn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en þær geta falist í því að:

- .1 takmarka eða stöðva hreyfingar á farmi eða starfsemi innan allrar hafnaraðstöðunnar eða hluta hennar eða í tilteknum skipum og
- .2 staðfesta skrá yfir hættulegan varning og hættuleg efni á svæði hafnaraðstöðunnar og staðsetningu þeirra.

Afhending á vistum skips

- 16.38 Verndarráðstafanir sem tengjast afhendingu á vistum skips ættu að felast í því að:
1. sjá til þess að vistir skips séu skoðaðar og kanna hvort umbúðir séu órofnar,
 2. koma í veg fyrir að tekið sé við vistum skips án skoðunar,
 3. koma í veg fyrir að hróflað sé við þeim,
 4. koma í veg fyrir að tekið sé við vistum skips nema þær hafi verið pantaðar,
 5. tryggja að leitað sé í ökutækjum sem koma með sendingar og
 6. tryggja að ökutæki sem koma með sendingar njóti fylgdar innan hafnaraðstöðunnar.
- 16.39 Að því er varðar skip, sem nota hafnaraðstöðuna reglulega, kann að vera rétt að setja verklagsreglur sem varða skipið, birgja þess og hafnaraðstöðuna og taka til tilkynninga og tímasetninga vörusendinga og skjala tengdum þeim. Ávallt ætti að vera unnt að staðfesta að vistum, sem afhentar eru, fylgi sönnunargögn um að skipið hafi í raun pantað þær.

Vástig 1

- 16.40 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að tilgreina þær verndarráðstafanir sem viðhafa skal til að hafa eftirlit með afhendingu vista skips og sem gætu falið í sér:
1. athugun á vistum skips,
 2. fyrirfram tilkynningu um innihald vista, upplýsingar um bílstjóra og skráningarnúmer ökutækis og
 3. leit í ökutæki sem kemur með sendingu.
- 16.41 Vistir skips má athuga með nokkrum eða öllum eftirfarandi aðferða:
1. sjónrænni og áþreifanlegri skoðun og
 2. notkun búnaðar til skönnunar/greiningar, vélræns búnaðar eða hunda.

Vástig 2

- 16.42 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að kveða á um að beitt sé auknum verndarráðstöfunum til að efla eftirlit með afhendingu vista skips og sem gætu falið í sér:
1. nákvæma athugun á vistum skips,
 2. nákvæma leit í ökutækjum sem koma með sendingar,
 3. samhæfingu við starfslíð skipsins til að ganga úr skugga um að pöntun sé í samræmi við afhendingarseðil áður en hún kemur inn í hafnaraðstöðuna og
 4. að tryggja að ökutæki sem koma með sendingar njóti fylgdar innan hafnaraðstöðunnar.
- 16.43 Vistir skips má athuga ítarlega með nokkrum eða öllum eftirfarandi aðferða:
1. auka tíðni og nákvæmni leitar í ökutækjum sem koma með sendingar,
 2. auka notkun búnaðar til skönnunar/greiningar, vélræns búnaðar eða hunda og
 3. takmarka eða banna innkomu vista sem munu ekki fara út fyrir hafnaraðstöðuna innan tiltekins tíma.

Vástig 3

- 16.44 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ögn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en það getur falist í því að undirbúa takmörkun eða stöðvun á afhendingu vista til skips innan allrar hafnaraðstöðunnar eða hluta hennar.

Meðhöndlun fylgdarlauss farangurs

- 16.45 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um verndarráðstafanir sem beita ber til að tryggja að borin séu kennsl á fylgdarlausan farangur (þ.e. farangur, þ.m.t. persónulegar eigur, sem fylgir ekki farþega eða starfsmanni skipsins á skoðunar- eða leitarstað) og hann tekinn til viðeigandi skimunar, þ.m.t. leit, áður en heimilt verður að fara með hann inn í hafnaraðstöðuna og, eftir því hvernig geymslufyrirkomulagið er, áður en hann er fluttur milli hafnaraðstöðunnar og skipsins. Ekki er gert ráð fyrir að bæði þurfi að skima slíkan farangur af hálfu hafnaraðstöðu og skips og í þeim tilvikum þar sem báðir aðilar hafa viðeigandi búnað ætti ábyrgðin á skimuninni að vera hjá hafnaraðstöðunni. Náð samstarf við skipið er mikilvægt og grípa ætti til aðgerða til að tryggja að fylgdarlaus farangur sé meðhöndlaður með öruggum hætti eftir skimun.

Vástig 1

- 16.46 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að kveða á um að gerðar séu verndarráðstafanir þegar fylgdarlaus farangur er meðhöndlaður til að tryggja að allt að 100% hans gangist undir skimun eða leit og í því kann að felast gegnumlýsing.

Vástig 2

- 16.47 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að kveða á um að gerðar séu auknar verndarráðstafanir þegar fylgdarlaus farangur er meðhöndlaður og í því ætti að felast 100% gegnumlýsing alls fylgdarlauss farangurs.

Vástig 3

- 16.48 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ögn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánu samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en þær geta falist í því að:

- .1 skylda slíkan farangur til frekari skimunar, t.d. gegnumlýsingar frá a.m.k. tveimur hliðum,
- .2 undirbúa takmörkun eða stöðvun á meðhöndlun fylgdarlauss farangurs og
- .3 neita að taka við fylgdarlausum farangri inn í hafnaraðstöðuna.

Eftirlit með vernd hafnaraðstöðunnar

- 16.49 Verndaraðili hafnaraðstöðu ætti að vera fær um að vakta hafnaraðstöðu og næstu aðkomuleiðir frá sjó og landi öllum stundum, þ.m.t. að nóttu til og í takmörkuðu skyggni, haftasvæði innan hafnaraðstöðunnar, skip sem nota hafnaraðstöðuna og svæði umhverfis skip. Slík vöktun getur falið í sér að beita:

- .1 lýsingu,
- .2 öryggisvörðum, þ.m.t. eftirlitsferðum gangandi manna, ökutækja eða báta, og
- .3 sjálfvirkum tækjum til að skynja innbrot og eftirlitsbúnaði.

- 16.50 Þegar sjálfvirkum tækjum til að skynja innbrot er beitt ættu þau að virkja heyrnlega og/eða sjónræna viðvörðun á stað sem er stöðugt mannaður eða vaktaður.

- 16.51 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um verklagsreglur og búnað sem krafist er á hverju vástigi og aðferðir til að tryggja að vöktunarbúnaður sé sívirkur, þ.m.t. mat á hugsanlegum áhrifum veðurs eða rafmagnstruflana.

Vástig 1

- 16.52 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 1 gildir, að kveða á um verndarráðstafanir sem mega samanstanda af lýsingu, öryggisvörðum eða öryggis- og eftirlitsbúnaði svo verndarstarfsliði hafnaraðstöðunnar geti:

- .1 haft almennt yfirlit yfir hafnaraðstöðuna, þ.m.t. aðgang að henni frá landi og sjó,
- .2 fylgst með aðgönguleiðum, hindrunum og haftasvæðum og
- .3 heimilað verndarstarfsliði hafnaraðstöðu að vakta svæði og hreyfingar næst skipum sem nota hafnaraðstöðuna, þ.m.t. að auka lýsingu frá skipinu sjálft.

Vástig 2

16.53 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti, þegar vástig 2 gildir, að vera kveðið á um auknar verndarráðstafanir sem beita ber til að efla vöktunar- og eftirlitsgetu en í þeim kann að felast það að:

- .1 auka umfang og styrk lýsingar og eftirlitsbúnaðar, þ.m.t. að sjá fyrir viðbótarlýsingu og -umfangi eftirlits,
- .2 fjölga eftirlitsferðum gangandi manna, ökutækja eða báta og
- .3 skipa viðbótarverndarstarfslið til vöktunar og eftirlitsferða.

Vástig 3

16.54 Þegar vástig 3 gildir ætti hafnaraðstaðan að fylgja fyrirmælum frá þeim sem bregðast við váatviki eða aðsteðjandi ógn. Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að tilgreina nákvæmlega þær verndarráðstafanir sem unnt er að gera af hálfu hafnaraðstöðunnar í nánú samstarfi við viðbragðsaðila og skipin í hafnaraðstöðunni en þær geta falist í því að:

- .1 kveikja á allri lýsingu innan hafnaraðstöðunnar eða lýsa upp svæði í nánd við hana,
- .2 kveikja á öllum eftirlitsbúnaði sem notaður er til að taka upp athafnir innan eða nálægt hafnaraðstöðunni og
- .3 hámarka upptökutíma slíks eftirlitsbúnaðar.

Mismunandi vástig

16.55 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um verklagsreglur og verndarráðstafanir sem hafnaraðstaðan gæti beitt ef innan hennar gildir lægra vástig en það sem gildir í skipi.

Athafnir sem kóðinn nær ekki til

16.56 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um upplýsingar um þær verklagsreglur og verndarráðstafanir sem hafnaraðstaðan ætti að gripa til þegar:

- .1 tengsl eiga sér stað við skip sem hefur verið í höfn ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki sammingsríkisstjórn,
- .2 tengsl eiga sér stað við skip sem þessi kóði nær ekki til og
- .3 tengsl eiga sér stað við fasta eða fljótandi borpalla eða færanlega borpalla á sjó á staðnum.

Yfirlýsingar um siglingavernd

16.57 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um verklagsreglur sem fylgja ber þegar verndarfulltrúi hafnar fer fram á, að fyrirmælum sammingsríkisstjórnar, yfirlýsingu um siglingavernd og ef skip fer fram á slíka yfirlýsingu.

Úttekt, endurskoðun og breytingar

16.58 Í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu ætti að kveða á um hvernig verndarfulltrúi hafnar hyggst gera úttekt á áframhaldandi skilvirkni verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu og hvaða verklagsreglum skuli fylgt við að endurskoða, uppfæra eða breyta verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu.

16.59 Verndarfulltrúi hafnar ætti að taka ákvörðun um endurskoðun verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu. Að auki ætti að endurskoða hana:

- .1 ef áhættumati fyrir hafnaraðstöðuna er breytt,
- .2 ef fram kemur við sjálfstæða úttekt á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu eða við prófun sammingsríkisstjórnar á verndaraðila hafnaraðstöðunnar misbrestir hjá verndaraðilanum eða ef spurningar vakna um áframhaldandi þýðingu mikilvægra þátta samþykkrar verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu,
- .3 í kjölfar váatvika eða aðsteðjandi ógnar þar sem hafnaraðstaðan á í hlut og
- .4 í kjölfar eigendaskipta eða breytinga á rekstrarstjórn hafnaraðstöðunnar.

- 16.60 Verndarfulltrúi hafnar getur lagt til viðeigandi breytingar á samþykktri áætlun að undangenginni hvers kyns endurskoðun hennar. Breytingar á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, sem tengjast:

- .1 breytingartillögum sem gætu í grundvallaratriðum breytt þeim aðferðum sem beitt er til að viðhalda vernd innan hafnaraðstöðunnar og
- .2 brottflutningi, breytingum eða endurnýjun varanlegra hindrana, verndar- eða eftirlitsbúnaðar og -kerfa o.þ.h. sem áður var talinn mikilvægur til að viðhalda vernd innan hafnaraðstöðunnar,

ætti að leggja fyrir samningsríkisstjórnina, sem samþykkti upprunalegu verndaráætlunina fyrir hafnaraðstöðuna, til umfjöllunar og samþykktar. Slíkt samþykki má veita af hálfu eða fyrir hönd samningsríkisstjórnar með eða án breytinga sem lagðar voru til. Við samþykkt verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu ætti samningsríkisstjórn að tilgreina hvaða breytingar á verklagsreglum eða aðrar áþreifanlegar breytingar þurfi að leggja fram til samþykktar.

Samþykkt verndaráætlana fyrir hafnaraðstöðu

- 16.61 Viðkomandi samningsríkisstjórn þarf að samþykkja verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu og ætti hún að koma á viðeigandi verklagsreglum sem kveða á um:

- .1 að verndaráætlanir fyrir hafnaraðstöðu séu lagðar fyrir hana,
- .2 umfjöllun verndaráætlana fyrir hafnaraðstöðu,
- .3 samþykkt verndaráætlana fyrir hafnaraðstöðu, með eða án breytinga,
- .4 umfjöllun breytinga sem lagðar eru fram eftir samþykki og
- .5 verklagsreglur um skoðun eða úttekt á því hvort samþykkt verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu eigi áfram við.

Á öllum stigum ætti að gripa til aðgerða til að tryggja að trúnaðar sé ávallt gætt um innihald verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu.

Yfirlýsing um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd

- 16.62 Samningsríkisstjórn, sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem hafnaraðstaða er staðsett, getur gefið út viðeigandi yfirlýsingu um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd þar sem fram kemur eftirfarandi:

- .1 hafnaraðstaðan,
- .2 að hafnaraðstaðan samrýmist ákvæðum kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða,
- .3 gildistími yfirlýsingar um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd sem samningsríkisstjórnir ættu að tilgreina en ætti ekki að vera lengri en fimm ár og
- .4 tilhöggun við síðari sannprófanir sem samningsríkisstjórn kemur á og staðfesting á því hvenær þær fara fram.

- 16.63 Yfirlýsing um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd ætti að vera á því formi sem sett er fram í viðbætinum við þennan hluta kóðans. Ef notað er annað tungumál en enska, franska eða spænska getur samningsríkisstjórn, álitit hún það viðeigandi, einnig láta fylgja með þýðingu á eitthvert þessara tungumála.

17. VERNDARFULLTRÚI HAFNAR

Almennt

- 17.1 Í undantekningartilvikum þegar verndarfulltrúi skips hefur spurningar fram að færa um gildi auðkennisskrteina þeirra sem leita eftir því að komast um borð í skipið í opinberum tilgangi ætti verndarfulltrúi hafnar að aðstoða við það.
- 17.2 Verndarfulltrúi hafnar ætti ekki að bera ábyrgð á kerfisbundinni staðfestingu á deili þeirra sem leita eftir því að komast um borð í skipið.

Auk þess er aðrar leiðbeiningar, sem máli skipta, að finna í 15., 16. og 18. lið.

18. KENNSLA, ÞJÁLFUN OG ÆFINGAR Á SVIÐI VERNDAR HAFNARADSTÖÐU

Kennsla

- 18.1 Verndarfulltrúi hafnar ætti að kunna skil á og hljóta kennslu í sumum eða öllum eftirtalinna þátta, eftir því sem við á:
- .1 verndarstjórnun,
 - .2 viðeigandi alþjóðasamningum, kóðum og tilmælum,
 - .3 viðeigandi innanlandslöggjöf og reglugerðum,
 - .4 ábyrgðarsviðum og starfsemi annarra verndaraðila,
 - .5 aðferðafræði við gerð áhættumats fyrir hafnaraðstöðu,
 - .6 aðferðum við verndarkannanir og –skoðanir á skipum og hafnaraðstöðu,
 - .7 rekstri skipa og hafna og forsendum sem liggja þar að baki,
 - .8 verndarráðstöfunum skipa og hafnaraðstöðu,
 - .9 neyðarviðbúnaði og neyðarviðbrögðum og gerð viðbragðsáætlana,
 - .10 kennslutækni til að beita við verndarþjálfun og -menntun, þ.m.t. verndarráðstafanir og verklagsreglur,
 - .11 meðhöndlun viðkvæmra upplýsinga og boðskiptum á sviði siglingaverndar,
 - .12 þekkingu á rikjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
 - .13 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .14 kunnáttu í að þekkja, án mismununar, einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna öryggi,
 - .15 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
 - .16 verndarbúnaði og –kerfum og takmörkunum þeirra í notkun,
 - .17 aðferðum við úttektir, skoðanir, eftirlit og vöktun,
 - .18 aðferðum við handvirka leit og kannana án röskunar,
 - .19 þjálfun og æfingum á sviði siglingaverndar, þ.m.t. í tengslum við skip, og
 - .20 mati á þjálfun og æfingum á sviði siglingaverndar.
- 18.2 Starfslið hafnaraðstöðu með sérhæfðar verndarskyldur ætti að kunna skil á og hljóta kennslu í sumum eða öllum eftirtalinna þátta, eftir því sem við á:
- .1 þekkingu á rikjandi ógn við siglingavernd og mynstri þar að lútandi,
 - .2 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .3 kunnáttu í að þekkja einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna vernd,
 - .4 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir,
 - .5 stjórn og stjórnunartækni þegar um er að ræða stóra hópa fólks,
 - .6 boðskiptum á sviði siglingaverndar,
 - .7 starfsemi verndarbúnaðar og –kerfa,
 - .8 prófun, kvörðun og viðhald á verndarbúnaði og –kerfum,
 - .9 skoðunar-, eftirlits- og vöktunartækni og
 - .10 aðferðum við handvirka leit á fólki, í persónulegum eigum, farangri, farni og vistum skips.

- 18.3 Allt annað starfslið hafnaraðstöðu ætti að kunna skil á og þekkja til hlítar viðeigandi ákvæði í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu hvað varðar sumu eða alla af eftirtöldum þáttum, eftir því sem við á:
- .1 merkingu hinna ýmsu vástiga og hvaða kröfur liggja þar að baki,
 - .2 þekkingu í að bera kennsl á og finna vopn, hættuleg efni og tæki,
 - .3 kunnáttu í að þekkja einkenni og hegðunarmynstur einstaklinga sem líklegir eru til að ógna öryggi og
 - .4 tækni sem beitt er til að sniðganga verndarráðstafanir.

Þjálfun og æfingar

- 18.4 Markmið þjálfunar og æfinga er að tryggja að starfslið hafnaraðstöðu kunni góð skil á öllum verndarskyldum sem þeim er falið á öllum vástigum og geti greint hvers kyns anmarka á siglingavernd sem nauðsynlegt er að taka á.
- 18.5 Til að tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða verndaráætlunar hafnaraðstöðu ætti þjálfun að fara fram á þriggja mánaða fresti hið minnsta nema sérstakar kringumstæður mæli gegn því. Í slíkri þjálfun ætti að prófa einstaka þætti áætlunarinnar, s.s. þá mismunandi ógn við siglingavernd sem talin er upp í málsgrein 15.11.
- 18.6 Hinar ýmsu æfingar, sem verndarfulltrúi hafnar kann að taka þátt í ásamt viðeigandi yfirvöldum samningsríkisstjórna, verndarfulltrúum útgerðarfélaganna eða verndarfulltrúum skipa, séu þeir til staðar, ættu að fara fram a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári en þó mega aldrei líða meira en 18 mánuðir á milli æfinga. Þegar óskað er eftir þátttöku verndarfulltrúa útgerðarfélaganna eða verndarfulltrúa skipa í sameiginlegum æfingum ætti að hafa í huga hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir skipið með tilliti til verndar og starfsemi þess. Æfingunum er ætlað að prófa boðskipti, samhæfingu, hvort tilföng séu fyrir hendi og viðbrögð. Þessar æfingar geta verið:
- .1 verklegar viðbragðsæfingar,
 - .2 skrifborðsæfingar með hjálp hermis eða í námskeiðsformi eða
 - .3 samhlíða öðrum æfingum sem haldnar eru, s.s. æfingum í viðbúnaði í neyðartilvikum eða æfingum annarra hafnaríkisyfirvalda.
19. Sannprófun og útgáfa skirteina fyrir skip
- Engar frekari leiðbeiningar.*

Viðbætur við B-hluta

1. viðbætur

Eyðublað fyrir yfirlýsingu um siglingavernd milli skips og hafnaraðstöðu ⁽¹⁾

YFIRLÝSING UM SIGLINGAVERND

Nafn skips:	
Heimahöfn:	
IMO-númer:	
Heiti hafnaraðstöðu:	

Þessi yfirlýsing um siglingavernd gildir frá til, að því er varðar eftirfarandi starfsemi

(teljið upp starfsemi ásamt viðeigandi upplýsingum)

þegar eftirtalin vástig gilda

Vástig fyrir skipið:	
Vástig fyrir hafnaraðstöðuna:	

Hafnaraðstaðan og skip koma sér saman um eftirtaldar verndarráðstafanir og skyldur til að tryggja að farið sé að kröfum A-hluta alþjóðakóðans um vernd skipa og hafnaraðstöðu.

Starfsemi	Áritun upphafsstafa verndarfulltrúa skips eða verndarfulltrúa hafnar í þessa dálka gefur til kynna að starfsemin muni fara fram í samræmi við samþykktu áætlun sem við á af hálfu	
	Hafnaraðstöðunnar:	Skipsins:
Tryggja að öllum verndarskyldum sé fullnægt		
Vakta haftasvæði til að tryggja að einungis einstaklingar er hafa til þess heimild fái þar aðgang		
Stýra aðgangi að hafnaraðstöðunni		
Stýra aðgangi um borð í skip		
Vöktun á hafnaraðstöðunni, þ.m.t. viðlegukantar og næsta umhverfi skipsins		
Vöktun skipsins, þ.m.t. viðlegukantar og næsta umhverfi skipsins		
Meðhöndlun farms		
Afhending á farmi skips		
Meðhöndlun fylgdarlauss farangurs		
Eftirlit með fólki sem fer um borð og eigum þess		
Tryggja að boðskiptaleiðir sem varða siglingavernd séu virkar og tiltækar milli skips og hafnaraðstöðu		

⁽¹⁾ Þetta eyðublað fyrir yfirlýsingu um siglingavernd er til nota milli skips og hafnaraðstöðu. Ef yfirlýsing um siglingavernd á að taka til tveggja skipa ætti að breyta þessari fyrirmynd með viðeigandi hætti.

Þeir sem undirrita þennan samning staðfesta að verndarráðstafanir og tilhögun bæði í hafnaraðstöðunni og skipinu á meðan tilgreind starfsemi fer fram sé í samræmi við ákvæði kafla XI-2 og A-hluta kóðans sem verður hrint í framkvæmd í samræmi við ákvæðin sem þegar hefur verið mælt fyrir um í samþykktri áætlun þeirra eða í hinni sértæku tilhögun sem samþykkt hefur verið og tilgreind er í viðaukanum sem fylgir.

Staður: dagsetning:

Undirritað fyrir og fyrir hönd

hafnaraðstöðunnar:	skipisins:
<i>(Undirskrift verndarfulltrúa hafnar)</i>	<i>(Undirskrift skipstjóra eða verndarfulltrúa skips)</i>

Nafn og titill einstaklings sem skrifaði undir

Nafn:	Nafn:
Titill:	Titill:

Tengiupplýsingar

(fyllið út eftir því sem við á)

(tilgreinið símanúmer eða talstöðvarrás eða tónisvið sem nota skal)

fyrir hafnaraðstöðuna:	fyrir skipið:
Hafnaraðstaða	Skipstjóri
Verndarfulltrúi hafnar	Verndarfulltrúi skips
	Útgerðarfélag
	Verndarfulltrúi útgerðarfélags

Nr. 474

25. apríl 2007

2. viðbætur

Eyðublað fyrir yfirlýsingu um að hafnaraðstaða uppfylli kröfur um siglingavernd

YFIRLÝSING UM AÐ HAFNARAÐSTADA UPPFYLLI KRÖFUR UM SIGLINGAVERND

(Kennimerki opinbers aðila)

(Ríki)

Númer yfirlýsingar

Gefið út samkvæmt ákvæðum B-hluta

ALÞJÓÐAKÓÐA UM VERND SKIPA OG HAFNARAÐSTÖÐU (ISPS-KÓÐANS)

Ríkisstjórn

(*heiti ríkis*)

Heiti hafnaraðstöðunnar:

Heimilisfang hafnaraðstöðunnar:

ÞAD VOTTAST HÉR MED að sannprófað hefur verið að þessi hafnaraðstaða er í samræmi við ákvæði kafla XI-2 og A-hluta alþjóðakóðans um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðans) og að hún starfar í samræmi við samþykktu verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu. Þessi áætlun hefur verið samþykkt með tilliti til eflifarandi <tilgreina ber tegund reksturs, tegundir skipa eða starfsemi eða aðrar viðeigandi upplýsingar> (strikið yfir það sem á ekki við):

Farþegaskip

Háhraðafarþegafar

Háhraðaflutningafar

Oliuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip

Færanlegir borpallar á sjó_x

Flutningaskip önnur en þau sem getið er hér að framan

Þessi samræmisyfirlýsing gildir til....., með fyrirvara um sannprófun (eins og tilgreint er á bakhlið)

Gefið út í

(*Útgáfustaður yfirlýsingar*)

Útgáfudagur

.....
(*Undirskrifti tilnefnds fulltrúa stjórnvalds sem gefur skjalið út*)

.....
(*Kennimerki eða stimpill yfirvaldsins sem gefur skjalið út, eftir því sem við á*)

ÁRITUN UM SANNPÓFUND

Ríkisstjórn <setjið inn nafn ríkis> hefur ákveðið að gildi þessarar samræmisýfirlýsingar skuli vera háð <setjið inn viðeigandi upplýsingar um sannpófanirnar (t.d. lögboðna árlega sannpófun eða óreglubundnar sannpófanir)>.

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að við sannpófun, sem fram fór í samræmi við málsgrein B/16.62.4 í ISPS-kóðanum, kom í ljós að hafnaraðstaðan uppfyllti viðeigandi ákvæði kafla XI-2 sammingsins og A-hluta ISPS-kóðans.

1. SANNPÓFUND

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

2. SANNPÓFUND

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

3. SANNPÓFUND

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

4. SANNPÓFUND

Undirskrift:
(Undirskrift fulltrúa stjórnvalds)

Staður:

Dagsetning:“